# FRÉTTABLAÐIÐ

228. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 30. SEPTEMBER 2015




**Fá ekki inni í skóla** Systkinin Janie, Petrit og Laura komu til Íslands frá Albaníu í byrjun júní. Þau hafa stöðu hælisleitenda en fá ekki að ganga í skóla. Útlendingastofnun sótti ekki um skólavist fyrir systkinin þrátt fyrir ítrekaðar áminningar til stofnunarinnar um þau mannréttindi þeirra. Hér standa þau í Laugalækjarskóla sem er í hverfinu þeirra. Sjá bls 4 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hefur enga trú á að flugvellir loki þrátt fyrir fjárskort Isavia

**Í minnisblaði Isavia til innanríkisráðuneytis segir að sex flugvellir séu líklegir til að loka vegna fjárskorts.**

**SAMGÖNGUR** Hörður Guðmundsson, forstjóri flugfélagsins Ernis, hefur fulla trú á því að fjárframlög til innanlandsflugs aukist í meðförum fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Það hafi gerst á síðasta ári og muni gerast aftur.

Þetta kemur fram í viðtali við Hörð í Markaðnum í dag. Isavia hefur sent innanríkisráðuneytinu minnisblað þess efnis að ef niðurskurður um 516,5 milljónir nái fram að ganga muni ástand Húsavíkurflugvallar fara fram yfir öryggismörk. „Eins og gefur að skilja er flugbrautum lokað fari ástand þeirra fram yfir öryggismörk,“ segir í minnisblaðinu.

Búið er að festa kaup á nauðsynlegum ljósabúnaði fyrir Húsavíkurflugvöll, svo hægt sé að lenda og taka á loft í myrkri, en Isavia heldur því fram að fjármagn vanti í jarðvegsvinnu til að koma honum upp. Núverandi búnaður gangi úr sér næsta sumar.

Flugfélagið Ernir er eina flugfélagið sem flýgur áætlunarflug til Húsavíkur. Mikil ásókn er í flugið en farnar eru fjórtán ferðir á viku á milli Húsavíkur og Reykjavíkur og búist er við að þeim fjölgi í tuttugu á næsta ári.

Hörður segir allt tal Isavia um að loka flugvellinum vera aðgerð til að fá hagsmunaaðila í lið með sér að þrýsta á stjórnvöld um aukið framlag til fyrirtækisins. Hann er sannfærður um að fjármálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið muni ekki þola að þessi samgönguþáttur verði lagður niður. Í fyrra hafi 500 milljónir verið teknar af Keflavíkurflugvelli og lagðar í innanlandsflugið.

„Af því að það er ekkert hægt að skera allt innanlandsflug og allar framkvæmdir og þjónustu og viðhald af innanlandsfluginu algjörlega niður. Það gengur ekkert upp,“ segir hann.

Og þetta virðist ætla að rætast. Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, segir fjarstæðukennt að loka vellinum og hyggst halda fund með þingmönnum kjördæmisins í komandi kjördæmaviku til að ræða málin. Hann gefur sér sömuleiðis að settir verði fjármunir í að viðhalda flugvellinum.

Samkvæmt minnisblaði Isavia eru fleiri flugvellir í hættu á að lokast vegna öryggismarka. Flugvöllurinn Stóri-Kroppur í Borgarfirði, flugvellirnir á Borgarfirði eystri, Breiðdalsvík, Reykhólum og Skógarsandi eru allir taldir stefna að öryggismörkum á næsta ári. Þessir vellir eru notaðir í einka-, æfinga- og kennsluflug. Loki þeir mun álag á Reykjavíkurflugvöll aukast, segir í minnisblaðinu.

– jhh, sa / sjá Markaðinn

**Framlag ríkisins til viðhalds flugvalla skv. Isavia**




> **Það er ekkert hægt að skera allt innanlandsflug og allar framkvæmdir og þjónustu og viðhald af innanlandsfluginu algjörlega niður. Það gengur ekkert upp.**
>
> Hörður Guðmundsson, forstjóri flugfélagsins Ernis

### Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** Hilmar Sigurðsson þarf að flytja milljarð til Íslands.

**SKOÐUN** Svandís Svavarsdóttir spyr um nýja aðgerðaáætlun. 10-11

**SPORT** Alfreð skoraði sigurmarkið á Emirates. 14

**LÍFIÐ** Vegglistaverk taka á sig mynd um alla borg. 23-26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **HJÁLPIN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**Hjálpin, fréttablað Rauða krossins fylgir blaðinu í dag.**




Rauði krossinn

## Veður



**Í dag** tekur stíf suðvestanátt við með skúrum fyrir sunnan og vestan, en úrkomulítið austan til. Hiti 6 til 13 stig.

SJÁ SÍÐU 18



**Mikill hiti var í félögum SFR, SLFÍ og LL á baráttufundi í Háskólabíói fyrr í þessum mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# SLFÍ og SFR samþykkja verkföll

**KJARAMÁL** „Fram undan eru verkföll,“ segir í frétt á vef SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu, um niðurstöður atkvæðagreiðslu félagsins og Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) um verkfallsaðgerðir.

Kosningu lauk í hádeginu í gær og lágu niðurstöður fyrir upp úr klukkan tvö. Aðgerðirnar voru samþykktar með 85,15 prósentum atkvæða hjá SFR og 90,9 prósentum hjá sjúkraliðum. „Alls tóku 63,81 prósent félagsmanna SFR þátt í atkvæðagreiðslunni og 69,8 prósent hjá Sjúkraliðafélaginu.“

Boðaðar aðgerðir hefjast 15. október hafi ekki samist fyrir þann tíma. Mestur þungi boðaðra aðgerða félaganna er hjá Landspítalanum, Ríkisskattstjóra, sýslumannsembættunum og Tollstjóra.

Rúm vika er síðan fundað var í kjaradeilu félaganna við ríkið og enginn fundur boðaður, að því er fram kemur á vef SRF. Auk SFR og SLFÍ tekur Landssamband lögreglumanna þátt í samningaviðræðum við ríkið, en félögin eru þrjú stærstu félög BSRB. – óká

**90,9%**

**sjúkraliða og 85,2 prósent félaga SFR hafa samþykkt boðaðar verkfallsaðgerðir.**

# Gera við flóðljós á Laugardalsvelli



**Klifrað í ljósum** Það er greinilegt að þessir tveir starfsmenn eru ekki lofthræddir. Þeir eru að gera við flóðljós á Laugardalsvelli, sem eru tiltölulega ný en þau voru sett upp í sumar til þess að mæta kröfum UEFA um flóðlýsingu á landsleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Lars Christensen pistlahöfundur í Markaðnum

**EFNAHAGSMÁL** „Hagkerfi Kína og Bandaríkjanna eru einfaldlega of ólík til þess að hægt sé að viðhalda föstu gengi á milli renminbi og dollars,“ segir Lars Christensen, alþjóðahagfræðingur og stofnandi ráðgjafarfyrirtækisins Markets & Money Advisory.

Lars, sem er fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank, er nýr pistlahöfundur Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál. Hann mun skrifa vikulega pistla um alþjóðlega hagfræði en einnig málefni sem tengjast Íslandi sérstaklega.

Fyrsti pistill Lars fjallar um óróann á kínverskum mörkuðum. Hann segir að svo virðist sem nú sé komin ró, en veltir fyrir sér rótum vandans. – jhh

# Langt hlé gæti þýtt að hlaupið verði stórt

**Skaftárhlaup er hafið. Fimm ár eru liðin frá síðasta hlaupi í Eystri-Skaftárkatli.**

**NÁTTÚRA** Skaftárhlaup er hafið og er búist við að flóðavatnið nái undan jökli seint á morgun eða á fimmtudag. Sagan kennir að búast megi við stóru flóði. Aldrei hefur áður liðið svo langur tími á milli flóða úr Eystri-Skaftárkatli.

Snorri Zóphóníasson, hjá Veðurstofu Íslands, segir að íshellan yfir katlinum í vestanverðum Vatnajökli hafi tekið að síga hratt um miðnætti aðfaranótt sunnudags. Þó svo að Skaftá sé enn eins og hún á að sér, geti ekkert skýrt fallið í jöklinum annað en hlaup úr eystri katlinum. Hlaup úr honum var síðast í júní 2010, en þau eru alltaf mun stærri en þegar hleypur úr þeim vestari.

Snorri bendir á að fram til þessa hafi aldrei liðið lengri tími en 36 mánuðir á milli hlaupa úr eystri katlinum. Það þarf þó ekki að þýða að hlaupið verði óvenju stórt, heldur bendi frekar til þess að jarðhitavirkni undir jöklinum sé minni en löngum fyrr og vatnssöfnunin hafi því tekið lengri tíma en þekkt er til þessa. Íshellan hefur heldur ekki risið afgerandi mikið meira en fyrir fyrri hlaup.

„Við höfum undrast að vatnið skyldi ekki koma, satt að segja. En við höfum engin gögn um það að hlaupið verði stórt, en hins vegar hefur langt hlé til þessa þýtt stórt hlaup,“ segir Snorri sem bætir við að það sé hugsanlegt að meira vatn sé í katlinum en áður – ef hann er t.d. orðinn víðari en þekkt var áður.

Þegar hlaupaannáll er skoðaður má sjá að síðan 1955 hafa komið 25 hlaup úr Eystri-Skaftárkatli – langflest hafa þau verið töluvert yfir þúsund rúmmetrum á sekúndu í hámarksrennsli.

svavar@frettabladid.is



**Hlaup úr eystri katlinum eru stærri og koma sjaldnar en hlaup úr þeim vestari. Síðast hljóp úr katlinum í júní 2010.**

### Fólki getur stafað stórhætta af mengun

- Skaftárhlaup koma úr svokölluðum Skaftárkötlum í vestanverðum Vatnajökli við það að jarðhiti bræðir jökulinn. Bræðsluvatnið safnast saman undir jöklinum og hleypur fram þegar vatnsþrýstingur er orðinn svo hár að farg jökulsins nær ekki að halda aftur af því.
- Skaftárkatlar eru tveir og eru hlaup úr eystri katlinum iðulega stærri þó að hlaup úr vestari katlinum hafi stækkað á undanförnum árum.
- Skaftárhlaup eins og þau þekkjast nú hófust árið 1955 en til eru heimildir um eldri hlaup.
- Frá árinu 1955 hafa tæplega 50 jökulhlaup komið í Skaftá, sem jafngildir nær árlegu hlaupi að meðaltali.
- Hámarksrennsli í hlaupum úr eystri katlinum hefur mest orðið um 1.500 rúmmetrar á klukkustund. Skaftá getur því vaxið í stórfljót á innan við sólarhring.
- Í Skaftárhlaupum er mikil brennisteinsmengun í lofti nærri upptökum árinnar. Styrkur brennisteinsvetnis ($H_2S$) hefur mælst mjög hár við upptök Skaftár í hlaupum og getur fólki stafað stórhætta af.
- Samtals reyndust 29 vegarkaflar vera undir vatni eða í flóðahættu í Skaftárhlaupum árin 1995 og 2010.

*Heimild: Handbók um Skaftárhlaup; Viðbragðsáætlun*




NÁM Í TÖLVUVIÐGERÐUM

Næstu námskeið byrja 12. og 13. október

- Þetta vinsæla námskeið er fyrir þá sem vilja starfa við tölvuviðgerðir, uppfærslur og endurbætur.
- Námskeiðið er verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá CompTIA.
- Frábært skref inn í tækniheiminn.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS
ntv






# Lendir þú í biðröð í haust?

**Toyo harðskeljadekkin eru ekki nagladekk og mega fara undir bílinn strax!**

Eitt er öruggt; veturinn kemur og þegar hann kemur gerist það með hvelli. Flestir hafa nóg annað við tímann að gera en að standa í biðröðum. Notkun á Toyo harðskeljadekkjum er ekki bundin við ákveðnar dagsetningar og þau mega því fara undir bílinn strax.

Toyo harðskeljadekkin hafa fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Þau eru einstaklega gripsterk, hljóðlát og umhverfisvæn.

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK

# Börn hælisleitenda fá ekki skólavist

**Þau Laura fimmtán ára, Janie þrettán ára og Petrit níu ára komu til Íslands í byrjun júní. Þau spyrja foreldra sína daglega hvenær þau fái að fara í skóla. Útlendingastofnun sótti ekki um skólavist fyrir systkinin þrátt fyrir ítrekaðar áminningar um mannréttindi þeirra.**

Kristjana Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Út um stofugluggann sjá þau (f.v.) Janie, Petrit og Laura skóla hverfisins. Þau hafa þráspurt föður sinn hvenær þau geti byrjað í skóla. Útlendingastofnun sótti ekki um skólavist fyrir börnin þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir Hasans, umboðsmanns barna og lögmanns fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMFÉLAG** Þau sjá skólann út um stofugluggann í annars nærri tómri íbúð. Á hverjum degi spyrja systkinin Laura, Janie og Petrit foreldra sína hvenær þau megi fara í skólann. Þau komu með foreldrum sínum til Íslands þann 1. júní frá Albaníu með viðkomu í Þýskalandi.

Foreldrar þeirra, Hasan og Alketa, hafa sótt um hæli á Íslandi. Lögfræðingur fjölskyldunnar hefur ítrekað sent bréf til Útlendingastofnunar og minnt á mannréttindi barnanna sem eru að fá að ganga í skóla. „Nú er einn mánuður síðan skólinn byrjaði,“ segir Laura sem er elst. Hún er fimmtán ára gömul. Uppáhaldsfag hennar í skóla er líffræði. Janie og Petrit hafa gaman af ensku og stærðfræði. Í íbúðinni eru örfá húsgögn. Annað ekki. Ekki sjónvarp, bækur, tölva, persónulegir munir eða nokkuð til að dreifa huganum. Systkinin reyna að fara út á hverjum degi til að hafa eitthvað fyrir stafni, ganga um hverfið og fara með Petrit á róluvelli eða að skoða í búðum. „Við þekkjum hverfið mjög vel, þekkjum göturnar og helstu lágverðsverslanirnar.“

Einu sinni í viku fara þau í sund og þau hafa fengið að fara tvisvar sinnum í íslenskukennslu. „Það er alveg gaman þannig séð, en við erum með alls konar fólki, gömlu fólki líka. Það er svolítið skrítið,“ segir Janie og faðir þeirra segir kennsluna aðeins klukkustund í viku og geti varla talist uppfylla skólaskyldu barnanna auk þess sem það sé ekki nógu gott að íslenskukennsla barna og fullorðinna sé ekki aðgreind.

### Fullnýtt úrræði

Skúli Á. Sigurðsson, verkefnastjóri hælissviðs hjá Útlendingastofnun, segir hælisleitendur sem þiggja þjónustu stofnunarinnar ekki hafa greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaganna. „Útlendingastofnun hefur almennt litið svo á að börn hælisleitenda skuli fá að ganga í skóla hér á landi meðan hælisumsókn þeirra er til meðferðar, burtséð frá því hvort fólkið muni verða hér til framtíðar eða aðeins til skamms tíma. Hefur stofnunin leitast við að tryggja þetta í samvinnu við sveitarfélögin sem haft hafa þjónustu við hælisleitendur með höndum, Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg. Börn þeirra hælisleitenda sem njóta þjónustu sveitarfélaganna ganga í skóla á vegum viðkomandi sveitarfélags eins og önnur börn í umsjá þeirra. Aftur á móti hafa hælisleitendur sem þiggja þjónustu Útlendingastofnunar ekki sama greiða aðgang að þjónustu sveitarfélaganna.“



Þær Laura og Janie ættu með réttu að fá vist í Laugalækjarskóla og Petrit í Laugarnesskóla. Í staðinn hafa þau fundið sér eitthvað að gera í nágrenni skólans, farið í gönguferðir og heimsótt verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Umboðsmaður barna telur sérstaklega brýnt að tryggja að börn sem koma hingað til lands sem hælisleitendur fái menntun við hæfi, án tafar. Skólaganga skiptir miklu máli fyrir þroska barna og getur það haft neikvæðar afleiðingar í för með sér ef barn er utan skóla í vikur eða mánuði eftir komu sína til Íslands.**
>
> Úr bréfi Margrétar Maríu Sigurðardóttur, umboðsmanns barna



Skúli segir þjónustuúrræði sveitarfélaganna fullnýtt vegna mikils fjölda hælisleitenda og flóttamanna sem hefur komið til landsins undanfarið. Því hafi Útlendingastofnun tekið að sér þjónustu við hluta fólksins.

### Ekki sótt um skólavist

Í Reykjavíkurborg hefur verið samþykkt að taka á móti börnum í skóla þótt þau séu ekki komin með kennitölu. Það var samþykkt í nóvember í fyrra. En hvers vegna hafa þá systkinin Laura, Janie og Petrit ekki hafið skólagöngu sína í Reykjavík?

Frá Reykjavíkurborg fengust þau svör að það væri einfaldlega vegna þess að það hefði aldrei verið sótt um skólagöngu barnanna. Útlendingastofnun hefði ekki gert það. Þá sendi Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Útlendingastofnun bréf þann 9. september vegna systkinanna og fleiri barna hælisleitenda sem hafa ekki fengið skólavist. Útlendingastofnun hefur enn ekki svarað bréfinu.

„Það er í rauninni rétt. Við erum að takast á við þessa þjónustu til hælisleitanda í fyrsta sinn,“ viðurkennir Skúli. „Við höfum litið okkur til málsbóta annað en að við erum að takast á við þetta verkefni í fyrsta sinn og leysa úr því á sama tíma og við tökum á móti fordæmalausum fjölda hælisleitenda.“ Hann segir að haft verði beint samband við þá skóla sem næstir eru heimilum barnanna nú þegar stofnunin hafi fengið að vita að það sé hinn hefðbundni ferill þegar um er að ræða börn sem ekki hafi kennitölu.




Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




## Ágætu viðskiptavinir!

Eftir að hafa starfað í 25 ár við fasteignasölu og selt þúsundir eigna hlakka ég til að halda áfram að veita ykkur þjónustu undir merkjum Hóls. Mér þykir vænt um starfið og er ávallt til staðar fyrir alla mína viðskiptavini.

Það eru bjartir tímar framundan! Verið velkomin á Hólinn!

**Elías Haraldsson, löggiltur fasteignasali**

Hóll var stofnaður árið 1993 og var brautryðjandi á sviði fasteignasölu strax frá stofnun.

Hóllinn er nú aftur tekinn til starfa og við leggjum okkur fram um að veita bestu þjónustu á sviði fasteignaviðskipta sem völ er á!

**HAFÐU SAMBAND**

**450 0000**

Þjónustu- og viðskiptamiðlunin Hóll ehf.
Engjateigur 9 | 105 Reykjavík | Sími: 450 0000

*Áratuga reynsla - Persónuleg þjónusta*

**www.hollfasteignasala.is**



Tryggvi Gunnar Hansen útskýrir listaverk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við munum finna Tryggva segir ósátt kona í úthverfi

**FÓLK** „Ég mun fara þarna um og leita,“ segir kona sem býr í einu úthverfa höfuðborgarsvæðisins og telur ótækt að listamaðurinn Tryggvi Gunnar Hansen hafi hreiðrað um sig til búsetu í skógarrjóðri.

Konan, sem ekki lét nafns getið en hafði samband eftir að Fréttablaðið birti viðtal við Tryggva, telur ekki ólíklegt að hann hafist við í nágrenni við hennar hverfi.

„Hvernig losar hann sig við sinn eigin úrgang? Fer hann bara vítt og breitt inn í skóginn og klárar sig þar?“ spyr ónefnda konan áhyggjufull. „Svo fer hann kannski í búðir í okkar hverfi og er drulluskítugur. Fer hann í sund? Það vantar svör við þessu.“

Þá segir konan Tryggva ekki hafa leyfi til að búa í skóglendinu. „Og við eigum ekki að líða þetta. Hann kveikir upp eld og getur kveikt óvart í öllum skóginum,“ segir konan sem boðar aðgerðir. „Nú fara krakkar að leita þetta uppi og fara inn í þessa svínastíu og mér líkar það ekki. Ef hann væri svo langt frá byggð að börn færu ekki að þefa þetta uppi þá kemur mér þetta ekkert við.“

Aðspurð hvað sé að óttast við Tryggva svarar konan: „Finnst þér ekki maðurinn dálítið öðruvísi en allir aðrir? Finnst þér ekki vond upplifun fyrir börn að sjá þetta?“

Þá kveðst konan ætla að leita liðsinnis íbúa hverfisins til að fá yfirvöld til að taka á máli Tryggva. „Svona er ekki nútíminn – 2015. Þessi maður á bara að fá hjálp. Það verður þá bara að búa til svæði fyrir svona fólk sem er þá undir eftirliti og hreinsun. Hann vill ekki að það komi fram hvar hann er en við munum finna hann, það er alveg á hreinu að við munum finna hann.“ **– gar**

## LEIÐRÉTTING

*Rangt var haft eftir Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra SAF, í frétt blaðsins í gær.*

*Rétt er haft eftir Helgu: „Við leggjum mikið upp úr því að fyrirtæki innan okkar samtaka virði gerða kjarasamninga og þekkjum ekki dæmi um að brotið sé á starfsfólki innan okkar raða. Fyrirtæki í ferðaþjónustu eru hins vegar mörg hér á landi og er ólíðandi ef einhver þeirra virða ekki gildandi kjarasamninga. Þá er varhugavert að alhæfa um að slíkt viðgangist almennt í greininni.“*


Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði ?

Fermetraverð í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu eftir hverfum árið 2014




Allar tölur eru í íslenskum krónum. Miðað er við kaupverð. Heimild Þjóðskrá Íslands.



Kristján Þ. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Bjarni Blöndal
Löggiltur fasteignasali.
662 6163
bjarni@fastlind.is



LIND FASTEIGNASALA

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.


# Vopnahlé í Höfðaborg




**MÓTMÆLI** Leiðtogar andspyrnunnar í hverfinu Mashiegiage í Höfðaborg í Suður-Afríku óskuðu eftir vopnahléi við lögreglu í gær eftir miklar óeirðir vegna skorts á löggæslu í hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hafnar því að flokkurinn sé klofinn

**BRETLAND** Jeremy Corbyn boðar mildari stjórnmál þar sem byggt verði á gildismati almennings í Bretlandi.

Þetta sagði hann á flokksþingi breska Verkamannaflokksins í gær í fyrstu ræðu sinni þar eftir að hafa verið kosinn leiðtogi flokksins.

Hann sagði ekkert hæft í því að stefna hans væri að kljúfa flokkinn í tvennt, enda ætli hann sér ekki að móta stefnu flokksins í einrúmi.

„Ég vil opnar samræður. Ég mun hlusta á alla. Ég er sannfærður um að forysta felist í því að hlusta,“ sagði Corbyn.

Hins vegar hafi leiðtogakjörið veitt honum ótvírætt umboð til þess að gera breytingar, bæði innan flokksins og í samfélaginu: „Það var kosið um breytingar á því hvernig við stundum stjórnmál, bæði í Verkamannaflokknum og í landinu.“

Stjórnmálin eigi að verða „mildari, og ná til fleiri“.

Hann uppskar hvað eftir annað mikið lófatak úr salnum, en sjá mátti stöku flokksfélaga sitja með krosslagðar hendur meðan flestir stóðu upp til að klappa.

Tony Blair, fyrrverandi leiðtogi flokksins, hefur sagt að Corbyn muni fara með flokkinn fram af hengiflugi. Aðrir forystumenn hafa lýst efasemdum og gagnrýnt stefnu Corbyns.

Breskir fjölmiðlar tóku eftir því að hann nefndi ekki fjárlagahallann í ræðu sinni. Aðrir bentu á að jakkafötin hans þyki harla lík jakkafötum gamanfígúrunnar Mr. Bean.

Í skoðanakönnun, sem sjónvarpsstöðin Sky birti stuttu eftir að Corbyn flutti ræðuna, kemur fram að 53 prósent aðspurðra segjast vel geta séð hann fyrir sér sem forsætisráðherra landsins. Þá sögðust 66 prósent telja að hann muni standa sig vel sem leiðtogi Verkalýðsflokksins.

Þá voru viðbrögð þeirra forystumanna flokksins, sem fjölmiðlar ræddu við að lokinni ræðunni, harla jákvæð.

„Jeremy var algerlega samkvæmur sjálfum sér og þetta var í raun boðskapur vonar um þau mannúðlegu stjórnmál sem hann vill sjá og það samfélag umhyggju sem hann vill byggja upp,“ var til dæmis haft eftir Heidi Alexander, sem er skuggaráðherra Verkalýðsflokksins í heilbrigðismálum. **gudsteinn@frettabladid.is**




Jeremy Corbyn í ræðustól á flokksþingi Verkamannaflokksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**53%**

**Breta segjast vel geta hugsað sér Corbyn sem forsætisráðherra**

# LAMBALÆRI OG ÁST!

*Nýttu þér frábært tilboð á lambalærum í Iceland og hóaðu í fjölskyldu og vini í glaðlega og kærleiksríka máltíð.*




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Hlutur bensínbíla aldrei verið minni

**Þótt bensínhreyfillinn njóti ekki sömu vinsælda og áður á hann inni fyrir sókn, segir framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Fólksfjölgun og ferðamenn skýri 39% vöxt bílaflotans frá aldamótum. Tengiltvinnbílum sé spáð auknum hlut í bílaflota á Norðurlöndum.**




Tengiltvinnbílum (e. Plug-in-Hybrid) er spáð vaxandi vinsældum á Norðurlöndum, enda nýtast þeir líka þar sem lengra er á milli hleðslustöðva. Hér má sjá kynningu á slíkum bíl frá Volvo á Alþjóðlegu bílasýningunni í Leipzig í Þýskalandi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



**UMHVERFISMÁL** Vistvænir fólksbílar eru í stórsókn að því er fram kemur í gögnum Samgöngustofu um bíla og eldsneytisgjafa þeirra. Frá árslokum 2010 hefur bílum, sem nýta aðra orkugjafa en bensín eða dísil eingöngu, fjölgað um 312,5 prósent, á meðan hinum fjölgar um 8,5 prósent. Bílar sem ganga fyrir rafmagni í einhverri mynd, annaðhvort einu saman eða í tvinn- eða tengiltvinnbílum, eru flestir þegar kemur að svokölluðum vistvænni bílum (2.195 í lok þessa mánaðar), en þar á eftir koma bílar sem nota metan í einhverri mynd (644).

Þá kemur fram að um leið og fólksbílafloti landsmanna hefur stækkað ört síðustu ár hefur hlutur bíla sem eingöngu ganga fyrir bensíni aldrei verið minni, eða 73,2 prósent. Hlutur dísilbíla hefur hins vegar vaxið stöðugt frá aldamótum, eða um sem nemur 50 prósentum á hverjum fimm árum. Núna eru dísilbílar 25,5 prósent fólksbíla landsins. Restin skiptist á milli bíla sem nota rafmagn (tæpt prósent) og svo þeirra sem nota metan (um þriðjungur úr prósenti). Aðrir orkugjafar mælast í brotabrotum úr prósenti.

Fólksbílum hefur hins vegar fjölgað um tæp 40 prósent frá árinu 2000 og eru nú 225.187 á götum landsins. Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, bendir á að fólksfjölgun skýri hluta aukningarinnar, en á vef Hagstofunnar má sjá að frá 2000 hefur landsmönnum fjölgað um sem nemur 18 prósentum. „Stærsti parturinn er svo fjölgun ferðamanna, en sprengja hefur orðið í fjölda bílaleigubíla,“ bætir hann við.

Skarðan hlut bensínbíla og aukningu í notkun dísilbíla segir Özur svo skýrast af opinberri stefnumörkun, bæði hér og í Evrópu. „Stjórnvöld fóru í meiri mæli að beina fólki á dísilbílana á þeim forsendum að þeir væru umhverfisvænni en bensínbílar.“ Í framhaldinu hafi bílaframleiðendur lagt áherslu á að ná niður eyðslu dísilbíla og gengið mjög vel. Opinber neyslustýring og sífellt sparneytnari dísilvélar hafi svo ýtt undir aukinn hlut þessara bíla.

Núna hafi hins vegar komið á daginn að dísilvélar séu ekki jafn umhverfisvænar og talið hafi verið. „Burtséð frá þessu Volkswagen-hneyksli þá hefur nýverið komið upp að sótagnir, eða NOx-efni, sem koma frá þessum vélum séu talin skaðlegri en efni sem koma frá bensínvélum.“ Framleiðendur hafi þó síðustu ár líka náð miklum árangri í að minnka þessa sótagnamengun.

> **Á meðan stjórnvöld og bílaframleiðendur hafa ýtt dísilvélum að fólki hefur bensínvélin setið svolítið á hakanum. Hún á þess vegna fullt inni.**
>
> Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins



„En á meðan stjórnvöld og bílaframleiðendur hafa ýtt dísilvélum að fólki hefur bensínvélin setið svolítið á hakanum. Hún á þess vegna fullt inni og menn eru í auknum mæli að snúa sér að þróun á henni, að ná niður eyðslu og gera hana hagkvæmari.“ Nú þegar séu komnar fram bensínvélar sem séu umhverfisvænar og eyði sáralitlu. „Það gæti því orðið einhver breyting á þessum hlutföllum aftur.“

Hvað varðar fjölgun rafmagnsbíla segir Özur margt þurfa að gera í uppbyggingu innviða, svo sem hleðslustöðva, eigi að rafbílavæða þjóðina. Fjölgun þeirra allra síðustu ár eigi hins vegar rót sína í því að þeir séu án virðisaukaskatts og vörugjalda.

Slík niðurfelling gjalda kunni að vera leið til að flýta fyrir þróun þar sem hlutur rafbíla verður enn stærri. Özur bendir þó á að á nýafstöðnum fundi bílgreinasambanda á Norðurlöndum hafi þessi mál verið rædd og komið fram að Norðmenn standi nú frammi fyrir endurskipulagningu þar sem afnema á miklar ívilnanir sem rafbílaeigendur hafa notið. „Þeir og aðrir á Norðurlöndum spá því að framtíðin liggi í þessum Plug-In-Hybrid-bílum.“ Það eru blendingsbílar þar sem keyra má ákveðna vegalengd á rafmagninu eingöngu, en svo taki annaðhvort bensín eða dísil við. „Þeirra spá er að breytingin verði í þessa veru á kostnað hreinna rafmagnsbíla.“

## Helstu eldsneytisgjafar fólksbíla 2000-2015




*m.v. septemberlok 2015 **Hreinir ásamt breyttum og tvinnbílum
Heimild: Samgöngustofa

## Breyting á eldsneytisgjöfum 2010-2015

-1,1% BENSÍN

+50,5% DÍSIL

+291,3% RAFMAGN

501,9% METAN

## Skráðir fólksbílar eftir eldsneytisgjöfum

| | 31.12.2000 | 31.12.2005 | 31.12.2010 | 25.9.2015 |
|---|---|---|---|---|
| Bensín | 145.357 | 165.107 | 166.704 | 164.935 |
| Bensín/Metan | | | 50 | 542 |
| Bensín/Rafmagn | 1 | 85 | 548 | 1.458 |
| Bensín/Raf.tengill | | | | 155 |
| Dísel | 17.154 | 25.393 | 38.149 | 57.406 |
| Dísel/Metan | | | | 2 |
| Dísel/Rafmagn | | | | 2 |
| Etanól | | | 1 | 1 |
| Metan | 7 | 11 | 57 | 100 |
| Óþekkt | | | | 4 |
| Rafmagn | 12 | 11 | 13 | 580 |
| Vetni | | | 21 | 2 |
| Samtals | 162.531 | 190.607 | 205.543 | 225.187 |

Spádómsbók Daníels

Spádómar Biblíunnar hafa löngum verið fólki hugleiknir. Geta þeir raunverulega sagt fyrir um atburði eður ei? Eru tilraunir fólks til þess að skilja þá þvæla? Jesús ráðlagði sjálfur þeim sem á hann hlýddu að athuga Daníelsbók (Mat 24.15), sem hefur að geyma suma af eftirminnilegustu spádómum og frásögnum Gamla Testamentisins.

Námskeið þetta mun fara í gegnum Daníelsbók kafla fyrir kafla og sýna að spádómar hennar eru auðtúlkaðir, raunverulegir og skiljanlegir.

Átta fyrirlestrar verða haldnir á fimmtudögum kl. 20.00

í Loftsalnum, Hólshrauni 3, Hafnarfirði (norðan við Fjarðarkaup)

Fyrirlesari er Stefán Rafn Stefánsson, prestur í Aðventkirkjunni Hafnarfirði.

1 — 1. okt. Bókin sem Jesús mælti með: Fyrsta klíníska rannsóknin

2 — 8. okt. Opinberun leyndra hluta: Draumur konungs segir fyrir um framtíðina

3 — 15. okt. Þegar á reynir: Hvar er Guð að finna, er ég finn til?

4 — 22. okt. Dramb er falli næst: Fall Babýlonar

5 — 29. okt Ótrúlegasti spádómurinn: Koma Messíasar sögð fyrir

6 — 5. nóv. Lengsti tímaspádómur ritningarinnar

7 — 12. nóv. Skrímslasýn: Mannkynssagan í ljósi Daníelsbókar

8 — 19. nóv. Deilan mikla milli góðs og ills




Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is

## Lærdómur af hneykslismáli



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Gera má ráð fyrir að enn eigi eftir að vinda upp á sig hneykslið sem tilraunir Volkswagen, stærsta bílaframleiðanda heims, til að svindla á útblástursprófunum hafa valdið.

Nú er orðið ljóst að tæpar ellefu milljónir bifreiða frá framleiðandanum og dótturfyrirtækjum hans eru búnar hugbúnaði sem blekkir mælitæki sem notuð eru við mælingar á útblæstri. Undir eru fólksbílar og sendibílar Volkswagen, auk bíla frá Audi, Skoda og Seat, sem nota allir sömu vélina.

Þá eru uppi grunsemdir um að fleiri bílaframleiðendur kunni að hafa farið á svig við mælingar með svipuðum hætti, en það ætti að skýrast á næstu vikum.

Hitt er svo annað mál að líklega er alltaf lítið að marka þær mælingar um útblástur og eyðslu sem fengnar eru í prófunum. Með þeim er fengin ákveðin vísitala til að styðjast við, en þeir sem ekið hafa bílum að ráði vita að himinn og haf er til dæmis á milli uppgefinna talna um eldsneytiseyðslu þeirra og þess sem þeir svo eyða í raun og veru. Leitun er að bíl sem á götu er með sömu losun og mælist í rannsóknarklefa.

Bílar með svindlhugbúnaði eru ekki bráðhættulegir þótt nokkuð meira muni í uppgefnum mengunartölum og rauntölum heldur en venjulega gerist. Spurningin er hins vegar hvort þetta hneyksli hraði þróun sem þegar er hafin við að ýta dísilvélum smám saman út af markaðnum.

Síðustu ár hefur nefnilega komið í ljós að mengun frá þessum vélum, svo sem sótagnamengun, er alvarlegri en talið hafði verið. Því kann að hafa verið misráðin áhersla stjórnvalda víða um heim að róa að því öllum árum að auka hlut dísilbíla í umferð. Hér hefur dísilbílum fjölgað um sem nemur 50 prósent á hverjum fimm árum frá aldamótum og eru nú yfir fjórðungur bíla í umferð.

Framþróun í gerð bensínbíla gæti þýtt upprisu þeirra og svo eru margvíslegir valkostir aðrir tengdir rafmagni og öðrum orkugjöfum. Hver sú þróun verður þarf bara svolitið að koma í ljós.

Lærdómurinn sem draga má af svindli Volkswagen snýr hins vegar fremur að því hversu mikilvægt er að gefa ekki stórfyrirtækjum lausan tauminn í heiminum. Í þessu furðulega máli endurspeglast að sú hætta er ætíð fyrir hendi að fyrirtæki stytti sér leið eða fari vísvitandi í kring um reglur til þess að auka arðsemi og réttlæta þá væntanlega í leiðinni ofurlaun og mögulegar bónusgreiðslur í hlutfalli við „góðan árangur“.

Hér og víðar í heiminum hafa kenningar um einföldun regluverks og afnám opinbers eftirlits átt heilmiklu fylgi að fagna, sér í lagi fyrir hrun fjármálakerfisins 2008. Eftir það hafa talsmenn slíkra hugmynda átt aðeins erfiðara uppdráttar.

Dæmi Volkswagen er ágætis áminning um að fólk sést ekki alltaf fyrir í græðgi sinni eða vilja til að stytta sér leið. Til að koma í veg fyrir slys af völdum leti eða græðgi er líklega vissara að einhver vaki yfir því að hlutirnir séu í raun eins og þeir eiga að vera.

**Í þessu furðulega máli endurspeglast að sú hætta er ætíð fyrir hendi að fyrirtæki stytti sér leið eða fari vísvitandi í kring um reglur.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Svínsleg meðferð**

Fréttir RÚV af úttekt Matvælastofnunar sýna svart á hvítu að aðbúnaður svína hér á landi er ömurlegur.

Önnur hver gylta er með legusár. Þá liggja gyltur í svo þröngum stíum að þær geta ekki hreyft sig. Myndirnar og lýsingarnar á aðstæðum svínanna eru ógeðslegar.

Umræða um vonda meðferð í verksmiðjubúskap er ekki ný af nálinni en hún hefur beinst að öðrum löndum. Í kjölfarið hefur íslensk bændaforysta trillað upp og vogað sér að halda því fram að hér á landi sé allt betra. Reglurnar séu strangari og dýravelferð sé höfð að leiðarljósi. Þetta er augljóslega rangt. Meðferðin varðar við lög og er ekki hægt að lýsa með neinu betra orði en hreinum og klárum níðingsskap.

**Neytenda er valið**

Að lokum snýst þetta alltaf um framboð og eftirspurn. Ef neytendum blöskra fréttirnar nóg til að hætta að kaupa svínakjöt munu svínabændur vera nauðbeygðir til breytinga.

Vilji neytenda þýðir að það þarf að fórna hamborgarhryggnum um jólin og beikoninu á sunnudögum. Pepperóní á pitsu verður að víkja fyrir öðrum kostum. Bæjarins beztu pylsur fara á hausinn. En er það mikill fórnarkostnaður? Vilja neytendur að kjötið þeirra sé alið á hreyfingarlausum gyltum með legusár? snaeros@frettabladid.is

## Er Ísland án áætlunar?



Svandís Svavarsdóttir
formaður þingflokks VG

Athygli vakti þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lýsti því yfir án nokkurra fyrirvara á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna að Ísland ætlaði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030. Þótt lítið hafi farið fyrir frumkvæði af þessu tagi í málaflokknum hjá forsætisráðherranum mátti vona að hér hefðu orðið þáttaskil.

Skömmu síðar var yfirlýsingin hins vegar dregin í land af hálfu bæði aðstoðarmanns ráðherrans og sjálfs umhverfisráðherra. Heldur ráðherrann að orð hans á erlendri grundu fréttist ekki hingað heim? Hefur yfirlýsingin verið dregin til baka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna?

Aðstoðarmaðurinn talar um að Ísland muni taka við „sanngjörnu hlutfalli“ af heildarmarkmiðum Evrópusambandsríkjanna um að heildarminnkun losunar verði 40% fyrir árið 2030. Ekki liggur fyrir hvað felast mun í „sanngjörnu hlutfalli“ eða hvernig standa eiga að því. Því er alls ekki ljóst hvort og þá hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að beita sér í jafn risastóru og brýnu máli og alþjóðasamningum og aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Hvar er ný aðgerðaáætlun? Hver eru markmiðin? Við fáum að vita að orð forsætisráðherra standast ekki skoðun, draga þarf í land það sem fullyrt var svo drýgindalega á fundi í Sameinuðu þjóðunum. Hver er áætlunin?

Í raun kemur ekki á óvart að bakkað sé með orð forsætisráðherra enda skýrt að yfirlýsingin rímar ekki við einbeitta og úrelta atvinnustefnu ríkisstjórnar hans. Ekkert gæti verið jafn fjarri göfugum markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stórkarlaleg og mengandi stóriðjustefna Sigmundar Davíðs og félaga.

En ganga þessi markmið um 40% samdrátt í samvinnu við Evrópusambandið nógu langt ef hugur fylgir máli? Ekki að mati okkar Vinstri grænna. Ísland á að geta orðið kolefnishlutlaust hagkerfi fyrir árið 2050. Að því markmiði og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2015 til ársins 2030 ættum við að vinna. Þau heimsmarkmið ganga út á að eyða fátækt, tryggja mannréttindi og jöfn réttindi jarðarbúa með hliðsjón af hagsmunum náttúrunnar og umhverfisvernd.

Það væri alvöru áætlun.

**Í raun kemur ekki á óvart að bakkað sé með orð forsætisráðherra enda skýrt að yfirlýsingin rímar ekki við einbeitta og úrelta atvinnustefnu ríkisstjórnar hans.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Kynjajafnrétti og Hæstiréttur




**Ragnheiður Bragadóttir**
prófessor við lagadeild HÍ

**Brynhildur G. Flóvenz**
dósent við lagadeild HÍ

Það er von okkar að löggjafi og framkvæmdarvald sýni í verki að á Íslandi sé jafnrétti kvenna og karla tryggt í reynd með því að gera nauðsynlegar breytingar á ákvæðum um skipan dómara í dómstólalögum sem tryggi eðlilega skipan nefndar um dómarastörf og láti reyna á ákvæði núgildandi laga um aðkomu Alþingis við skipan dómara. 100 ára afmælis þess mikilvæga áfanga að konur á Íslandi fengu kosningarétt verður ekki betur minnst.

**Skipan æðsta dómstóls landsins verður að endurspegla það samfélag sem við búum í.**



Nú í ár hefur þess verið minnst að 100 ár eru frá því konur fengu kosningarétt á Íslandi. Jafnframt eru tæp 40 ár síðan fyrst voru sett hér lög um jafnrétti karla og kvenna. Tilgangur laga um það efni hefur ætíð verið sá að konur og karlar nytu fullkomins jafnréttis á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Á undanförnum dögum hefur bæði skipan dómnefndar til þess að meta hæfni umsækjenda um embætti dómara, skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, og niðurstaða nefndarinnar um hæfni þeirra einstaklinga er sóttu um embættið vakið verðskuldaða athygli. Nefnd, sem eingöngu er skipuð körlum, kemst að þeirri niðurstöðu að annar karlanna af þremur hæfum umsækjendum um embætti hæstaréttardómara sé hæfastur til að gegna embættinu og þar með hæfari en eina konan sem sótti um. Hin karllæga skipun nefndarinnar er réttlætt með því að jafnréttislög taki ekki til nefndar þessarar. Fastskipaðir hæstaréttardómarar eru nú átta karlar og ein kona.

Þessi túlkun laga um dómstóla og jafnréttislög getur ekki gengið upp. Hér þarf engin flókin lagarök. Það er svo sjálfsagt að jafnréttislög gildi um öll svið samfélagsins að það er hafið yfir allan vafa enda verður að túlka lög í samræmi við tilgang þeirra. Það má heldur ekki gleymast að lögin eiga að þjóna samfélaginu, samfélagi hér á Íslandi þar sem karlar og konur eiga að njóta fullkomins jafnréttis. Önnur túlkun laganna er andstæð heilbrigðri skynsemi og ákvæðum stjórnarskrár um jafnrétti kynjanna.

Það hefur reynst erfitt að finna heppilega aðferð við skipan dómara. Að láta slíkt vald algerlega í hendur stjórnmálamanna tryggir ekki sjálfstæði dómstólanna. Að láta dómendum það sjálfum í hendur, sem er sú leið sem farin hefur verið frá 2010, hefur heldur ekki reynst gallalaus.

**Endurspegli samfélagið**

Í lögunum er þó sá varnagli að ráðherra getur borið málið undir Alþingi. Hafi einhvern tíma verið ástæða til að nota þá heimild er hún nú fyrir hendi. Skipan æðsta dómstóls landsins verður að endurspegla það samfélag sem við búum í. Langt er síðan hlutföll kynjanna í laganámi urðu jöfn og á undanförnum áratugum hefur fjöldi kvenna lokið laganámi og öðlast starfsreynslu sem er fyllilega sambærileg reynslu karla. Því er enginn hörgull á konum sem eru hæfar til að taka sæti í nefnd um dómarastörf og til að gegna embætti hæstaréttardómara. Það kynjamisrétti sem í þessu máli hefur komið skýrt í ljós er síst til þess fallið að auka traust almennings á dómstólum, en hvergi á Norðurlöndum ber almenningur jafnlítið traust til dómstóla og á Íslandi.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



*Konfúsíusarstofnunin Norðurljós kynnir:*

KÍNVERSK MENNINGAR- *og* KUNGFUSÝNING

*HÁSKÓLABÍÓ*
*30. september*

**Húsið opnar kl. 18:00**
**Kungfusýning frá kl. 20:00-22:00**

**Kl. 18** - Menningarsýning hefst í anddyri Háskólabíós þar sem boðið verður upp á ljósmyndasýningu, bækur og kínverskan mat.

**Kl. 19** - Sýning á klæðnaði þjóðarbrota Kína.

**Kl. 20** - Kungfusýning og tónlistaratriði þar sem fjölmargir listamenn koma fram. Kungfusýninguna annast listamenn frá Shaolin klaustrinu og er því um einstaka sýningu að ræða.

Þessi frábæra skemmtun er öllum opin að kostnaðarlausu.
Verið hjartanlega velkomin!

# Open by night

7 ára




VEXTIR 0%*

## KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

MasterCard VISA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.

# afmælishátíð

Nú 47.920 kr.



Acura-stóll

*Borðstofustóll með svörtu leðri. Fætur úr svartlökkuðum aski og stáli. 59.900 kr. Nú 47.920 kr.*

16 cm nú 11.996 kr.



Cohen-loftljós

*Fallegt loftljós. Nude, blágrænt, grátt, svart eða hvítt. 16 cm. 14.995 kr. Nú 11.996 kr. 25 cm. 19.995 kr. Nú 15.996 kr. Svart eða hvítt. 32 cm. 39.995 kr. Nú 31.996 kr. Kopar 49.995 kr. Nú 39.996 kr.*

Nú 39.920 kr.



Voss-sófaborð

*Sófaborð úr reyklitaðri eik. 90 x 45 cm. 49.900 kr. Nú 39.920 kr.*

Nú 13.596 kr.



Majestick-skemill

*Grár, svartur eða hörlitaður skemill. 45 x 40 cm. 16.995 kr. Nú 13.596 kr.*

## Lukkuhjól

Þeir sem versla snúa hjólinu

Nú 10.396 kr.




Junior-rúmföt

*Hvít rúmföt með myntu grænum kanti. 100 x 140/45 x 40 cm. 12.995 kr. Nú 10.396 kr.*

## Frí heimsending um allt land

ef verslað er fyrir 45.000 eða meira og greitt í dag

ILVA
sendum um allt land

Nú 71.920 kr.



Narvik-hægindastóll

*Dökk- eða ljósgrár hægindastóll. 97 x 90 x 78 cm. 89.900 kr. Nú 71.920 kr.*




Nú 7.996 kr.



Aurora-glerskál

*Glerskál með viðarbotni. 20 x 24 cm. 9.995 kr. Nú 7.996 kr.*

## *KAFFIHÚS*

Súkkulaðikaka

með rjóma. Djús eða kaffi

**TILBOÐ 195 kr.**

Kalkúnabringa

með kartöflugratíni, ristuðu grænmeti og brúnni sósu

**TILBOÐ 995 kr.**

Nú 19.996 kr.




Storage-box

*Tveir geymslukassar saman í setti. 30 x 30 x 30 cm. og 40 x 40 x 40 cm. 24.995 kr. Nú 19.996 kr.*

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online



Alfreð Finnbogason fagnar hér marki sínu í 3-2 sigri Olympiacos á Arsenal í Meistaradeild Evrópu í gær en markið kom aðeins einni mínútu eftir að Alexis Sanchez jafnaði metin fyrir Arsenal. Mark Alfreðs var hans fyrsta í Meistaradeildinni og tryggði gríska félaginu fyrsta sigur sinn á ensku félagi í þrettán tilraunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fetaði í fótspor Eiðs Smára með sigurmarkinu á Emirates

**FÓTBOLTI** „Þetta er fyrsti sigur Olympiacos á Englandi eftir tólf töp í röð. Það er gaman að vera hluti af því. Það er gaman að vera hluti af sögunni,“ sagði Alfreð Finnbogason, hetja Olympiacos, í gær þegar Fréttablaðið náði í hann.

Alfreð varð í gær aðeins annar íslenski leikmaðurinn sem skorar í Meistaradeild Evrópu í karlaflokki er hann tryggði Olympiacos sigur á enska stórveldinu Arsenal í London.

Alfreð byrjaði á bekknum í leiknum líkt og í fyrsta leik Olympiacos í Meistaradeildinni í vetur en hann kom inn á í hálfleik fyrir Brown Ideye og var ekki lengi að stimpla sig inn.

Tuttugu mínútum eftir að hann kom inn á stýrði hann fyrirgjöf Felipe Pardo í netið af stuttu færi og tryggði Olympiacos fyrstu stigin í Meistaradeildinni í vetur.

„Ég kom hingað í þeim tilgangi að spila og þjóna liðinu. Þetta er klárlega einn af stærstu útisigrum félagsins í Meistaradeild og nú er bara að fylgja því eftir,“ sagði Alfreð.

Tók það Alfreð aðeins 21 mínútu að skora markið en hann var að leika sinn fyrsta leik í Meistaradeild Evrópu og varð hann um leið aðeins annar íslenski leikmaðurinn sem skorar í Meistaradeildinni á eftir Eiði Smára Guðjohnsen.

Þetta var einnig fyrsta mark Alfreðs fyrir gríska liðið en hann gekk til liðs við félagið í sumar til þess að fá aukinn spiltíma eftir erfitt tímabil hjá Real Sociedad á síðasta tímabili. Hann vonast til þess að það þýði aukin tækifæri hjá landsliðinu.

„Ég get bara gert eins vel og ég get með mínu félagsliði. Þetta er mjög stórt ár hjá mörgum leikmönnum því það vilja auðvitað allir spila á EM,“ **– kpt**




**Olís-deild kvenna**

**ÍBV - Stjarnan 31-25**
Markahæstar: Vera Lopes 8/1, Telma Silva Amado 7 - Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Stefanía Theodórsdóttir 6/4.

**Selfoss - Fylkir 27-26**
Markahæstar: Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 18 - Thea Imani Sturludóttir 9.

**Grótta - KA/Þór 24-12**
Markahæstar: Lovísa Thompson 6, Sunna María Einarsdóttir 4 - Laufey Lára Höskuldsdóttir 3, Steinunn Guðjónsdóttir 3.

**Valur - FH 22-18**
Markahæstar: Sigurlaug Rúnarsdóttir 8, Bryndís Elín Wöhler 4 - Ingibjörg Pálmadóttir 6, Elín Anna Baldursdóttir 5.

**HK - ÍR 17-21**
Markahæstar: Elva Arinbjarnar 5, Sóley Ívarsdóttir 4 - Brynhildur Bergmann Kjartansdóttir 9.

**Fjölnir - Fram 19-38**
Markahæstar: Díana Sigmarsdóttir 7 - Ásta Birna Gunnarsdóttir 6.

**Haukar - Afturelding 34-23**

**Meistaradeildin**

**E-riðill**

**Barcelona - Leverkusen 2-1**
0-1 Kyriakos Papadopoulos (22.), 1-1 Sergi Roberto (80.), 2-1 Luis Suárez (82.)

Luis Suarez bjargaði Barcelona fyrir horn í naumum sigri á Leverkusen á Nývangi í gær.

**BATE - Roma 3-2**
1-0 Igor Stasevich (8.), 2-0 Filip Mladenovic (12.), 3-0 Filip Mladenovic (30.), 3-1 Gervinho (66.), 3-2 Vassilis Torosidis (82.).

**F-riðill**

**Bayern - Dinamo Z. 5-0**
1-0 Douglas Costa (13.), 2-0 Robert Lewandowski (21.), 3-0 Mario Götze (25.), 4-0 Robert Lewandowski (28.), 5-0 Robert Lewandowski (55.)

**Arsenal - Olympiacos 2-3**
0-1 Felipe Pardo (32.), 1-1 Theo Walcott (35.), 2-1 Konstantinos Fortounis (40.), 2-2 Alexis Sanchez (65.), 3-2 Alfreð Finnbogason (66.)

Alfreð Finnbogason kórónaði fyrsta leik sinn í Meistaradeild Evrópu með sigurmarkinu gegn Arsenal.

**G-riðill**

**Porto - Chelsea 2-1**
1-0 André André (39.), 1-1 Willian (45.), 2-1 Maicon (52.)

Jose Mourinho og lærisveinar í Chelsea fóru stigalausir frá Portúgal.

**Maccabi - Dynamo Kiev 0-2**
1-0 Andriy Yarmolenko (4.), 2-0 Moraes (50.),

**H-riðill**

**Lyon - Valencia 0-1**
0-1 Sofiane Feghouli (42.),

**Zenit - Gent 2-1**
1-0 Artem Dzyuba (35.), 1-1 Thomas Matton (56.), 2-1 Oleg Shatov (67.)

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | **Meistaradeildarkvöld** | Sport 4 |
| 18.30 | **Man. Utd - Wolfsburg** | Sport |
| 18.30 | **Shakhtar - PSG** | Sport 5 |
| 18.30 | **Malmö - Real Madrid** | Sport 3 |
| 18.30 | **Mönchengl. - Man. City** | Bravó |






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. september 2015 — 38. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL





Flugfélagið Ernir

## Bætir fjórðu vélinni við

Hörður Guðmundsson hefur rekið flugfélagið Erni frá árinu 1970.

Bætir fjórðu Jet Stream-vélinni við og íhugar að kaupa litla þotu.

Segir flugvellinum í Vatnsmýri haldið í herkví.

»6




»2
**Beðið eftir Seðlabankanum**
Hilmar Sigurðsson vill flytja milljarð til Íslands.

»4
**1.700 herbergi á næstu árum**
Stærstu hótelverkefnin við Hörpuna og á Hlíðarenda.

»8
**Svipmynd: Halldóra Skúladóttir**
Halldóra Skúladóttir hefur unnið í fimmtán ár hjá Íslandsbanka

»10
**„Dollarablokkin“ að hrynja**
Lars Christensen skrifar um „dollarablokkina“ og fyrirsjáanlegt hrun hennar.

»12
**Leikreglurnar sveigðar**
Stjórnarmaðurinn skrifar um Kaupþing og skaðleysiskröfu.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75939 09/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR

SKJÓÐAN

# Allir verða að græða á kostnað Jóns og Gunnu

**STAÐA HÚSNÆÐISMÁLA** hér á landi er óbærileg. Mikill skortur er á húsnæði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og það húsnæði, sem í boði er, hentar illa. Mikil eftirspurn er eftir litlum íbúðum fyrir ungt fólk en flestar litlar íbúðir sem koma á markað eru seldar til fasteignafyrirtækja, sem leigja þær út til ferðamanna. Verð á litlum íbúðum í miðborg Reykjavíkur er óheyrilega hátt.

**LEIGUVERÐ** í miðborginni hefur rokið upp á skömmum tíma og venjulegt fólk hefur ekki efni á að borga leigu. Í auknum mæli neyðist fólk til að flytja á jaðarsvæði og þannig hefur fasteignabóla í miðborginni þau áhrif að fasteigna- og leiguverð fjarri miðborginni hækkar í kjölfarið.

**VIÐ ERUM KOMIN** í þá einkennilegu stöðu að fasteigna- og leiguverð er himinhátt á sama tíma og vextir og fjármagnskostnaður er í hæstu hæðum. Lögmál hagfræðinnar segja okkur að háir vextir dragi úr eftirspurn eftir húsnæði en einhvern veginn virðast þau lögmál ekki virka hér á landi.

**ÞAÐ ER EKKERT SKRÍTIÐ,** enda er ekkert venjulegt ástand í íslenska hagkerfinu og á íslenska húsnæðismarkaðinum. Engin löggjöf er til staðar, eða regluverk, sem leggur grunn að heilbrigðum leigumarkaði sem býður upp á langtímaleigu og húsnæðisöryggi í leiguhúsnæði. Af þeim sökum er eina raunhæfa leiðin til að öðlast húsnæðisöryggi að kaupa.

**ÞÁ VANDAST MÁLIÐ.** Verð á íbúðum er hátt og kröfur um eigið fé kaupenda eru ríkar. Greiðslumat, eins og það er framkvæmt hjá íslenskum bönkum, virðist vera farartálmi sem jafnast á við nálaraugað fyrir úlfaldann.

**SÉREIGNARSTEFNAN** í landi sem býður fólki upp á ánauð verðtryggingar og svera raunvexti þar ofan á er tálsýn. Til að bæta gráu ofan á svart verður ekki betur séð en ýmsar kröfur sem sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar gera til frágangs og búnaðar íbúða geri það að verkum að byggingarkostnaður er hærri en hann þyrfti að vera.

**ÞESSU TIL VIÐBÓTAR** er lóðasala orðin mikilvæg tekjulind stærstu sveitarfélaganna og lóðir eru seldar hæstbjóðendum í stað þess að sveitarfélög tryggi stöðugt framboð af ódýrum lóðum inn á markaðinn. Það getur aldrei farið saman að lágmarka byggingarkostnað og hámarka tekjur sveitarfélaga af lóðasölu.

**EKKI ER NÓG** að setja upp sorgarsvip og lýsa áhyggjum sínum af slæmu ástandi á húsnæðismarkaði. Sé ráðamönnum alvara með að leysa vandann verða þeir að ráðast gegn lóðaverði sveitarfélaga, gefa kost á byggingu ódýrra íbúða, afnema verðtryggingu og koma böndum á vaxtafárið. Það verður einhvern tímann að hugsa um Jón og Gunnu en ekki bara banka og fjármálaöfl.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Gunnar V. Andrésson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is






Hilmar Sigurðsson hefur beðið í þrjá mánuði eftir viðbrögðum frá Seðlabankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lói bíður eftir að fá undanþágu frá höftum

**Hilmar Sigurðsson kvikmyndagerðarmaður hefur beðið í þrjá mánuði eftir undanþágu frá höftum. Stefnir á að frumsýna myndina í árslok 2017.**

Áætlað er að íslenska teiknimyndin Lói – þú flýgur aldrei einn verði frumsýnd um jólin 2017. Gert er ráð fyrir að framleiðsla myndarinnar muni kosta 1.100 milljónir króna. Framleiðendur myndarinnar hafa beðið um undanþágu frá Seðlabankanum vegna fjármagnshaftanna, en biðin hefur tekið þrjá mánuði. „Við erum að framleiða teiknimynd í samstarfi við erlenda aðila. Þetta er alþjóðlegt verkefni. Við erum að biðja um undanþágu til þess að setja fjármagn hérna í gegn og hluta af því út aftur,“ segir Hilmar Sigurðsson kvikmyndagerðarmaður.

Á vef Seðlabankans kemur fram að afgreiðslutími slíkra beiðna sé að lágmarki átta vikur eins og er. Ef afla þarf frekari gagna eða upplýsinga frá umsækjanda til þess að unnt sé að afgreiða undanþágubeiðni megi búast við því að afgreiðslutíminn lengist sem því nemur. Afgreiðslutíminn sé lengri þegar um fordæmisgefandi mál er að ræða eða beiðnir sem varða töluverðar fjárhæðir.

Á meðal verkefna sem Hilmar og Gunnar Karlsson, samstarfsmaður hans, hafa áður fengist við eru Thor, Anna og skapsveiflurnar og Litla lirfan ljóta. Hann segir að aðstæður við framleiðslu nýju myndarinnar séu öðruvísi en þær voru þegar fyrri myndirnar voru framleiddar. Sá hluti af Thor sem var framleiddur hér hafi verið gerður með innlendri fjármögnun. „Núna erum við að gera þetta aðeins öðruvísi. Því við erum með mest erlent fjármagn. Og við þurfum að nota hluta af fjármagninu hérlendis en þurfum svo að senda hluta af því út aftur,“ segir Hilmar. En 40 prósent af framleiðslufénu verða nýtt hér heima. Lói – þú flýgur aldrei einn segir af lóuunga sem er ófleygur að hausti þegar farfuglarnir halda suður á bóginn. Hann verður að lifa af veturinn til að geta bjargað ástinni sinni frá því að lenda í klóm fálkans næsta vor.

Friðrik Erlingsson skrifar handrit myndarinnar og Árni Ólafur Ásgeirsson leikstýrir ásamt Gunnari Karlssyni, sem jafnframt er höfundur útlits og persóna. Hilmar og Haukur Sigurjónsson eru framleiðendur. Áætlað er að myndin verði frumsýnd hér um jólin 2017. „Það er búið er að forselja myndina til rúmlega 30 landa,“ segir Hilmar og kveðst ánægður með viðtökurnar. „Það er eftirspurn á markaði. Það er alveg hægt að segja það,“ bætir hann við. Það er þýska fyrirtækið Arri World Sales sem dreifir myndinni.

> **Núna erum við að gera þetta aðeins öðruvísi. Því við erum með mest erlent fjármagn. Og þurfum að nota hluta af fjármagninu hérlendis.**

**30**
ER SÁ FJÖLDI LANDA ÞAR SEM MYNDIN HEFUR VERIÐ FORSELD

**JÓLIN 2017**
ÁÆTLUÐ FRUMSÝNING

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 30. september**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Stýrivaxtaákvörðun

**Fimmtudagur 1. október**
**LÁNAMÁL RÍKISINS**
Gjalddagi RISK 15 1001

**FÉLAG VIÐSKIPTAFRÆÐINGA OG HAGFRÆÐINGA**
Hádegisfundur um fjárfestingatækifæri í atvinnuhúsnæði

**mánudagur 5. október**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
Íslyklar og innskráningarþjónusta

**Þriðjudagur 6. október**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
Útgáfudagur fjármálastöðugleika
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
Vöruskipti við útlönd í september

**Miðvikudagur 7. október**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
Vaxtaákvörðunardagur

visir Allar markaðsupplýsingar




**BMW X5 30d xDrive. Verð frá 11.790.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Ein stærsta hótelframkvæmdin fram undan er hótelið við Hörpuna. Richard L. Friedman, forstjóri Carpenter & Company, kynnti þær framkvæmdir ásamt þeim Höskuldi Ólafssyni bankastjóra og Degi B. Eggertssyni fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hótelherbergjum mun fjölga um helming

Hótelherbergjum mun fjölga um 1.700 til ársins 2019. Nýting hótelherbergja í Reykjavík er betri en í London og París. Ferðamönnum hefur fjölgað um 109 prósent frá 2009 en herbergjum um 21 prósent. Áætlað er að ferðamönnum fjölgi um 27 prósent í ár frá fyrra ári og verði komnir í tvær milljónir árið 2018.

Áætlað er að hótelherbergjum í Reykjavík verði fjölgað um 1.700 fram til 2018/2019. Stærstu framkvæmdirnar verða við Marriot hótelið við Hörpu og hótel sem áformað er að reisa í Hlíðarenda. Þetta kom fram á morgunfundi greiningardeildar Arion banka um stöðu og horfur í ferðaþjónustu í gær. Ef úr rætist mun hótelherbergjum í Reykjavík þá fjölga um 50 prósent, eða helming, frá því sem nú er.

Í máli Önnu Hrefnu Ingimundardóttur, sérfræðings hjá greiningardeild, kom fram að fjölgun hótelherbergja hefur verið um 21 prósent frá árinu 2009 en fjölgun ferðamanna á sama tíma verið 109 prósent. Á sama tíma hafi nýting hótelherbergja farið úr 58 prósentum í 84 prósent. Árstíðasveiflan hefur haldið áfram að minnka.

Anna Hrefna sagði að þrátt fyrir að framboð væri að aukast þá væri nýtingin nú orðin þannig að ekki væri hægt að koma fleiri ferðamönnum fyrir á hótelum á höfuðborgarsvæðinu á ákveðnum tímum ársins. „Við vorum með bestu nýtingu í Evrópu í fyrra. Árið 2013 vorum við í fimmta sæti með 77 prósent nýtingu en árið 2014 vorum við með 84 prósent nýtingu, sem er betra en í London og París. Mér skilst að það sé ekki fræðilegur möguleiki á að ná betri nýtingu,“ sagði Anna Hrefna.

Greiningardeild Arion banka gerir ráð fyrir að 1,5 milljónir ferðamanna komi til Íslands á næsta ári og fjöldinn verði kominn



**Það er mesti vöxtur sem hefur verið frá því að ferðamannastraumurinn byrjaði. Það var enginn sem var búinn að spá þessu. Þetta er eiginlega ævintýralegt.**

Konráð Guðjónsson
sérfræðingur hjá greiningadeildinni

**FRÁ ÁRINU 2009**

| 21% | 109% | 58➔84% |
|---|---|---|
| FJÖLGUN HÓTELHERBERGJA | FJÖLGUN FERÐAMANNA | AUKNING Á NÝTINGU HÓTELHERBERGJA |

ÁÆTLAÐUR FJÖLDI FERÐAMANNA

| Á NÆSTA ÁRI | ÁRIÐ 2018 | |
|---|---|---|
| 1,5 | 2 | 27% |
| MILLJÓNIR FERÐAMANNA KOMI TIL ÍSLANDS | MILLJÓNIR FERÐAMANNA KOMI TIL ÍSLANDS | ER ÁÆTLUÐ FJÖLGUN FERÐAMANNA Í ÁR FRÁ FYRRA ÁRI |


Námskeið fyrir vinnuverndarfulltrúa
(öryggisverði, - trúnaðarmenn og mannauðsstjóra)

Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum.

Námskeiðið, sem stendur í tvo daga, fer fram í Reykjavík dagana **6. og 7. október** milli kl. 8:30-15:30.

Skráning fer fram á www.vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf vellíðan í vinnu

MANNVIT

Viðurkenndir þjónustuaðilar á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.


Athygli vekur að N1 er með næstlægstu meðalsölu allra fyrirtækja, eða 3.568.




# N1 með stærsta viðskiptavinahópinn í sumar

„Þegar síðastliðnir þrír mánuðir eru skoðaðir má sjá að N1 hefur langstærsta viðskiptavinahópinn en 90% þeirra 18.200 sem eru í úrtaki Markaðsvaktar Meniga versluðu einu sinni eða oftar hjá N1 á þessu tímabili. Flestir versluðu á stöðvum N1 í júlí enda er það mikill ferðamánuður og N1 með þéttriðið net stöðva um landið. 76,8% úrtaksins versluðu hjá N1 í júlí,“ segir Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri hjá Meniga. Þegar hin olíufélögin eru skoðuð má sjá að viðskiptavinahópur þeirra er talsvert minni á þessu sama tímabili. „Olís er með næststærsta viðskiptavinahópinn en um 70% íslendinga versluðu hjá þeim þessa sumarmánuði,“ segir Kristín Hrefna.

Atlantsolía er það fyrirtæki sem er með hæstu meðalsöluna á þessum þremur mánuðum. Hver og



Konráð Guðjónsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion, segir fjölgunina ævintýralega mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

upp í tæplega tvær milljónir 2018. Gert er ráð fyrir að hlutfallslega fjölgunin verði mest utan sumarmánaðanna. „En við vekjum athygli á því hve stór óvissuþátturinn er hér. Það eru engar augljósar skýringar á því af hverju ferðamenn eru að koma hingað. En samt fer þetta ágætlega saman við áætlanir innlendu flugfélaganna,“ sagði Anna Hrefna.

Áætlað er að fjölgun ferðamanna í ár sé um 27 prósent frá fyrra ári. „Það er mesti vöxtur sem hefur verið frá því að ferðamannastraumurinn byrjaði. Það var enginn sem var búinn að spá þessu. Þetta er eiginlega ævintýralegt,“ sagði Konráð Guðjónsson, sérfræðingur hjá greiningardeildinni.

Hann segir að þótt árstíðasveiflan fari minnkandi, þá sé hún enn mikil. Langflestir komi yfir sumarmánuðina. Jöfnun á sveiflum myndi auka framleiðni og hækka laun. „Ef við myndum ná að draga úr þessari sveiflu væri hægt að auka framleiðni og bæta afkomu,“ sagði Konráð. jonhakon@frettabladid.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

einn viðskiptavinur greiðir 7.751 krónu að meðaltali til Atlantsolíu í hvert skipti sem hann verslar. Hinar sjálfsafgreiðslustöðvarnar Orkan og ÓB fylgja fast á hæla Atlantsolíu með 7.346 og 6.632 krónur í meðalsölu.

Athygli vekur að N1 er með næstlægstu meðalsölu allra olíufyrirtækjanna eða 3.568 kr. Þessa þrjá mánuði. Olís er með lægstu meðalsöluna eða 3.119 krónur. Þær stöðvar sem einnig selja skyndibita, sælgæti og fleira eru eðlilega með lægri meðalsölu þar sem hún lækkar við hverja pylsuna sem afgreidd er á móti hreinni eldsneytissölu sjálfsafgreiðslustöðvanna. - jhh

# Fékk 2,4 milljarða króna fyrir skyndibita í fyrra

Sala hjá tveimur fyrirtækjum í eigu Helga Vilhjálmssonar, Góu-Lindu og KFC, jókst á milli ára og nam hagnaður af rekstri fyrirtækjanna samtals 143 milljónum króna árið 2014.

Rekstrartekjur sælgætisgerðarinnar Góu-Lindu á árinu námu 986 milljónum króna og jukust um tæpar 30 milljónir króna milli ára. Rekstrarhagnaður nam 41 milljón króna og jókst um 14 milljónir króna milli ára. Hagnaður ársins nam 22,8 milljónum króna og jókst um rúmlega 9 milljónir króna milli ára. Eignir í árslok námu 766 milljónum króna og lækkuðu eilítið milli ára. Bókfært eigið fé nam 514 milljónum króna. Góa-Linda er í 92% eigu Helga Vilhjálmssonar. Ekki var greiddur út arður vegna ársins 2014.

Hagnaður KFC, sem er í 100% eigu Helga Vilhjálmssonar, þrefaldaðist á árinu og nam 120,5 milljónum króna. Rekstrartekjur KFC námu 2,4 milljörðum. – sg



Helgi Vilhjálmsson er eigandi Góu-Lindu og KFC. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Flugfélagið Ernir á þrjár vélar af gerðinni Jet Stream 32, sem eru nítján sæta. Þeirri fjórðu verður bætt við. Að auki á flugfélagið minni vélar sem eru meðal annars notaðar í útsýnisflug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Erfitt að starfa í samkeppni við Strætó

**Hörður Guðmundsson** hefur rekið flugfélagið Erni í 45 ár ásamt eiginkonu sinni. Reksturinn hófst með póstflugi frá Ísafirði árið 1970. Í dag sinnir flugfélagið áætlunarflugi innanlands, leiguflugi og sjúkraflugi. Hörður segir það vera synd að Reykjavíkurflugvöllur fái ekki að njóta sín.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Hörður Guðmundsson flugstjóri stofnaði flugfélagið Erni ásamt eiginkonu sinni, Jónínu Guðmundsdóttur, árið 1970. Enn í dag eru þau á meðal stærstu hluthafa með liðlega 70 prósenta hlut. Hjá fyrirtækinu vinna um sextíu manns yfir sumarið en yfir vetrarmánuðina eru þetta í kringum 45-50.

Fyrstu árin var félagið starfrækt frá Ísafirði og flaug með póst á afskekktari staði á Vestfjörðum. Hörður segir að á þessum tíma hafi landsbyggðarflugfélög verið rekin af fullum krafti. „Þá voru samgöngur erfiðari og vegir á milli fjarða lokaðir meira og minna stóran hluta úr árinu. Við vorum með póstáætlunarflug. Daglegur póstur kom frá Reykjavík til Ísafjarðar og við dreifðum honum um firðina á alla litlu staðina. Svo vorum við nokkuð öflug í sjúkraflugi á þessu svæði, Norðvesturlandi, útskýrir Hörður. Starfsemin á Vestfjörðum hélt áfram í rúman aldarfjórðung en samhliða var fyrirtækið með verkefni erlendis. „Við tókum að okkur verkefni fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Suður-Súdan og Kenía og fyrir Alþjóða Rauða krossinn í Genf, segir Hörður. Fyrirtækið hafi verið bundið við Afríku meira og minna í ellefu ár.

### Aukin umsvif í Reykjavík

Árið 2002 var svo ákveðið að auka umsvifin í Reykjavík. Fyrirtækið átti aðstöðu í Reykjavík sem hafði verið leigð út í nokkur ár og ákveðið var að taka við henni aftur. „Við byrjuðum á leiguflugi. Þetta var í upphafi útrásarinnar svokölluðu. Þá hafði ég starfað erlendis í ein átta ár, var á heimleið aftur og við byrjuðum í Reykjavík 2003 með eina litla skrúfuþotu sem var heppileg til ýmissa verkefna. Það var að aukast að menn vildu vera fljótir í ferðum og förum milli landa,“ segir Hörður. En skjótt fengu íslenskir athafnamenn svo ofboðslega mikinn pening milli handanna að þeir keyptu hverja einkaþotuna á fætur annarri.



**Við vorum með póstáætlunarflug. Daglegur póstur kom frá Reykjavík til Ísafjarðar og við dreifðum honum um firðina á alla litlu staðina.**

„Ég held að það hafi verið komnar 12-13 þotur og ég held að hver þeirra hafi verið dýrari heldur en allur innanlandsflotinn, þó að það hafi ekki verið nema 10-12 farþega vélar, segir Hörður. Ernir fór þá að taka að sér verkefnaflug fyrir ríkið. „Það var boðið út flug fyrir afskekkta staði eins og Gjögur og Bíldudal og Hornafjörð, sem þurftu á samgöngum að halda, en þessi flug gátu ekki borið sig á viðskiptalegum grunni,“ segir Hörður. Flugfélag Íslands hætti síðan að fljúga til Vestmannaeyja þegar Herjólfur byrjaði að sigla í Landeyjahöfn og Ernir tók við Vestmannaeyjaflugi.

„Síðan bættum við Húsavík við,“ segir Hörður. Áætlunarflugið byggir því á samblandi af flugi sem er fjármagnað af ríkinu og flugi sem er rekið á markaðslegum forsendum. Hörður segir rekstur félagsins ganga betur þegar stöðunum sem flogið er á fjölgar. „Það er eiginlega enginn staður á Íslandi sem ber sig einn og sér. Þetta er rosalega dýr rekstur og mikið skattlagður, bæði beint og óbeint. Þannig að maður þarf að fá nýtingu í flugvélunum og nýtingu á allri fjárfestingu, mannskap og öðru slíku,“ segir Hörður. Þess vegna hafi Vestmannaeyjum og Húsavík verið bætt við.

***Hvað eruð þið með margar vélar í rekstri í innanlandsflugi?***

„Við erum með þrjár nítján sæta vélar og erum að bæta fjórðu við. Svo erum við með þrjár minni sem við notum í útsýnisflug í túristabransanum og minni verkefni, tvær eins hreyfils vélar og eina tveggja hreyfla vél, segir Hörður. Stærri vélarnar eru af gerðinni Jet Stream 32. Hörður segir þær vera mjög vel útbúnar, með túrbínuhreyflum og jafnþrýstibúnaði. Þær séu alveg sambærilegar við Fokker og aðrar innanlandsvélar nema hvað þær eru aðeins minni.

### Meira en áætlunarflug

Vélarnar eru nýttar í meira en áætlunarflugið því Ernir hefur gert nokkuð af samningum við fyrirtæki um flug. Hörður segir flest slík flug vera farin til Grænlands og Noregs. „Það er mjög þægilegt að geta farið frá Íslandi til Norður-Noregs. Við getum gert þetta á einum degi. Fólk fer út á fund, eða að skoða skip eða verksmiðjur, eða hvað sem er. Við getum farið að morgni og komið aftur að kvöldi. Fólk sparar sér fleiri daga og meiri ferðalög, segir Hörður. Hann segir fyrirtækið ekki hafa keypt sér vél í þessi verkefni en hugsanlega verði næstu skref að kaupa litla þotu. „Fyrirtæki eru að taka við sér eftir mikla baráttu undanfarinna ára og fyrirtæki finna fyrir hagkvæmni þess að geta nýtt sér leiguflugið meira sem þau gátu kannski bara af fjárhagslegum ástæðum ekki gert áður.“

Einnig flýgur Ernir innanlands í leiguflugi fyrir fyrirtæki og bindur Hörður vonir við að sú starfsemi muni aukast. Hann bendir til dæmis á uppbygginguna á Húsavík. „Við erum þegar komin með samninga við nokkra verktaka sem eru að taka að sér verkefni þarna á svæðinu,“ segir Hörður. Þarna sjáist afleidd áhrif af þeim verkefnum. „Það hefur mikið að segja þegar hjól atvinnulífsins fara að snúast. Þá hefur þetta mikil áhrif á allt spektrúmið; samgöngur og atvinnumál og líf í bæjarfélögum og annað slíkt.“

Þá keypti Ernir búnað til sjúkraflutninga í vélar sínar, sem Hörður segir að sé mjög fullkominn. „Það er nánast hægt að setja gjörgæslubúnað um borð á klukkutíma. Og við erum með nánast öll flug til útlanda þar sem fólk er að fara í líffæraskiptaaðgerðir eða slíkt,“ segir Hörður. Í þeim tilfellum vinnur Ernir fyrir Landspítalann og fær Ernir greitt fyrir hverja flogna ferð. Mest er flogið til Gautaborgar og



## BUBBI MEÐ NÝ LÖG

**Bubbi Morthens verður með tónleika í Fríkirkjunni í Hafnarfirði í kvöld kl. 20.30. Á tónleikunum flytur Bubbi nýtt efni af plötu sem er væntanleg innan fárra vikna. Í bland verður eldri tónlist. Á laugardag verður Bubbi í Hlégarði í Mosfellsbæ og félagsheimilinu í Kjós á sunnudag.**












**FARSÆLL FERILL** „Steinunn segir sjálf að „Ísland sé svo keramískt“, og þar held ég að hún hafi hitt naglann á höfuðið,“ segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, sem hér stendur við hlið Steinunnar Marteinsdóttur að Hulduhólum. MYND/GVA

# KRAFTMIKIL OG EINFÖLD Í SENN

**SÖGULEG SÝNING** Leirlistakonan Steinunn Marteinsdóttir á að baki langan og farsælan feril. Hönnunarsafn Íslands undirbýr nú sýningu á verkum hennar og er biðlað til almennings um upplýsingar um verk hennar svo hægt sé að skrá þau til hlítar.

Þessa dagana stendur yfir undirbúningur yfirlitssýningar á leirlistaverkum Steinunnar Marteinsdóttur í Hönnunarsafni Íslands. Steinunn, sem býr og starfar að list sinni að Hulduhólum í Mosfellsbæ, á að baki afar langan og farsælan feril og er fyrir löngu orðin þekkt fyrir einkar glæsilegt og fjölbreytt framlag til íslenskrar leirlistarsögu að sögn Hörpu Þórsdóttur, forstöðumanns Hönnunarsafn Íslands, sem biðlar til almennings sem á leirmuni eftir Steinunni, að hafa samband við safnið svo hægt verði að skrá muni hennar til hlítar.

„Hugmyndin að sýningunni kviknaði í samtölum mínum við nokkra íslenska leirlistamenn sem hvöttu mig til að tala við Steinunni. Ég gekk á fund hennar ásamt Ingu Ragnarsdóttur fyrir nokkrum árum til að skoða þennan möguleika. Íslenskir leirlistamenn bera mikla virðingu fyrir Steinunni og ævistarfi hennar og það er hlutverk okkar sem störfum í framlínu menningarstofnana að taka þessar ákvarðanir, hvað eigi að sýna hverju sinni og á þessum fundi varð ég sannfærð.“

### MIKIL SÉRSTAÐA

Verk Steinunnar hafa mikla sérstöðu að sögn Hörpu. „Þau hafa auðvitað þróast á löngum ferli hennar en þegar við horfum núna yfir feril hennar þá þekkjum við vel skreytið sem einkennir verk hennar og formið, sem í vissum verkum hennar er mjög sérstakt. Ákveðin verk einkennast af fágun í formi og skreyti en í öðrum kemur fram kraftmikil túlkun. Svo eru verk sem hafa bæði í sér, mikið skreyti og jafnvel flúr sem kallast á við einfalt ➡



GÓMSÆT HLAÐBORÐ



Mínir menn er alhliða veisluþjónusta sem byggir á meira en 30 ára reynslu Magnúsar Inga og býður upp á heit og köld hlaðborð, smárétti, pottrétti, súpur og fleira.

Hlaðborðin eru vinsæl enda gæðin í fyrirrúmi þótt verðið sé í lágmarki en það hefur staðið í stað í mörg ár.

**Klassíska hlaðborðið kostar 1.990 kr. á mann og verðið á öðrum hlaðborðum og veislumat er í sama dúr.**

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

INNEIGNAR-MIÐI

5.000 kr. inneign upp í veislu frá Mínum mönnum.

Klipptu miðann út og hafðu hann með þér við pöntun.

Gildir til 15.1. 2016.

**Nánari upplýsingar á minirmenn.is og á Facebook**











Áheyrnarprufum er lokið en hægt verður að senda inn myndbönd til **30. september**.
Smelltu þér inn á **www.stod2.is/talent**


form. Verk hennar eru gjöful, þau eru mikil uppspretta. Þegar þau eru skoðuð þá gefa þau mikið til baka og þau hafa áhrif í því rými þar sem þau eru. Mögnuð í einfaldleika sínum eða mögnuð í sinni kraftmiklu mynd.“

**MIKILL FRUMKVÖÐULL**

Um 1975 fer Steinunn að umrita íslenskt landslag og íslenska náttúru í leirlistina að sögn Hörpu og er að því leyti frumkvöðull að taka þetta gamalgróna stef, íslenskt landslag, inn í leirlistina. „Steinunn segir sjálf að „Ísland sé svo keramískt“, og þar held ég að hún hafi hitt naglann á höfuðið. Hún er svo sannarlega að lesa umhverfi okkar og umrita yfir í leirinn og það verður spennandi að sýna eitthvað af þessum verkum aftur, núna 40 árum síðar.“

Landsmenn geta helst skoðað verk Steinunnar í listhúsi hennar að Hulduhólum í Mosfellsbæ en þar rekur hún gallerí. „Það er gaman að koma til hennar í þetta skemmtilega hús sem hún og fyrrverandi eiginmaður hennar, Sverrir Haraldsson, byggðu í Mosfellssveitinni árið 1969. Verk Steinunnar má einnig finna í söfnum hérlendis og á opinberum stöðum, bæði hér á landi og erlendis. Því miður er íslensk leirlist ekki nógu sýnileg að staðaldri en það er hlutverk Hönnunarsafnsins að vinna að því að hún verði aðgengileg.“



**ÁTTU MUNI?**

Sem fyrr segir biðlar Harpa til almennings um að hafa samband við safnið ef hann á einhver verk eftir hana. „Það er auðvelt að þekkja leirmuni Steinunnar þrátt fyrir að verk hennar séu einstaklega fjölbreytt. Hún merkir verk sín yfirleitt SM, S Mart eða Steinunn. Hægt er að senda upplýsingar á netfangið honnunarsafn@honnunarsafn.is. Við viljum fá upplýsingar um allt, skálar stórar sem smáar, vasa o.fl. Það er ekki endilega verið að biðja fólk um að lána verkin á sýninguna heldur er þetta hluti af undirbúningsvinnu sýningarinnar. Almenningur hefur frest til lok október.“

Sýningin verður haldin í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ og verður opnuð snemma í janúar árið 2016.





**RAÐAÐ UPP** Unnið að sýningu á Kjarvalsstöðum árið 1991. MYND/JÓHANN A. KRISTJÁNSSON



**OPIÐ HEIMILI** Sýning að Hulduhólum árið 1981. MYND/EMIL ÞÓR SIGURÐSSON

# EKKI ALLT SEM SÝNIST

*Þurrkaðir ávextir teljast gjarnan til heilsufæðu og eru það vissulega að einhverju leyti. Þeir innihalda ýmis vítamín eins og ávextir almennt en þegar vatnið úr þeim hefur verið fjarlægt eykst hættan á að borðað sé of mikið.*

Til umhugsunar/Við þurrkun ávaxta verður mikil samþjöppun á ávaxtasykri og eykst kaloríufjöldinn við það. 100 g af plómum innihalda til að mynda 46 kaloríur en sama magn af sveskjum 240 kaloríur.



Vatnið í hefðbundnum ávöxtum gerir það að verkum að fólk fær yfirleitt nægju sína fljótt en þegar það hefur verið fjarlægt eykst hættan á að fólk borði of mikið.

Í því samhengi má nefna að 13 plómur gera aðeins einn desílítra af sveskjum. Sömuleiðis gefa 17 apríkósur sama magn af þurrkuðum apríkósum. Eins gefa 150 vínber aðeins 1 desílítra af rúsínum.

Fæstir myndu borða sautján apríkósur á einu bretti en mörgum finnst ekkert tiltökumál að borða heilan poka þegar búið er að þurrka þær. Þá er hætt við því að innbyrt sé of mikið af ávaxtasykri í einu sem getur hækkað blóðsykurinn alveg jafn mikið og sykur.

Í sumum tilfellum tapast líka vítamín við þurrkunina. Í plómu er til að mynda að finna 16 prósent af ráðlögðum dagskammti C-vítamíns en í sveskju aðeins eitt prósent.



Vissir þú að 150 vínber gefa aðeins 1 desílítra af rúsínum?

# Hjálpin

Fréttablað Rauða krossins

30. SEPTEMBER 2015

Rauði krossinn



## Hundaknús vekur gleði

**Í dag starfa um 450 sjálfboðaliðar sem heimsóknarvinir á vegum Rauða krossins um allt land. Þeirra á meðal eru þau Guðrún Snorradóttir og hinn loðni Jaki sem leita nú að vinum í Dalvíkur- eða Fjallabyggð.**
SÍÐA 6

### Vertu næs

**Vertu næs er tveggja ára átak Rauða krossins sem hvetur fólk til að koma fram við hvert annað af virðingu.** SÍÐA 3

### 2.200 tonn af fatnaði

**Fatasöfnun Rauða krossins er mikilvæg fjáröflun. Tekjurnar fara m.a. í að kosta mikilvæg verkefni.** SÍÐA 4

### Aðstoða flóttafólk

**Margir sjálfboðaliðar eru tilbúnir að aðstoða flóttamenn með fyrstu skrefin í nýju landi.**
SÍÐA 10

MYND/AUÐUNN NÍELSSON

HJÁLPUM **FLÓTTAFÓLKI**

Rauði krossinn

Flóttamenn hafa aldrei verið fleiri í mannkynssögunni.
Við getum lagt okkar af mörkum.

Styrktarnúmer Rauða krossins eru: **904 1500 | 904 2500 | 904 5500**





Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi.

# Ágæti lesandi

Umræða undanfarinna vikna og mánaða hefur svo sannarlega beint athyglinni að hjálpar- og mannúðarstarfi hér á landi og um heim allan. Sú umræða hefur dregið fram skoðana-, viðhorfa- og áherslumuninn sem ríkir í samfélaginu. Umræða og rökræða er mikilvæg í upplýstu samfélagi, en til þess að hún leiði okkur fram á veginn þarf hún að byggjast á þekkingu og fordómaleysi. Það er hlutverk stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga og Rauða krossins að veita haldgóðar upplýsingar svo að skoðanaskipti séu byggð á staðreyndum. Það er því nauðsynlegt að almenningur eigi greiðan aðgang að tiltækum upplýsingum, sé tilbúinn að kynna sér málin og taki síðan afstöðu af yfirvegun og sanngirni.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu heims. Hvert sem farið er um heiminn má búast við að sjá merki þessarar mannúðarhreyfingar, ýmist rauðan kross eða hálfmána. Þetta gefur okkur til kynna að hreyfingin sé alls staðar á vaktinni, í hjálparstarfi til að lina þjáningar eftir náttúruhamfarir, farsóttir, stríð. Rauði krossinn leitar þeirra sem höllum fæti standa, eru berskjaldaðir og veitir þeim aðstoð og hjálp án skilyrða, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Við eigum því láni að fagna Íslendingar að búa í friðsælu landi, við búum langflest við góð lífskjör og höfum komið okkur upp styrku samfélagskerfi sem á að vernda þegnana. Þrátt fyrir þetta er alltaf þörf á umbótum, sumir búa við einangrun og kröpp kjör. Í hraða nútímasamfélagsins gleymast einhverjir, þeirra þarfir víkja og eftirsóknin eftir efnislegum gæðum glepur fólki oft sýn. Það er því mikilvægt að minna á það að þjóðfélagið verður betra og fólkið hamingjusamara ef við gætum hvert annars og sjáum til þess að enginn verði útundan.

Rauði krossinn á Íslandi er sterk almannahreyfing. Um allt land eru starfandi deildir sem sjá um verkefni í sínu nærumhverfi. Gott er því að sem flestir taki þátt í starfi Rauða krossins í sínu samfélagi, hver eftir sinni getu og möguleikum. Þannig vinnum við öll saman að því að styrkja og styðja þá sem eru berskjaldaðir tímabundið eða til frambúðar.

**ÁGÆTI LESANDI**

Nú hefur þú fengið í hendur Hjálpina, blað sem á að kynna fyrir þér og þjóðinni hið fjölbreytta starf Rauða krossins á Íslandi. Við lestur þess munt þú komast að því að Rauða krossinum er fátt óviðkomandi og hinn mikli fjöldi sjálfboðaliða okkar leggur mikið til samfélagsins alls. Sumir leggja okkur lið tímabundið, aðrir árum saman. Verðmæti sjálfboðins starfs er ómetanlegt, það hefur gildi fyrir sjálfboðaliðana og samfélagið allt. Mannúðarstarf á sér engin landamæri.

Okkur stendur nefnilega ekki á sama

*Með bestu kveðjum,*
*Sveinn Kristinsson,*
*formaður Rauða krossins á Íslandi*



Ragna Árnadóttir, varaformaður Rauða krossins á Íslandi, og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og verndari Rauða krossins á Íslandi, tóku við ávísuninni ásamt starfsmönnum Rauða krossins.

# Spilað fyrir gott málefni

**Spilarar tölvuleiksins EVE Online hafa á undanförnum árum safnað um 60 milljónum til mannúðarstarfa víða um heim. Fjármununum er komið til Rauða krossins, sem hefur m.a. ráðstafað þeim í þörf verkefni í Pakistan, Haítí, Japan, Filippseyjum og Nepal.**

Tölvuleikjafyrirtækið CCP hefur um árabil lagt sitt af mörkum til góðgerðamála í samvinnu við Rauða krossinn. Í júní síðastliðnum afhentu starfsmenn fyrirtækisins til að mynda fulltrúum Rauða krossins 13,8 milljónir króna fyrir hönd spilara tölvuleiksins EVE Online. Söfnunin fór alfarið fram í leiknum sjálfum og rennur söfnunarféð óskipt til Rauða krossins á Íslandi að sögn Eldars Ástþórssonar, upplýsingafulltrúa CCP. „Söfnunin fór þannig fram að spilarar tölvuleiksins EVE Online létu fé af hendi rakna til hjálparstarfsins í Nepal með gjaldmiðlinum PLEX (Pilot Licence Extension) sem er annar af tveimur gjaldmiðlum EVE-heimsins sem spilarar leiksins nota. Raunvirði hvers PLEX er um 15 Bandaríkjadollarar og sá CCP um að færa þá fjármuni sem spilarar leiksins söfnuðu yfir í Bandaríkjadollara og þaðan til Rauða krossins á Íslandi, sem stendur fyrir neyðaraðstoð í Nepal og styður alþjóðlegt hjálparstarf á svæðinu.“



Spilarar EVE Online hafa safnað 60 milljónum undanfarin ár.

**TIL EFTIRBREYTNI**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var viðstaddur afhendinguna og hrósaði um leið spilurum leiksins og starfsfólki CCP fyrir þann samhug sem íbúum Nepal væri sýndur með söfnuninni. „Ólafur Ragnar minntist einnig á hvernig þessi söfnun okkar væri gott dæmi um hvernig hugvit og ný tækni geti nýst til góðra verka og ekki síður hvernig þetta framtak gæti verið öðrum leikjafyrirtækjum heimsins til eftirbreytni. Enda brýtur svona söfnun niður landamæri og hindranir og það væri svo sannarlega virðingarvert að sjá og upplifa hvernig samfélag spilarar EVE Online alls staðar að úr heiminum kæmu saman með þessum hætti til að leggja fórnarlömbum jarðskjálftanna í Nepal lið.“

Forseti Íslands er verndari Rauða krossins á Íslandi en það var Ragna Árnadóttir, varaformaður Rauða krossins á Íslandi, sem tók við ávísuninni ásamt starfsmönnum Rauða krossins.

**SJÖTTA ÁTAKIÐ**

Þetta er í sjötta sinn sem CCP ýtir úr vör söfnunarátaki til mannúðarmála í samstarfi við spilara EVE Online undir slagorðinu PLEX for Good. „Spilarar leiksins hafa áður stutt við fórnarlömb flóða í Pakistan, jarðskjálftanna á Haítí, fellibylsins Katrinu í Bandaríkjunum, jarðskjálfta og flóða í Japan og fellibylsins sem skók Filippseyjar fyrir tveimur árum. Samtals hafa safnast um 45 milljónir króna en met var slegið í síðustu söfnun fyrir íbúa Filippseyja þegar rúmlega 22 milljónir króna söfnuðust. Að meðtöldu framlaginu til Nepal, sem afhent var í sumar, hafa spilarar leiksins því safnað og gefið hátt í 60 milljónir til mannúðarstafa.“

Útgefandi: Rauði krossinn / Umsjónarmaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir / Ábyrgðarmaður: Hildur Björk Hilmarsdóttir



# Með fjölmenningu vex mannauðurinn

VERTU NÆS

**Liður í áskorun Vertu næs verkefnis Rauða krossins, sem bæði einstaklingar, stofnanir, samtök og fyrirtæki geta tekið þátt í, er fyrirlestra- og námskeiðshald um fjölmenningu og fordóma. Fyrirlesararnir telja það mikilvægt að gefa sem flestum tækifæri og vettvang til að hugsa um þessi mál og benda fólki á aðferðir til þess að sigra fordóma og vera næs.**

Þau Anna Lára Steindal og Juan Camilo Roman Estrada halda fyrirlestra og námskeið um fjölmenningu og fordóma á vegum átaks Rauða krossins Vertu næs. „Okkar markmið með þessum fyrirlestrum og námskeiðum er að bjóða fólki tækifæri til þess að ræða málin og auka skilning á þeim tækifærum og áskorunum sem fjölmenningin skapar,“ segir Anna Lára.

Verkefnið er þeim mjög hjartfólgið og segja þau fordóma vera alls staðar og að þeir stýri oft samskiptum fólks. „Okkur finnst mjög mikilvægt að vera meðvituð um hvernig fordómar móta stundum viðhorf og hegðun sem getur haft neikvæð áhrif á líf annarra og við fjöllum líka um leiðir til þess að sigra fordóma,“ segir Juan.

## AUKINN SKILNINGUR NAUÐSYN

Þar sem íslenskt samfélag hefur breyst hratt á undanförnum árum og um tíu prósent þjóðarinnar eru af erlendum uppruna segja þau Anna Lára og Juan að mikilvægt sé að auka skilning á innflytjendamálum og fjölmenningu almennt og því hvernig hegðun okkar allra og framkoma ræður miklu um þróun þess samfélags sem við búum nú í. „Við teljum að duldir fordómar séu algengustu fordómarnir hér á Íslandi þar sem innflytjendur upplifa mismunun á dulinn hátt. Tungumálið er eitt besta dæmið, það er margt fólk sem búið er að reyna að læra íslensku, eyða tíma og peningum í nám, sem fer síðan út til að spjalla en það endar oft þannig að enginn vill tala við viðkomandi á íslensku, fólk fer gjarnan að tala ensku ef manneskja talar með sterkum hreim. Þrátt fyrir það eru erfiðleikar með íslenskuna svo stundum notaðir sem eins konar afsökun til að gera lítið úr fólki eða mismuna því,“ útskýrir Juan.

Anna Lára segir mikilvægt að skilja að það sé eðlilegt að nota fordóma í daglegu lífi, þeir séu viðmið til að túlka raunveruleikann og að við komumst ekki af án þeirra. „Allir hafa fordóma – fyrirfram gefnar hugmyndir um allt mögulegt. En vandamálið skapast þegar við látum fordóma stjórna viðhorfum okkar og hegðun í garð annars fólks. Eftir því sem fólkið sem við eigum daglegt samneyti við verður fjölbreyttara, því meira máli skiptir að veita fordómunum eftirtekt og vinna með þá.“

## GERIST EKKI AF SJÁLFU SÉR

Juan og Anna Lára eru sammála um að það sé margt jákvætt við fjölmenninguna. „Því betur sem við kynnumst heiminum og hvernig aðrir nálgast hann því betur skiljum við okkar eigin veröld og verðum þannig hæfari til þess að leggja heilbrigða dóma á hana. Þannig að við verðum ríkari og hæfari á svo mörgum sviðum í fjölmenningu en ekki í einsleitni,“ segir Juan og Anna Lára bætir við: „Ef við leggjum okkur fram við að vinna úr þeim áskorunum sem fjölmenningin skapar og nýta kostina, er fjölmenning mjög jákvætt fyrirbrigði – mannauðurinn í samfélaginu vex. Aukin tungumálakunnátta, nýir straumar í mat og menningu, aukinn skilningur sem liðkar fyrir viðskiptum við lönd og fólk sem er „öðruvísi“ en við. Listinn er langur. En þetta gerist ekki af sjálfu sér, við verðum að leggja okkur fram við að ýta undir kostina og vinna úr áskorununum.“

*Nánari upplýsingar um áskorunina er að finna á heimasíðunni vertunaes.is.*



Anna Lára og Juan telja að það sé mikilvægt að auka skilning á innflytjendamálum og fjölmenningu. Þau halda fyrirlestra og námskeið á vegum átaksins Vertu næs.

MYND/GVA

## NOKKRAR ÁHUGAVERÐAR STAÐREYNDIR

- **Algengt er að börnum af erlendum uppruna hér á landi líði verr en öðrum jafnöldrum. Þau segjast eiga færri vini, þau eru líklegri til að vera skilin útundan og að verða fyrir stríðni.**
- **Á fyrsta árinu sem Rauði krossinn sinnti réttindagæslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd (hælisleitendur) sóttu 220 manns um vernd.**
- **„Mér var misboðið, ég var uppgefinn, ég var niðurlægður, einmana, einangraður, ég varð fyrir vonbrigðum, ég fann fyrir stressi, kvíða, óréttlæti, óöryggi, ég grét, mér fannst ég niðurlægð.“ Þetta er meðal þeirra tilfinninga sem vakna með fólki sem verður fyrir fordómum.**
- **Flestir hælisleitendur á Íslandi vilja leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins. Margir þeirra vilja því vinna og greiða skatt frekar en að þiggja framfærslu frá íslenskum stjórnvöldum. Hælisleitendur eiga rétt á sérstöku bráðabirgðaatvinnuleyfi sem gildir til 6 mánaða í senn. Að finna vinnu kennitölulaus getur þó verið snúið því fæstir atvinnurekendur þekkja atvinnuleyfið sem hælisleitendur eiga rétt á. Þá tekur afgreiðsla umsókna um atvinnuleyfið alltaf einhvern tíma og oft er atvinnutækifærið runnið mönnum úr greipum þegar afgreiðslu leyfisins lýkur.**
- **Á síðastliðnu ári hefur fólk frá 43 þjóðlöndum sótt um alþjóðlega vernd hér á landi. Langflestir sem hingað hafa leitað eru frá Albaníu en á eftir kemur fólk frá Makedóníu, Sýrlandi, Úkraínu og Írak.**
- **Frá því að Rauði krossinn tók við réttindagæslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd þann 25. ágúst 2014 hafa 270 manns notið talsmannaþjónustunnar. Af þeim hafa 13 einstaklingar fengið alþjóðlega vernd. 51 hefur yfirgefið landið. Önnur mál eru enn til meðferðar.**



Mynd/Ester Magnúsdóttir

## Taktu áskoruninni – Vertu næs!

Vertu næs er tveggja ára átak Rauða krossins sem hvetur fólk til að koma fram við hvert annað af virðingu. Uppruni, litaraft og trúarbrögð eiga ekki að skipta máli.

Reglulega kemur út skýrsla á vegum Rauða krossins á Íslandi sem ber heitið „Hvar þrengir að?“ Hún er gerð til að gefa Rauða krossinum vísbendingar um hverjir standa höllustum fæti á Íslandi og mótar félagið verkefni sín meðal annars út frá skýrslunni. Hún kom síðast út vorið 2014 og niðurstöður sýndu fram á að stór hluti Íslendinga telur fordóma gagnvart fólki af erlendum uppruna fara vaxandi. Skýrslan sýndi einnig fram á að stór hluti innflytjenda stendur höllum fæti hér á landi. Aðrar rannsóknir sýna einnig fram á að mismunun á grundvelli uppruna er staðreynd í íslensku samfélagi.

Rauði krossinn ákvað að bregðast við þessu með tvennum hætti. Annars vegar að efla málsvarastarf félagsins og hins vegar að blása til tveggja ára átaks, sem síðar fékk nafnið Vertu næs.



**Þórunn Lárusdóttir**
verkefnastjóri Vertu næs

Markmið átaksins er að vekja íslenskt samfélag til umræðu um stöðu fólks af erlendum uppruna hér á landi, upplýsa þjóðina um stöðu þess og afleiðingar fordóma í garð þess.

Einn liður í þessu tveggja ára átaki er áskorun til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og samtaka. Áskorunin snýst um að fólk líti í eigin barm og skoði hvort það geti gert betur. Fjölmenning er ung á Íslandi og við erum í þeirri forréttindastöðu að geta litið til annarra landa og lært af þeim hvernig best er að haga samþættingu. Mikilvægast af öllu er að hver og ein manneskja sem hingað flytur geti notið sín á þann hátt að bæði viðkomandi og samfélagið njóti góðs af. Það vinnst því mikið ef fólk tekur á móti þeim sem hingað koma með opnum hug. Áskorunin hófst þann 16. september og hafa landsmenn tekið vel á móti henni. Fjöldi fyrirtækja, stofnana, samtaka og einstaklinga hafa sýnt samhug í verki og ætla að leggja sitt af mörkum til að samfélagið okkar geti blómstrað og notið til fulls alls þess sem það hefur upp á að bjóða.




Hjartastopp gerir ekki boð á undan sér

BÓKAÐU UPPLÍFGANDI SKYNDIHJÁLPARNÁMSKEIÐ

www.skyndihjalp.is

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

# Skilar sannarlega áþreifanlegum árangri

**Fatasöfnun Rauða krossins er mikilvægt verkefni sem hjálpar bágstöddum innanlands og erlendis og er líka mikilvæg fjáröflun. Tekjurnar fara m.a. í að kosta Neyðarmiðstöð Rauða krossins, Hjálparsímann 1717 og þróunarverkefni í Malaví.**

Fatasöfnun Rauða krossins hóf starfsemi sína sem formlegt verkefni árið 2000 en Rauði krossinn hafði þó árin á undan tekið við fötum í miklum mæli. Að sögn Arnar Ragnarssonar, sviðsstjóra hjá Rauða krossinum, hefur hlutverk Fatasöfnunar Rauða krossins frá upphafi verið að taka við öllum fötum frá Íslendingum, selja þau í Rauðakrossbúðum, gefa bágstöddum innanlands og erlendis og selja svo það úr landi sem ekki nýttist í starf Rauða krossins. „Smátt og smátt hefur fatasöfnunin orðið mikilvæg tekjuöflun fyrir okkur en hreinar tekjur af verkefninu námu 115 milljónum í fyrra. Með þessum fjármunum höfum við t.d. kostað Neyðarmiðstöð Rauða krossins, Hjálparsímann 1717 ásamt þróunarverkefnum í Malaví.“

Magn fatnaðar sem berst til Rauða krossins vex stöðugt á milli ára að sögn Arnar. „Fyrsta árið tókum við á móti 512 tonnum og næstu árin óx magnið jafnt og þétt. Eftir hrun kom smá dýfa en árið 2009 söfnuðust 795 tonn og við gerum ráð fyrir að magnið verði yfir 2.200 tonn á þessu ári. Það má eiginlega segja að vöxturinn frá 2009 hafi verið nánast ævintýralegur.“

Fatasöfnunin fer fram á þrjá vegu. Á endurvinnslustöðvum Sorpu er tekið á móti fötum og hefur verið gert frá árinu 2000. „Segja má að samstarfið við Sorpu og Eimskip séu hornsteinar verkefnisins. Einnig höfum við dreift grenndargámum víða um höfuðborgarsvæðið auk þess sem deildir Rauða krossins um allt land hafa sett upp grenndargáma hjá sér. Flytjandi annast svo flutning suður, okkur að kostnaðarlausu, og Eimskip flytur gámana frá okkur á mjög góðu verði. Samningurinn við Eimskip er okkur afar mikilvægur.“



Grenndargámar bíða eftir að komast á grenndarstöðvar.

**„Við úthlutuðum um sex tonnum af fatnaði innanlands í fyrra til hátt í tvö þúsund einstaklinga. Það sem af er árinu hefur verið úthlutað um 5,3 tonnum.**

**MIKILL VÖXTUR**

Sjö starfsmenn starfa við fatasöfnunarverkefnið, fimm í flokkunarstöð og tveir við rekstur verslana á höfuðborgarsvæðinu. Úti á landi annast deildir á viðkomandi stað rekstur verslana auk þess sem öflug flokkun og pökkun fer fram á Akureyri. „Þegar við fáum föt í hús reynum við að vinsa úr bestu flíkurnar og setja þær í verslanir eða í úthlutun til bágstaddra, bæði innanlands og erlendis. Það sem við getum ekki nýtt í starfi Rauða krossins er selt til Hollands og Þýskalands.“

Fatasöfnun Rauða krossins hefur svo sannarlega skilað áþreifanlegum árangri. „Við úthlutuðum um sex tonnum af fatnaði innanlands í fyrra til hátt í 2.000 einstaklinga. Það sem af er árinu hefur verið úthlutað um 5,3 tonnum. Auk þess höfum við frá upphafi sent mikið af fötum til fátækra erlendis. Fyrst sendum við föt til ýmissa Afríkuríkja, t.d. Gambíu og Malaví, en þar hefur Rauði krossinn á Íslandi sinnt ýmsum verkefnum. Síðustu árin hefur áherslan verið á Hvíta-Rússland en þangað sendum við um 40 tonn í fyrra og áætlum að senda um 50 tonn í ár, þar á meðal hina vinsælu barnapakka sem sjálfboðaliðar um allt land útbúa samkvæmt ákveðinni forskrift og af miklum metnaði. Þessir pakkar eru sjálfboðaliðum til mikils sóma.“



„Það má eiginlega segja að vöxturinn frá 2009 hafi verið nánast ævintýralegur,“ segir Örn Ragnarsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. MYNDIR/GVA



## Farsælt samstarf

Eimskipafélag Íslands hefur átt í farsælu samstarfi við Rauða krossinn síðan árið 2009. Víða um land annast starfstöðvar Eimskipafélagsins móttöku á fatnaði í samvinnu við Rauðakrossdeildina á hverjum stað. Flutningaþjónusta Eimskips, Flytjandi, sér síðan um að flytja fötin til Reykjavíkur án endurgjalds.

Þegar til Reykjavíkur er komið fara fötin í flokkunarstöð Fatasöfnunar Rauða krossins þar sem þau eru flokkuð eftir því hvort á að nota þau innanlands eða erlendis. Mesti stuðningur Eimskips felst í flutningi á fötunum í gámum til Rotterdam eða Hamborgar. Þar eru þau flokkuð með enn ítarlegri hætti og eru síðan send með skipum út um allan heim. Árið 2014 flutti Eimskip 136 gáma fyrir Rauða krossinn.

Samstarf Rauða krossins og Eimskips hefur mikla þýðingu fyrir starfsmenn Eimskips en verkefnið skapar mikla samstöðu meðal þeirra. Þegar til dæmis fatasöfnunardagur Rauða krossins er haldinn er hann auglýstur vel innan fyrirtækisins og er þátttaka starfsmanna alltaf mjög góð, sem m.a. koma með föt að heiman. Enda líta starfsmenn fyrirtækisins á samstarfið með tvennum hætti. Annars vegar skilar það góðu framlagi til samfélagsins innanlands og erlendis og hins vegar styrkir það stoðir fyrirtækisins þar sem starfsmenn þess taka þátt í sameiginlegu verkefni.



## Traustur hlekkur

Sorpa hóf samstarf við Rauða krossinn í maí árið 2000. Rauði krossinn hefur frá upphafi þess samstarfs haft sérmerkta gáma á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu þar sem landsmenn geta gefið fatnað sem síðan er komið til endurnotkunar, bæði innanlands og erlendis. Fatasöfnunargámar eru einnig staðsettir á grenndarstöðvum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að losa sig við fatnað.

Sorpa skapar vettvang fyrir þessa fatasöfnun, starfsfólkið veitir íbúum leiðbeiningar um það sem í gámana má fara og sér um að flytja gámana til Rauða krossins.

Hluti af starfsemi Sorpu snýr að samfélagslegri ábyrgð og koma flestir starfsmenn fyrirtækisins að því verkefni. Sorpa býður m.a. upp á fræðslu til leikskóla, grunnskóla, menntaskóla, háskóla og fyrirtækja. Auk þess starfrækir Sorpa nytjamarkaðinn Góða hirðinn ásamt því að skapa vettvang fyrir félagasamtök eins og Rauða krossinn til að safna hráefni á endurvinnslustöðvunum. Starfsfólk Sorpu er stolt af því að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum og aðstoða þá sem minna mega sín auk þess sem starf Rauða krossins samræmist líka stefnu Sorpu um endurnotkun og endurvinnslu.

Stefna Sorpu er lágmörkun úrgangs og endurnot umfram endurvinnslu. Rauði krossinn er því frábært dæmi um endurnot á vörum því fataframleiðsla er mjög auðlindafrekur iðnaður.




## Notuð föt endurnýtt

Rúmt ár er síðan Lín Design hóf, í samstarfi við Rauða krossinn, að taka á móti notuðum fötum og rúmfötum úr eigin framleiðslulínum. Vörurnar sem berast versluninni eru nýttar í verkefni í Hvíta-Rússlandi þar sem þörfin er mikil.

Lín Design er þekkt fyrir umhverfisstefnu sína og hefur m.a. þess vegna hannað og framleitt fjölnota bómullartöskur með slagorðum sem höfða til samfélagslegrar ábyrgðar. Rauði krossinn dreifir töskunum í verslanir sínar um allt land. Þar eru þær seldar gegn vægu gjaldi og nýtist afraksturinn í þágu bágstaddra.

Nú stendur Rauði krossinn frammi fyrir nýrri áskorun vegna flóttamannastraumsins frá Sýrlandi. Lín Design vill leggja sitt af mörkum og er tilbúið að framleiða miklu stærra upplag af töskunum og selja á hærra verði. Neyðin er mikil og kaupandinn veit að greiðslan fer beint til flóttamannanna sjálfra.

Lín Design er einnig í samningaviðræðum við þau hótel sem kaupa rúmfatnað hjá þeim. Markmiðið er að koma notuðum rúmfötum og öllu líni til Rauða krossins en hingað til hefur því verið fargað í stórum stíl.

Bæði starfsmönnum Lín Design og Rauða krossins þykir vænt um þessa samvinnu enda leggja allir sig 100% fram. Það er einnig mikill stuðningur úti í samfélaginu eins og sjá má á samfélagsmiðlum undanfarnar vikur. Verkefnið er því bæði gagnlegt fyrir fólkið sjálft og um leið nýtur náttúran góðs af.



Sandra Grétarsdóttir, verkefnastjóri Rauðakrossverslana, segir sjálfboðaliða vinna ómetanlegt starf. MYND/GVA

# Allur fatnaður er nýttur til góðs

**Rauði krossinn heldur úti fjórum verslunum á höfuðborgarsvæðinu, þremur í Reykjavík og einni í Hafnarfirði. Einnig heldur Rauði krossinn úti verslunum úti á landi. Mismunandi áherslur eru í hverri búð.**

Í Mjóddinni og á Laugavegi 116 er áhersla lögð á fjölskyldufólk, þar eru til dæmis barnaföt, leikföng, bækur og fleira. Á Laugavegi 12 er ekki að finna barnaföt heldur meira vintagefatnað og merkjavöru. Í Hafnarfirði er þetta allt í bland og eins í verslununum úti á landi,“ útskýrir Sandra Grétarsdóttir, verkefnastjóri fatabúða Rauða krossins á Íslandi.

„Við fáum fatnaðinn til okkar frá fataflokkunarstöðinni í Skútuvogi. Fötin koma flokkuð í hverja búð eftir því hvað við á. Sjálfboðaliðar taka fatnaðinn upp, verðleggja hann og selja og sjá um að verslunin sjálf sé snyrtileg og fín,“ segir Sandra og þakkar sjálfboðaliðum ómetanlegt starf. „Verslunarstjóri fer á milli búða en hér vinna eingöngu sjálfboðaliðar. Þetta er stór og góður hópur en um 110 manns vinna í Rauða kross búðunum og í hverri viku eru um 90 þeirra í þessum fjórum búðum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta fólk leggur Rauða krossinum ómetanlegt lið, án þess væri þetta ekki hægt en aðsóknin í búðirnar fer stöðugt vaxandi.“

**„Hjá okkur nýtist allt. Fólk getur óhrætt gefið allt tau, þótt það sé rifið og slitið, því ónýtur fatnaður er nýttur í annað, einnig gömul og slitin sængurver og handklæði.**

Heildarmagn fatasöfnunar Rauða krossins á Íslandi á síðasta ári var 2.006 tonn og því að meðaltali 7,7 tonn á dag. Allt er endurnýtt og öllu breytt í verðmæti og fer hagnaðurinn til hjálparstarfs, bæði hérlendis og erlendis.

„Hjá okkur nýtist allt. Fólk getur óhrætt gefið allt tau, þó það sé rifið og slitið, því ónýtur fatnaður er nýttur í annað, einnig gömul og slitin sængurver og handklæði,“ segir Sandra.

Þá er unnið að endurbótum á útliti verslananna og verður sú fyrsta klár í október. Verslunin að Laugavegi 116 verður fyrst til að fá yfirhalningu. „Við endurbæturnar leggjum við áherslu á endurnýtingu og að verslanirnar séu bæði fallegar og snyrtilegar. Við stefnum á að þegar allar búðirnar hafa verið teknar í gegn verði komið heildrænt útlit á þær allar.“

# Mig hafði alltaf langað að vera búðarkona

„Ég var dottin út af vinnumarkaði vegna veikinda á sínum tíma. Ég er ekki mikið félagsmálatröll og fannst mig vanta eitthvað til að hafa fyrir stafni. Ég hafði alltaf vitað af Rauða krossinum og því starfi sem þar fór fram. Hugsaði meira að segja með mér í gamla daga að þetta gæti ég gert þegar ég hætti að vinna,“ segir Helga Árnadóttir glaðlega, en hún er ein þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem vinna í fataverslunum Rauða krossins.

Helga skráði sig í gegnum heimasíðu Rauða krossins. „Ég kíkti á síðuna þeirra og skoðaði hvað hægt væri að gera. Mig hafði alltaf langað að vera búðarkona þegar ég var lítil stelpa svo ég bara skráði mig og þar með fór boltinn að rúlla. Mér var skellt í búðina á Laugavegi 12 og svo tek ég einnig vaktir í Hafnarfirði,“ segir Helga og er ánægð með starfið.

„Mér finnst þetta frábært. Ég hitti margt fólk, til dæmis mikið af erlendum ferðamönnum á Laugavegi 12 og Íslendingum líka. Mér finnst gaman að þjóna fólki og að viðskiptavinir fari ánægðir út úr búðinni. Þetta á vel við mig, þetta er afar gefandi og ánægjulegt að gera Rauða krossinum gagn.“ „Ég hvet fólk til að kynna sér sjálfboðaliðastarf innan Rauða krossins. Hér er góður andi og mjög skemmtilegir vinnufélagar.“



Helga Árnadóttir dreif sig í sjálfboðaliðastarf Rauða krossins eftir að hún hætti að vinna. Hún segir starfið gefandi og skemmtilegt. MYND/PJETUR

# Dreymir um heklað bikiní



Saga Garðarsdóttir er dugleg að gefa fötin sín.

„Ég er reyndar duglegri að fara með föt af sjálfri mér í Rauðakrossbúðirnar en að versla. Ég kann afar illa við að henda fötum. Ég vil trúa því að fötin öðlist þarna nýtt líf og veiti einhverjum öðrum gleði, bjargi mögulega einhverju óhamingjusömu pari frá skilnaði, fái þau kjól frá mér,“ segir Saga Garðarsdóttir leikkona.

„Ég fer reyndar oft og tékka á einhverjum sérstæðum hlutum sem ég veit að ég mundi aldrei fá annars staðar og sennilega ekki þar heldur en fer samt. Ég á mér til dæmis þann draum að ganga inn í Rauðakrossbúð og finna heklað bikiní eða prjónaða ljónapeysu. Þetta hefur aldrei gerst.“

**Það er helst að ég finni skó á sjálfa mig.**

**SILFURSKÓR**

„Það er helst að ég finni skó á sjálfa mig í Rauðakrossbúð. Það er eins og konur í gamla daga hafi gengið í stærri skóm en í dag. Eða kannski voru herraskór í gamla daga svona konulegir. Ég fann meðal annars silfraða og mjög „speisaða“ flatbotna skó. Ég geng eiginlega aldrei í spariskóm. Ég fer svo sjaldan á sparilega viðburði, er bara innan um pöpulinn. Aldrei tilefni fyrir mig til að skína.“

Hefurðu séð einhvern í fötunum sem þú gefur?

„Ekki enn, en ef það gerist mun ég gefa viðkomandi fimmu. Ég fór um daginn með fótboltatreyjur í Rauða krossinn sem voru allar merktar með nafninu mínu aftan á. Ég er frekar spennt að sjá þær kannski aftur.“

# Rauði krossinn mitt fyrsta stopp



Atli Bollason keypti sína uppáhaldsflík í Rauðakrossbúð.

Atli Bollason bókmenntafræðingur er tíður gestur í fataverslunum Rauða krossins. Hann keypti sína uppáhaldsflík í versluninni við Hlemm.

„Ég versla mjög oft í Rauðakrossbúðunum. Mér finnst gaman að líta við til að skoða og sjá svona hvort eitthvað grípur augað. Ef mig vantar eitthvað sérstakt finnst mér líka tilvalið að kíkja við. Rauðakrossbúðirnar eru í raun mitt fyrsta stopp áður en ég leita annað. Þar finnur maður líka yfirleitt eitthvað á miklu betra verði en annars,“ segir Atli.

**UPPÁHALDSÚLPAN**

„Mín uppáhaldsbúð er verslunin við Hlemm. Þar hef ég oftast fundið eitthvað flott. Til dæmis forláta skíðaúlpu frá Wrangler. Þessi úlpa vekur alltaf eftirtekt hvar sem ég kem. Hún er í miklu uppáhaldi hjá mér. Það má því segja að ég hafi fundið mína uppáhaldsflík í minni uppáhalds Rauðakrossbúð.“

**Mín uppáhalds búð er verslunin við Hlemm.**

**SENDIR TÚRISTANA Í RAUÐA KROSSINN**

„Ég fæ reglulega gesti frá útlöndum og bendi þeim alltaf á að fara í Rauðakrossbúðirnar. Til dæmis ef fólk langar í íslenska lopapeysu. Gestirnir koma yfirleitt yfir sig ánægðir úr þeim ferðum, ekki síst með verðmiðann. Það er líka svo skemmtilegt að fötin eiga sér sögu en koma ekki beint úr verksmiðjunni. Mér finnst líka gott að vita af því að maður er ekki bara að spara aurinn, heldur að styðja endurvinnslu og hlífa umhverfinu og síðast en ekki síst er maður að styrkja Rauða krossinn, sem er frábært.“

# Kíkir fyrir forvitnissakir



Steinþór Helgi Arnþórsson fer fyrir forvitnissakir í fatabúðir Rauða krossins og hefur margoft gert góð kaup.

Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður hljómsveitarinnar Hjaltalín, kíkir reglulega í fataverslanir Rauða krossins, enda alltaf hægt að gera þar góð kaup.

„Mín uppáhaldsfatabúð Rauða krossins er á Laugavegi 12,“ segir Steinþór en hann hefur meðal annars keypt sér nokkra sparijakka í verslunum Rauða krossins. Hann segist yfirleitt ekki skipuleggja kaupin og leiti sjaldnast að einhverju sérstöku.

**HUGO BOSS**

„Ég skoða bara alls konar föt og finnst alltaf gaman að kíkja reglulega við. Ég kíki ekki endilega þegar mig vantar eitthvað sérstakt, frekar þegar ég er forvitinn og í „þannig“ stuði. Ég hef meðal annars keypt marga glæsilega blazera og til dæmis fann ég flottan Hugo Boss-jakka, brúnan. Hann er í miklu uppáhaldi hjá mér núna,“ segir Steinþór.

„Endurnýting skiptir mig líka miklu máli og svo spillir heldur ekki fyrir að ég er að styrkja frábært málefni Rauða krossins.“

# Heimsóknarvinir um allt land

# Þeir rjúfa einangrun

**Um síðustu aldamót var ákveðið innan Rauða krossins á Íslandi að hefja verkefni sem mætir þörf þeirra sem finna fyrir félagslegri einangrun. Verkefnið, Heimsóknarvinir, hefur gefist vel en þörfin er mikil og virðist hún fara vaxandi. Rauði krossinn vinnur reglulega skýrsluna „Hvar þrengir að?“ til að kanna hvaða hópar það eru í íslensku samfélagi sem þurfa á aðstoð okkar að halda. Fólk sem upplifir félagslega einangrun hefur verið ofarlega á þeim lista allt frá upphafi.**

Í dag eru um 450 sjálfboðaliðar sem starfa sem heimsóknarvinir í 36 deildum Rauða krossins um allt land. Heimsóknirnar geta verið með ýmsum hætti en reynt er eftir fremsta megni að hugsa um þarfir þess sem þarf á heimsókninni að halda. Skjólstæðingarnir geta nefnilega verið á öllum aldri, karlar jafnt sem konur, sem glíma við ólík vandamál. Öllu máli skiptir að gera það sem fólki finnst gaman að gera, það sem vinir gera saman til að knýja fram bros á vör. Hægt er að spila, fara í göngutúr eða jafnvel bíltúr, dekka saman kaffi og skoða myndir, hvað sem fólki dettur í hug. Svo má ekki gleyma vinsælustu heimsóknarvinunum en það eru hundarnir. Heimsóknarvinir með hunda vekja mikla gleði meðal skjólstæðinga Rauða krossins. Hvað er annars skemmtilegra en að knúsa loðinn ferfætling, besta vin okkar mannskepnunnar?

Skjólstæðingar heimsóknarvina geta verið aldraðir, einangrað ungt fólk, fangar eða fólk sem glímir við andleg eða líkamleg veikindi. Síðast en ekki síst má nefna hælisleitendur og flóttafólk sem á oft erfitt með að stíga sín fyrstu spor í nýju samfélagi. Þá er gott að eiga góða að.

Frá því að heimsóknarvinir komu til sögunnar hefur verkefnið gefið góða raun og verið vinsælt, bæði á meðal sjálfboðaliða og skjólstæðinga. Þrátt fyrir mikinn meðbyr og velvilja í samfélaginu getum við þó alltaf gert betur. Rauði krossinn óskar eftir þínum kröftum í gefandi sjálfboðaliðastarf. Félagsleg einangrun er mein í íslensku samfélagi en við getum gert okkar til að vinna á því bót.

Hjálpin var á ferðinni á Norðurlandi á dögunum og hitti þar fyrir nokkra sjálfboðaliða sem standa að baki Heimsóknarvinum.

## Hver elskar ekki gott hundaknús?

Heimsóknarvinir með hunda hafa notið mikilla vinsælda síðan þeir voru kynntir til sögunnar fyrir um hálfum áratug. Hjálpin hitti fyrir þrjá nýútskrifaða sjálfboðaliða á Akureyri, þá Jaka, Loka og Bangsa. Þeir voru hinir reffilegustu með sjálfboðaliðaklútana sína og alveg einstaklega krúttlegir. Það verður hreinlega að viðurkennast. Ferfætlingarnir þrír bætast þar með í hóp fjölmargra hunda sem hafa glatt hjörtu þeirra sem hafa fengið heimsóknir frá sjálfboðaliðum Rauða krossins.

**„Við höfum farið með hunda á dvalarheimilið Dalbæ, sem dæmi, og þar vekja þeir mikla lukku. Andlitin á gamla fólkinu hreinlega ljóma af gleði.**

Guðrún Snorradóttir er eigandi Jaka en hann minnir um margt á ísbjarnarhún; hvítur, loðinn og sætur. Þau Guðrún og Jaki eru búsett á Dalvík en þar er mikil þörf fyrir heimsóknarvini. „Því miður hefur verkefnið ekki blómstrað enn á Dalvík en þörfin er sannarlega fyrir hendi. Við sem höfum verið í sjálfboðaliðastarfi fyrir Rauða krossinn höfum tekið eftir því. Við höfum farið með hunda á dvalarheimilið Dalbæ, sem dæmi, og þar vekja þeir mikla lukku. Andlitin á gamla fólkinu hreinlega ljóma af gleði. Hver elskar ekki gott hundaknús?“

Guðrún hefur ásamt Sólbjörtu Friðbjörnsdóttur haft veg og vanda af fatasöfnun á Dalvík og hafa þær stöllur sett fatamarkað á laggirnar í þrígang síðan í maí. „Það er helsta starfið okkar, að safna fatnaði. Það er hreint ótrúlegt hvað það er mikið sem kemur inn. Draumurinn er að geta starfrækt verslun, þótt það væri ekki nema í nokkra tíma á dag.“ Þær Guðrún og Sólbjört eru sannfærðar um að starf Eyjafjarðardeildar Rauða krossins komi til með að verða blómlegt á Dalvík á komandi árum. „Það eru næg verkefni fram undan. Nú vantar bara fólkið.“





MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Hlakka til að byrja



„Við getum ekki beðið eftir að byrja og áhuginn er svo sannarlega til staðar,“ segir **Lee Ann Maginnis**, formaður Austur-Húnavatnssýsludeildar á Blönduósi. „Við höfum rætt þetta á stjórnarfundum og einnig í samfélaginu og það eru allir sammála um að þörfin sé fyrir hendi. Við getum lagt okkar af mörkum og höfum fundið fyrir áhuga, bæði frá fólki sem vantar heimsóknarvini og einnig frá einstaklingum sem eru tilbúnir til að gerast sjálfboðaliðar.“

Lee Ann segir að spennandi tímar séu fram undan á Blönduósi en þess má til gamans geta að hún er yngsti deildarformaður Rauða krossins á Íslandi um þessar mundir. Lee Ann er aðeins 29 ára og á framtíðina fyrir sér innan hreyfingarinnar. „Jú, ég hef heyrt þessu fleygt fram. Það er þó rétt að taka fram að ég verð þrítug í október,“ segir Lee Ann að lokum, hógværðin uppmáluð.

> **Það eru allir sammála um að þörfin sé fyrir hendi. Við getum lagt okkar af mörkum og höfum fundið fyrir áhuga.**

# Maður er manns gaman



**Rannveig Benediktsdóttir** hefur verið sjálfboðaliði hjá Þingeyjarsýsludeild Rauða krossins í eitt ár en deildin er staðsett á Húsavík. Heimsóknarvinaverkefnið er í hennar augum einkar mikilvægt. „Við fáum beiðnir frá dvalarheimilum aldraðra, frá félagsþjónustu sveitarfélagsins, frá spítalanum og jafnvel víðar. Aldursbil skjólstæðinganna er mjög breitt enda er öllum velkomið að sækjast eftir heimsóknarvinum – ungum, jafnt sem öldnum.“

Rannveig er sjálf heimsóknarvinur og er virkilega ánægð með að hafa hent sér út í djúpu laugina. „Ég og skjólstæðingur minn höfum ávallt um nóg að spjalla. Við ræðum mikið um stjórnmál og ættfræði eða hvað sem er á döfinni. Það skiptir auðvitað máli að heimsóknarvinur og skjólstæðingur nái vel saman en ég held að mér sé óhætt að fullyrða að við erum nú orðin góðir vinir og allt hefur gengið vel.“

Um þessar mundir eru níu sjálfboðaliðar virkir í Þingeyjarsýslum og hafa þeir allir staðið sig vel. Meira er þó um beiðnir en núverandi sjálfboðaliðar geta annað. „Já, við getum alltaf notað gott fólk. Það eru hreinar línur. Fólk sem hefur gaman af því að vera innan um annað fólk og gefa af sér. Því það sannast hið fornkveðna, maður er manns gaman. Starfið er einstaklega gefandi og við bíðum spennt eftir fleiri sjálfboðaliðum.“

> **Við fáum beiðnir víða að. Aldursbil skjólstæðinganna er mjög breitt enda er öllum velkomið að sækjast eftir heimsóknarvinum.**

# Hlífir Íslandi við söng



**Hilmir Jóhannesson** er mjólkurfræðingur á Sauðárkróki og er nú á eftirlaunum. Hann hefur verið heimsóknarvinur í tæpan áratug og ber sjálfboðaliðastarfinu góða sögu. Hilmir er nokkuð „týpískur Skagfirðingur“ og hefur gaman af bragfræði og tónlist en sjálfur segist hann ekki syngja eins og flestir sveitungar hans. „Nei, blessaður. Nógu miklar hörmungar hefur þessi þjóð þurft að þola. Ég ætla í það minnst að hlífa henni við því að heyra mig syngja.“

Hilmir og skjólstæðingur hans hafa yfirleitt um margt að ræða en þeir hittast að jafnaði einu sinni í viku. „Við ræðum allt milli himins og jarðar en það skiptir auðvitað máli að við eigum vel saman. Við erum báðir á besta aldri og ég ætla mér nú að halda lífi í honum í nokkur ár í viðbót hið minnsta. Við erum báðir þannig úr garði gerðir að við kunnum að tala. Þannig að okkar heimsóknir snúast oft upp í keppni um að ná orðinu, því sá sem nær því – sleppir því varla.“

Hilmir heldur áfram og það er ef til vill ekki furða að heimsóknir hans eru fjörugar. „Já, það vill auðvitað svo til að við þekkjum mikið til sama fólkið og ég held ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þegar ég segi að slúðursögurnar eru með þeim skemmtilegustu. Við erum nokkuð góðir í þeim.“

> **Okkar heimsóknir snúast oft í keppni um að ná orðinu, því sá sem nær því – sleppir því varla.**

# Í dag erum við einfaldlega vinir

Þeir **Hörður Ólafsson** og **Reynir Antonsson** náðu saman í gegnum Heimsóknarvinaverkefni Eyjafjarðardeildar Rauða krossins. Hörður er fyrrverandi skólastjóri en hefur verið virkur sjálfboðaliði Rauða krossins um árabil og var meðal annars einn af þeim sem komu Heimsóknarvinum á laggirnar. Þeir eru sammála um að verkefnið hafi gefið þeim mikið en þeir hittast alla mánudaga í „gulu blokkinni“ á Akureyri.

„Við ræðum svo margt. Sögu, heimspeki eða stjórnmál. Við getum rætt það sem okkur dettur í hug hverju sinni,“ segir Reynir, sem er hreyfihamlaður og bundinn við hjólastól. Á sínum yngri árum ferðaðist Reynir mikið og bjó um skeið í París og þangað reikar hugurinn reglulega. Hörður segir Reyni vera vel að sér um flest allt og kemur þeim því einkar vel saman. „Við erum kannski ekki sammála um allt en ég held að það sé óhætt að segja að við tökumst drengilega á í samræðum okkar,“ segir Hörður kíminn. „Svo hef ég mjög gaman af fuglum og Reynir gerir mér þann greiða að sýna þeim áhuga.“

Heimsóknarvinaverkefnið hefur reynst vel á Akureyri og er samband þeirra Harðar og Reynis til vitnis um það. Hörður lítur einfaldlega á Reyni sem einn vina sinna í dag. „Ég lít nú ekki svo á að þetta sé skylda á nokkurn hátt. Venjulega sitjum við saman í klukkutíma eða svo, en það verður að viðurkennast að þessi klukkutími er yfirleitt liðinn áður en við vitum af!“ Reynir tekur í sama streng. „Það er að minnsta kosti hægt að segja að í okkar tilfelli eru mánudagar alls ekki til mæðu. “



> **Við ræðum svo margt. Sögu, heimspeki eða stjórnmál. Við getum rætt það sem okkur dettur í hug hverju sinni.**

# Þjónusta án fordóma og kvaða

**Frú Ragnheiður og Konukot eru skaðaminnkunarverkefni sem bæði eru starfrækt með hjálp fjölda sjálfboðaliða Rauða krossins. Frú Ragnheiður er heilsuvernd og nálaskiptiþjónusta á hjólum og Konukot neyðarathvarf fyrir heimilislausar konur.**

Frú Ragnheiður er færanlegt verkefni sem fer fram í gömlum sjúkrabíl. Markmið þess er að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu eins og heimilislausra, fólks með fíknivanda og einstaklinga sem eru á vergangi en þangað sækja þeir heilbrigðis- og nálaskiptiþjónustu án fordóma eða kvaða.

Frú Ragnheiður hefur verið starfrækt síðan 2009 og hafa um 500 einstaklingar sótt þjónustuna. „Verkefnið hefur þegar borið mikinn árangur og hefur dregið umtalsvert úr HIV- og lifrarbólgu C-smitum hjá þeim sem sprauta vímuefnum í æð. Þá hefur skjólstæðingum fjölgað jafnt og þétt,“ segir Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Konukots og Frú Ragnheiðar.

Starfsemi Frú Ragnheiðar byggist á 60 virkum sjálfboðaliðum og er menntunar- og reynslustig þeirra að sögn Svölu mjög hátt. „Flestir eru hjúkrunarfræðingar eða hjúkrunarfræðinemar en auk þess erum við með lækna, félagsráðgjafa, fíkniráðgjafa, sálfræðing og fleiri. Bílstjórarnir eru svo um tuttugu talsins.“

Sjálfboðaliðarnir taka að sögn Svölu að minnsta kosti tvær vaktir í mánuði og segir hún hópinn mjög þéttan og góðan. „Bíllinn er ávallt mannaður þremur sjálfboðaliðum; bílstjóra, heilbrigðisstarfsmanni og öðrum reyndum sjálfboðaliða. Skjólstæðingarnir fá ýmiss konar heilsufarsaðstoð og er til dæmis verið að hreinsa sár, taka sauma, meðhöndla brunasár, skipta um umbúðir og meta ástand á æðum og athuga hvort komin sé húðsýking svo dæmi séu nefnd. Þá getur fólk sótt sér hreinar nálar og sprautur, fengið nálabox og skilað svo notaða sprautubúnaðinum til okkar sem við förgum á öruggan hátt á Landspítalanum,“ útskýrir Svala.

Hún segir skjólstæðinga Frú Ragnheiðar flesta raga við að sækja almenna heilbrigðisþjónustu. „Flestir hafa mjög neikvæða upplifun af almennri heilbrigðisþjónustu og upplifa fordóma og niðurlægingu. Það hefur því aukist mjög mikið að þessir einstaklingar leiti til okkar. Úrræðið er því að mínu mati gríðarlega mikilvægt heilbrigðisúrræði og stuðlar að því að jaðarsettir einstaklingar fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.“ Aðspurð segir Svala engar alvarlegar uppákomur hafa komið upp. „Það fólk sem leitar til okkar kemur á eigin forsendum. Við mætum því þar sem það er statt og höfum náð að byggja upp mikið traust. Skjólstæðingar okkar ræða því mjög opinskátt um vímuefnaneysluna og þannig höfum við náð að fræða þá um öruggari sprautunotkun, smitleiðir og mikilvægi þess að farga sprautum og nálum svo dæmi séu nefnd,“ útskýrir Svala.

> **Frú Ragnheiður hefur þegar borið mikinn árangur og hefur dregið umtalsvert úr HIV- og lifrarbólgu C-smitum.**
>
> **Svala Jóhannesdóttir,** verkefnastjóri Frú Ragnheiðar og Konukots.




Úrræðið er gríðarlega mikilvægt að mati Svölu. MYND/GVA




Alma vildi láta gott af sér leiða og sótti því um að gerast sjálfboðaliði í Konukoti. MYND/ANTON BRINK

# Hefur kennt mér að vera þakklátari

**Konukot hefur verið starfrækt í Eskihlíð síðan 2004. Alma Kristmannsdóttir hefur starfað þar sem sjálfboðaliði í tæp tvö ár og segir það hafa gefið sér meira en hana óraði fyrir.**

Konukot er opnað klukkan 17 alla daga og lokað klukkan tíu morguninn eftir. Þar geta heimilislausar konur fengið heitan mat, þvegið þvott, farið í sturtu og fengið næturgistingu. Þar eru rúm fyrir átta konur en að jafnaði eru um sex til átta konur í húsi hverju sinni. Að sögn verkefnastjórans Svölu Jóhannsdóttur glíma flestir þeir sem eru heimilislausir við fíknivanda. Í Konukoti er því rekin nálaskiptiþjónusta og unnið eftir sömu skaðaminnkunarhugmyndafræði og í Frú Ragnheiði. Um 40 sjálfboðaliðar starfa í Konukoti en auk þeirra starfa þar sjö starfskonur. Ávallt eru tvær konur á vakt en úrræðið gengur út á að konur þjónusti aðrar konur.

Sjálfboðaliðarnir koma úr ýmsum áttum. Einn þeirra er Alma Kristmannsdóttir en hún hefur verið sjálfboðaliði í Konukoti í tæp tvö ár. Hvað varð til þess að þú ákvaðst að bjóða þig fram? „Þegar ég varð fimmtug fannst mér komið að vissum tímamótum í lífi mínu. Mér fannst ég þurfa að skila einhverju og láta gott af mér leiða en um leið minna mig á að vera þakklátari. Ég hafði samband við Rauða krossinn og var strax ákveðin í að bjóða mig fram í Konukot. Ég var þó með það á bak við eyrað að ef mér félli þetta ekki myndi ég vilja bjóða mig fram í eitthvað annað,“ útskýrir Alma. Aðspurð segist hún alltaf hafa haft áhuga á þeim hliðum mannlífsins sem margir aðrir vilja líta fram hjá og því hafi Konukot orðið fyrir valinu.

> **Ég hef alltaf haft áhuga á þeim hliðum mannlífsins sem aðrir vilja líta framhjá.**

En í hverju felst starfið? „Ég tek vaktir einu sinni til tvisvar í mánuði og geri í raun það sama og ég er vön að gera heima hjá mér: Ég græja matinn, spjalla, leiðbeini, hlusta, er til staðar og sýni virðingu og gæsku. Þarna koma konur sem eru ekkert verri en ég og þú og þetta er eitthvað sem allir þurfa á að halda.“ Aðspurð segist Alma aldrei hafa lent í aðstæðum sem eru henni á einhvern hátt ofviða. „Ég vinn líka með frábæru fólki og auk þess er alltaf einhver á bakvakt. Mér finnst ég því ekki þurfa að vera meira á varðbergi þarna heldur en bara almennt.“ Alma segir starfið hafa kennt sér þakklæti og gefið sér miklu meira en hana óraði fyrir.



Gígja segir þörfina fyrir aukna heilbrigðisþjónustu fyrir útigangsfólk og fólk í neyslu mikla. MYND/GVA

> **Allir þeir sem leita í bílinn eru þakklátir fyrir þjónustuna. Hjá Frú Ragnheiði er einstaklingum mætt af virðingu og án fordóma.**

# Læri margt um lífið og tilveruna

**Gígja Hrund Birgisdóttir hefur starfað sem sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði tæp tvö ár. Henni finnst Íslendingar skammt á veg komnir í að umgangast fólk á jaðri samfélagsins.**

Kveikjan að því að hjúkrunarfræðingurinn Gígja Hrund Birgisdóttir bauð fram krafta sína var sú að einstaklingur sem hún hafði sinnt í starfi sínu fannst látinn í almenningsgarði í Reykjavík. „Mér fannst það óásættanlegt í okkar litla samfélagi og það ýtti við mér að gerast sjálfboðaliði.“

Gígja reynir að taka vakt aðra hverja viku. Aðspurð segist hún aldrei upplifa hræðslu. „Allir þeir sem leita í bílinn eru þakklátir fyrir þjónustuna. Hjá Frú Ragnheiði er einstaklingum mætt af virðingu, væntumþykju og án fordóma og á þeim grunni myndast traust. Þeir sem koma í bílinn setja sig líka gjarnan í aðrar stellingar heldur en þegar þeir leita á náðir heilbrigðiskerfisins þar sem þeim finnst þeir oft þurfa að verja neyslu sína og aðstæður,“ útskýrir Gígja. Það óþægilegasta sem hún upplifir í starfinu segir hún þó vera þegar einstaklingur vill fá að sprauta sig í bílnum.

En hvað hefur sjálfboðaliðastarfið gefið þér? „Mér finnst gott að gefa og ég hvet alla til að gerast sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum. Það er nefnilega hægt að gefa svo margt annað heldur en peninga. Maður fær líka alltaf eitthvað í staðinn og lærir um leið svo margt um lífið og tilveruna.“

En er þjónustan að þínu mati nægjanleg? „Nei, því miður. Að mínu mati þyrfti að auka hana til muna og ég upplifi oft ákveðna vanmáttartilfinningu og úrræðaleysi gagnvart skjólstæðingum sem leita í bílinn því í raun er þessi þjónusta frekar afmörkuð. Við getum til dæmis ekki boðið upp á það að skrifa upp á sýklalyfjameðferð fyrir skjólstæðing með augljósa sýkingu og heilbrigðisþjónustan sem við veitum í bílnum er takmörkuð. Það er heldur ekki leyfilegt að sprauta sig í bílnum en sumir skjólstæðingar falast eftir því. Það er erfitt að senda fólk út en þetta er ekki neyslurými og við gerum það undantekningalaust. Í mínum huga væri eðlilegast að boðið væri upp á slík rými þar sem fólk gæti sprautað sig í öruggu umhverfi við rólegar aðstæður og á sem hreinastan máta.“

Gígja segir þörfina fyrir aukna heilbrigðisþjónustu fyrir útigangsfólk og fólk í neyslu mikla enda hefur þeim sem leita í bílinn fjölgað jafnt og þétt. „Ég held að við séum mjög skammt á veg komin hér á Íslandi í því að umgangast fólk á jaðri samfélagsins. Við erum gjörn á að flokka einstaklinga sem annars flokks ef þeir falla ekki inn í það sem kallað er eðlilegt en það er nú einu sinni þannig að við rötum ekki öll sömu leiðina.“

# Upplifunin var mjög sterk

**Geðhjálp og Rauði krossinn efndu í sumar, í samstarfi við 12 manna hlaupahóp, til átaks- og forvarnarverkefnis gegn sjálfsvígum ungra karla undir yfirskriftinni Útmeða. Friðleifur Friðleifsson var einn hlauparanna sem hlupu hringinn í kringum landið.**

Hópurinn sem tók þátt í þessu verkefni kom meira og minna úr Bootcamp þar sem konan mín er að æfa. Ég kom því inn í það svona á ská,“ segir Friðleifur, sem á að baki glæsilegan hlaupaferil en er á því að hlaupið í sumar hafi verið eitt það skemmtilegasta sem hann hefur tekið þátt í. „Það voru nokkrir hlutir sem heilluðu mig. Í fyrsta lagi hafði ég aldrei farið hringveginn og í annan stað er nokkuð rík þörf fyrir að láta gott af sér leiða í öllum hópnum,“ segir Friðleifur en um leið og hugmyndin að hringhlaupinu vaknaði fór hópurinn að svipast um eftir verðugu verkefni til að styrkja. „Þá hitti það þannig á að Geðhjálp og Rauði krossinn voru að fara af stað með átak vegna fjölda sjálfsvíga ungra karla á Íslandi. Við ákváðum að grípa það málefni með von um að opna umræðuna,“ segir Friðleifur.

**HLJÓP 30 KM Á DAG**

Sjálfsvíg hafa verið algengasta dánarorsök íslenskra karlmanna á aldrinum 18 til 25 ára á allra síðustu árum. Átakið fékk yfirskriftina Útmeða en með slagorðinu eru ungir karlmenn hvattir til að setja tilfinningar sínar í orð til að stuðla að því að hafna ekki í tilfinningalegu öngstræti með ófyrirséðum afleiðingum. Hópurinn lagði af stað í kringum landið þann 30. júní. Hópnum var skipt í pör, einn karl og eina konu, og hljóp hver hlaupari í 30 mínútur í senn. Hlaupið var mjög krefjandi því hver hlaupari þurfti að meðaltali að hlaupa á 12 km hraða tæplega 30 km leið á hverjum einasta degi.

**ALLUR TÍMI VEL NÝTTUR**

„Þetta var frábær upplifun. Ég hef hlaupið út um allar trissur en þarna fann ég að það skipti máli hvað ég var að gera,“ segir Friðleifur en þegar hlaupararnir voru í hvíld í rútunni nýttu þeir tímann til að safna styrkjum og koma átakinu á framfæri. „Okkur fannst við hafa ýtt á einhverjar dyr þegar við heyrðum af mönnum sem komu fram og sögðu sína sögu,“ segir hann stoltur. „Þetta, ásamt því að vera með tólf hlaupurum og tveimur bílstjórum í rútu allan sólarhringinn í fimm daga og komast takmarkað í bað, gerði þetta fáránlega skemmtilegt.“

En hvað var erfiðast við hlaupið? „Erfiðasti kaflinn hlaupalega séð var snemma í hlaupinu, upp Holtavörðuheiðina þegar við fengum 18 metra í andlitið. Þá fórum við að spyrja okkur hvað við værum komin út í,“ segir hann glettinn. En hvað með eftirminnilegasta augnablikið? „Það er erfitt að benda á einhvert ákveðið augnablik, þau eru ansi mörg sem koma upp í hugann. Það er tvennt sem stendur upp úr svona hlaupalega séð. Annars vegar móttökurnar sem við fengum þegar við komum til Reykjavíkur og sáum alla hlauparana sem komu til að hlaupa með okkur frá Höfðabakkanum og niður í Rauða krossinn, okkur þótti ótrúlega vænt um það. Hins vegar þegar við konan mín vorum svo heppin að fá að hlaupa Álftafjörðinn fyrir austan. Að hlaupa þar í logni klukkan fjögur að morgni á sumardegi var einstakt,“ segir Friðleifur en mörg önnur augnablik eru ógleymanleg. „Til dæmis að hitta aðstandendur, foreldra og vini þeirra sem hafa tekið sitt eigið líf og fá að heyra þeirra sögu, og fá hversu mikilvægt verkefnið okkar var.“




Mikil og góð stemning var í hópnum sem hljóp hringinn á fimm dögum.

**SÖFNUÐU FYRIR FORVARNARMYNDBANDI**

Viðtökurnar komu Friðleifi á óvart. „Ég bjóst ekki við að skapa svo mikla vakningu. Bæði fyrirtæki og einstaklingar tóku ótrúlega vel í þetta.“ Um 7 milljónir króna söfnuðust í átakinu og fyrir það var búið til forvarnarmyndband sem frumsýnt var á alþjóðlegum forvarnardegi gegn sjálfsvígum þann 10. september. Friðleifur hefur skoðað myndbandið. „Ég er mjög sáttur við hvernig til tókst og er ánægður að heyra hversu góðir fagaðilar komu að gerð myndbandsins.“ *Nánari upplýsingar um átakið má fá á vefsíðunni www.utmeda.is.*

# Ekkert vandamál er of lítið

**Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is er opið allan sólarhringinn allt árið. Þar er veitt ókeypis þjónusta þar sem gætt er trúnaðar og nafnleyndar. Um sjötíu þjálfaðir sjálfboðaliðar eru til staðar fyrir þá sem vilja tala um sín hjartans mál.**

Hjálparsíminn 1717 hefur verið til í þessari mynd síðan 2004 en netspjallið er tiltölulega nýfarið af stað hjá okkur í þeim tilgangi að ná betur til unga fólksins, þó vissulega sé öllum frjálst að nota það,“ segir Hjálmar Karlsson, verkefnisstjóri Hjálparsímans 1717.

**ÓKEYPIS ÞJÓNUSTA**

Þjónusta Hjálparsímans er ókeypis með öllu. „Þú þarft til dæmis ekki að eiga inneign til að hafa samband og það kemur ekki fram á símreikningum þó að hringt hafi verið í okkur,“ upplýsir Hjálmar en fulls trúnaðar er gætt. „Fólk þarf ekki að gefa upp nafn frekar en það vill.“

**SJÁLFBOÐALIÐAR TIL HJÁLPAR**

Hjálparsíminn er sjálfboðaliðadrifið verkefni. Þjónustan er veitt allan sólarhringinn af 60 til 70 vel þjálfuðum sjálfboðaliðum. „Allir sjálfboðaliðar fara á námskeið þar sem farið er yfir verklagsreglur og fólk frá samstarfsaðilum okkar á borð við Landlækni, geðsvið Landspítalans og Barnaverndarstofu fara yfir gagnlega hluti. Til dæmis er farið yfir taltækni, virka hlustun og sálrænan stuðning og hvernig eigi að bregðast við símtölum frá krökkum undir 18 ára,“ segir Hjálmar en Hjálparsíminn er einnig í samstarfi við Neyðarlínuna 112 þegar eitthvað kemur upp á.

Reynt er að þjónusta sem breiðastan hóp fólks. „Við erum til dæmis afar ánægð yfir að vera komin með pólskumælandi einstakling í hópinn og munum auglýsa það innan pólska samfélagsins á næstunni.“

**VANDAMÁLIN ÆÐI ÓLÍK**

Um 15 þúsund manns hafa samband við Hjálparsímann á hverju ári eða um 41 á dag. „Ástæður samtalanna eru jafn ólík-

**„ Sjálfboðaliðar okkar eru þjálfaðir til að bregðast rétt við mismunandi vandamálum, bæði með því að veita virka hlustun og gefa sálrænan stuðning.**

ar og þær eru margar, en ekkert vandamál er of lítið,“ segir Hjálmar og tekur dæmi um þau vandamál sem fólk glímir við. „Þetta eru sálfræðileg vandamál á borð við einmanaleika, kvíða, átröskun, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. Félagsleg vandamál sem tengjast fjármálum, húsnæði, námsörðugleikum, heilbrigði, kynferðisofbeldi, líkamlegu ofbeldi, líkamlegri fötlun, sjúkdómum, neyslu og fíkn.“

**HLUSTA OG BEINA FÓLKI Í RÉTTA ÁTT**

„Sjálfboðaliðar okkar eru þjálfaðir til að bregðast rétt við mismunandi vandamálum, bæði með því að veita virka hlustun og gefa sálrænan stuðning. Þá getum við veitt upplýsingar um þau úrræði sem eru í boði í samfélaginu hverju sinni,“ segir Hjálmar en sjálfboðaliðarnir hafa aðgang að rafrænni handbók sem þeir geta stuðst við. „Við gefum okkur ekki út fyrir að lækna djúpstæð vandamál í gegnum símann en við erum rökrétt fyrsta skref þegar vandi steðjar að.“



Þjónusta Hjálparsímans er ókeypis með öllu, segir Hjálmar Karlsson, verkefnisstjóri Hjálparsímans 1717.

MYND/ GVA

**FASTUR LIÐUR Í LÍFI SUMRA**

Hópurinn sem hefur samband við Hjálparsímann er afar fjölbreyttur. Einnig er ákveðinn hópur fólks sem hringir reglulega. „Sumir hringja á hverjum degi. Þá er það fastur liður í þeirra degi að heyra í okkur. Sumir eru með einhverja andlega kvilla, aðrir eru félagslega einangraðir og eiga fáa eða enga aðra til að tala við. Oft er þetta bara spjall um daginn og veginn og okkur er það ljúft og skylt að reyna að rjúfa þessa einangrun sem fólk er í.“

# Bjóðum flóttafólk velkomið

**Þegar flóttamenn koma til Íslands fer þétt stuðningsnet í gang. Rauði krossinn hefur marga sjálfboðaliða á sínum snærum, fólk sem er tilbúið að aðstoða flóttamenn með fyrstu skrefin í nýju landi. Mikilvægt starf sem jafnframt er lærdómsríkt.**

Hrafnhildur Kvaran, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, segir að stórt verkefni sé fram undan þegar hópur flóttamanna frá Sýrlandi kemur hingað en vel verði tekið á móti honum. „Þegar við tökum á móti kvótaflóttamönnum vitum við fyrirfram hvaða hópur er væntanlegur, hversu stór hann er og hvernig hann er samsettur. Verkefnið er unnið í samvinnu við móttökusveitarfélag og velferðarráðuneyti. Sýrlenski hópurinn sem kom hingað í janúar sl. kom til Reykjavíkur og Rauði krossinn í borginni sá um stuðningsþjónustu við fólkið. Kvótaflóttamenn koma hingað í gegnum flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna,“ útskýrir Hrafnhildur þegar hún er beðin að lýsa því hvernig svona ferli fer af stað. „Þrettán Sýrlendingar komu í janúar, þar af voru þrjár fjölskyldur og einn einstaklingur. Rauði krossinn hefur sjálfboðaliða á sínum snærum sem styður við bakið á flóttafólkinu fyrsta árið en að auki fær það lögbundna félagsráðgjöf. Fjöldi sjálfboðaliða hefur aukist mikið undanfarið sem er jákvætt,“ segir hún.

„Sem betur fer er áhugi mikill hjá fólki á að gerast stuðningsfulltrúar fyrir Rauða krossinn. Við bjóðum upp á fræðslu fyrir sjálfboðaliðana um verkefnið og hvað hægt er að gera sem stuðningsaðili. Fyrst og fremst þarf að taka vel á móti fólkinu inni á því heimili sem það fær afhent við komuna, bjóða fólkið velkomið, hafa jafnvel mat á borðum og hlýlegt andrúmsloft. Það er mjög mikilvægt fyrir þetta fólk að finna strax að það er velkomið,“ segir Hrafnhildur.

Yfirleitt eru þrjár til fjórar stuðningsfjölskyldur til staðar og skipta með sér verkefninu. „Það þarf að hjálpa fólki með einföld atriði, kenna því að þekkja umhverfi sitt á þessum ókunnuga stað, fara út í búð að versla, læra á strætó, koma börnum í skóla og þess háttar. Stundum fást ekki þær matvörur sem fólk er vant að nota, krydd og þess háttar, í næstu búð og þá þarf að finna út hvar sé hægt að nálgast þær vörur. Það getur verið heilmikið mál að kenna börnum að aðlagast íslenskum skóla, læra heima og komast yfir tungumálahindranir. Kennarar hafa tekið sérstaklega vel á móti börnum flóttamanna,“ segir Hrafnhildur enn fremur og segir að vel hafi tekist með þann hóp sem kom hingað í janúar. „Við sjáum talsverðan mun á fólki sem kemur beint úr stríði. Fólk sem kemur beint frá Sýrlandi er í talsverðu uppnámi, það hefur miklar áhyggjur af vinum og ættingjum sem eru enn í landinu. Fólkið er enn mjög tengt stríðinu og undir gríðarlega miklu álagi.“

> **„Það þarf að hjálpa fólki með einföld atriði, kenna því að þekkja umhverfi sitt á þessum ókunnuga stað.**

Þrír hópar flóttafólks komu hingað til lands í fyrra. Einn frá Sýrlandi, einstæð fimm barna móðir frá Afganistan sem hafði verið á flótta í Íran og einnig komu fimm hinsegin einstaklingar sem eru á flótta vegna kynhneigðar. Þeir eru frá Kamerún, Simbabve, Sýrlandi og Úganda. „Síðan koma alltaf nokkrir flóttamenn sem hælisleitendur,“ segir Hrafnhildur og bætir því við að Rauði krossinn sé vel í stakk búinn til að taka á móti hópi flóttamanna.



Hrafnhildur Kvaran, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. MYND/VILHELM

# Lærdómsríkt að styðja flóttafólk

**Stuðningsfjölskyldur geta verið fimm með einni flóttamannafjölskyldu og veitir ekkert af því, að sögn Írisar sem hefur átt gott og skemmtilegt samstarf með einstæðri fimm barna móður frá Afganistan. Einföldustu hlutir í samfélaginu koma á óvart.**

Íris Davíðsdóttir er einn af stuðningsfulltrúum afganskrar fjölskyldu, móður og fimm barna á aldrinum 9 til 18 ára, sem komu hingað til lands fyrir ári. „Þetta ár hefur verið ótrúlega fljótt að líða,“ segir Íris. „Við vorum fimm stuðningsfjölskyldur með þeim og það veitti ekkert af því, sérstaklega fyrstu mánuðina. Ótrúlega margt kom upp sem þarfnaðist lærdóms og kennslu. Ég get nefnt dæmi um íslenska peninga, debet- og kreditkort, strætó- og verslunarferðir. Einnig þurfti að læra ýmislegt á heimilinu, eins og um kalt og heitt vatn, eldhústæki og þvottavélina. Við aðstoðuðum við að finna vinnu fyrir elsta soninn í sumar og höfum haldið upp á barnaafmæli með þeim. Einnig höfum við farið með þau í ferðalag um landið, meðal annars til Vestmannaeyja. Þau höfðu aldrei farið í skip fyrr. Svo kenndum við yngstu börnunum að hjóla. Stelpur mega ekki hjóla í Íran þar sem þau bjuggu. Við fórum í bíó, Húsdýragarðinn og gerðum ýmislegt sem börn hafa gaman af. Eitt ár er tæpast nægur tími til að koma fólki inn í íslenskt samfélag en það er viðmiðunartíminn.“



Á ferðalagi í Vestmannaeyjum. Hoda, Baldvin, Chadman, Zeinab, Rogieh, Arndís, Fatima, Íris, Ali og Feyzollah.

Íris segir að það hafi gengið ágætlega að koma fjölskyldunni inn í íslenska rútínu. Því sé þó ekki að neita að margt sé mjög framandi fyrir fólk frá ólíkum menningarheimi og þau hafi enn þörf á aðstoð. „Það hefur myndast gott samband á milli okkar og mér er farið að þykja mjög vænt um þau. Vináttan mun halda áfram. Krakkarnir hafa verið duglegir að læra íslensku og við erum í sambandi við þau elstu á Facebook sem er þægilegt þar sem þau geta þýtt orð á Google translate ef þau skilja ekki. Elsti strákurinn hefur verið ótrúlega duglegur að læra málið,“ segir Íris.

> **„Eitt ár er tæpast nægur tími til að koma fólki inn í íslenskt samfélag en það er viðmiðunartíminn.**

Hún segist hafa lært mikið af þessum kynnum. „Mér fannst líka frábært að kynnast hinum stuðningsfjölskyldunum. Þetta er svo gott fólk með stórt hjarta. Þegar ég ákvað að taka að mér að vera stuðningsaðili sá ég fyrir mér að ég myndi bjarga fólkinu en ein af stuðningsfjölskyldunum hafði gert þetta áður og þau voru dugleg að minna mig á að hlutverk okkar væri að hjálpa fólkinu til sjálfshjálpar,“ segir Íris. „Þar sem þau eiga enga fjölskyldu hér á landi er það afar þakklátt fyrir heimsóknir. Starfið er gefandi og fær mann oft til að hugsa hvað við höfum það gott hér á landi. Við megum heldur ekki gleyma því að sennilega verða þau nýtir þjóðfélagsþegnar sem stunda nám og vinnu og leggja aftur til samfélagsins sem bauð þeim hingað.“

# Hælisleitendur eru líka flóttamenn í leit að vernd

**Hælisleitendur sem koma til Íslands búa oft við mikla félagslega einangrun og eru jafnframt undir miklu andlegu álagi. Rauði krossinn vinnur að því með sjálfboðaliðum að létta fólki biðina á meðan málsmeðferð stendur yfir, bæði með heimsóknum og félagsstarfi.**

Julie Ingham, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, hefur umsjón með sjálfboðaliðum sem heimsækja hælisleitendur og sömuleiðis heldur hún úti félagsstarfi fyrir þá. „Félagsstarf okkar byggir á að kynnast hælisleitendum en með því getum við fundið út hvernig stuðningi fjölskyldur eða einstaklingar þurfa á að halda. Síðan eru skipulagðir heimsóknahópar í framhaldi af því. Það hafa verið þrjátíu stuðningsfulltrúar virkir í þessu starfi,“ segir Julie og bætir við að undanfarnar vikur hafi þeim fjölgað mikið sem hafa áhuga á sjálfboðastarfi fyrir Rauða krossinn. „Ég er núna með sjötíu manns á lista sem hafa áhuga á starfinu. Fyrst þarf sjálfboðaliðinn að koma í viðtal hjá mér, síðan fær hann þjálfun, fræðslu og stuðning til að taka að sér þetta starf. Sjálfboðaliðarnar koma til dæmis strax á svokallað opið hús sem er haldið vikulega í Reykjavík, Hafnarfirði og Reykjanesbæ,“ segir Julie.

„Við setjumst niður með hælisleitendum og finnum út hluti sem þeir myndu vilja vita meira um. Við ákveðum í sameiningu ýmsa viðburði og heimsóknir. Einnig finnum við út, ásamt sjálfboðaliðum, hvar áhuginn liggur, til dæmis að fræðast um borgina, heyra um íslenskar hefðir, heimsækja söfn og gallerí, gera eitthvað skemmtilegt saman eins og að matreiða, horfa á kvikmynd eða fara í keilu. Við getum jafnvel gefið fólki tækifæri til að læra og æfa íslensku eða boðið fyrirlesara til okkar að tala um mikilvæg málefni,“ segir Julie.

> **„Við setjumst niður með hælisleitendum og finnum út hluti sem þeir myndu vilja vita meira um.**

„Það er ýmislegt í boði og Rauði krossinn reynir að nýta sér þá sérþekkingu sem sjálfboðaliðarnir hafa úr sínu starfi og menntun. Ef einhver er íslenskukennari er hann til dæmis kjörinn í íslenskukennsluna. Flestir hælisleitendur vilja læra íslensku og kynnast landi og þjóð. Þetta fólk er allt í ferli hjá íslenska ríkinu vegna umsóknar sinnar. Þeir sem þegar hafa fengið hæli eru líka velkomnir í félagsstarfið okkar. Mest er þetta þó hugsað fyrir þá sem eru í ferli,“ segir Julie og bætir við að fólk sé mjög ánægt með þessa þjónustu.

„Markmið Rauða krossins er fyrst og fremst að rjúfa þá einangrun sem hælisleitandinn er í þegar hann kemur til landsins. Stundum hefur fólk ekki mikla enskukunnáttu. Auk þess lendir það kannski í íbúð með fólki sem talar annað tungumál og er frá allt öðrum menningarheimi. Það hefur orðið mikil fjölgun hælisleitenda upp á síðkastið og rúmlega tvö hundruð manns í kerfinu núna að bíða úrlausnar sinna mála. Biðin er erfið og þess vegna er gott að hafa vel uppbyggilegt móttökukerfi. Hælisleitendur eru líka flóttafólk. Það er ekkert öðruvísi fólk en það sem kemur í boði ríkisstjórnarinnar.“




Julie Ingham, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. MYND/ANTON



Zoë Robert, önnur frá hægri, með hælisleitendum í Bláa lóninu.

# Langaði til að sýna stuðning

Zoë Robert starfar sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn. Hún hefur heimsótt hælisleitendur frá árinu 2009 og veitir þeim stuðning. „Ég fer í heimsókn einu sinni í viku, spjalla við fólkið og athuga hvort það sé eitthvað sem hægt er að aðstoða það með. Ég spyr hvernig því líði og hvað það hafi fyrir stafni. Auk þess veiti ég þær upplýsingar sem ég mögulega get. Maður reynir að svara öllum spurningum eftir bestu getu,“ útskýrir Zoë, sem er frá Ástralíu en hefur búið hér frá árinu 2006. Hún starfaði áður sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn í heimalandi sínu.

Zoë segir það geta tekið á að heimsækja hælisleitendur. Þetta sé þó fólk eins og við þótt það eigi erfiða reynslu að baki og sé undir miklu andlegu álagi. Stundum þurfi að ræða erfið mál. Hún starfar einnig sem sjálfboðaliði í félagsstarfsemi Rauða krossins fyrir hælisleitendur og segir það öðruvísi reynslu. „Þá gerum við eitthvað skemmtilegt saman, förum í ferðalög og þess háttar. Það er mikilvægt að hitta annað fólk, fá tækifæri til að læra um nærumhverfið. Stundum fáum við fólk sem er tilbúið að deila hæfileikum sínum, til dæmis á gítarnámskeiði og það er mjög vinsælt að elda saman.“

Zoë segir að það hafi verið mikil umræða um flóttamenn og hælisleitendur í Ástralíu þegar hún starfaði þar, ekki ólíkt því sem nú er hér. „Þessi umræða snart mig djúpt og mig langaði til að sýna fólkinu stuðning. Ég kynntist síðan íslenskum manni og flutti hingað. Ég vildi halda áfram og vera sjálfboðaliði á Íslandi,“ segir Zoë, sem er enskukennari og blaðamaður að mennt.

# Ómetanleg þekking innan Rauða krossins

Undir lok ágústmánaðar komust málefni flóttafólks í hámæli í kjölfar áskorunarinnar „Kæra Eygló“. Almenningur tók við sér og bauð fram aðstoð sína og svo virðist sem mikill velvilji ríki um þessar mundir í garð málaflokksins. Sveitarfélög voru heldur ekki lengi að rétta fram hjálparhönd. Akureyrarbær var fyrsta sveitarfélagið sem lýsti sig reiðubúið til að taka á móti flóttafólki og fylgdu önnur í kjölfarið.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, segir að bæjarfélagið sé vel í stakk búið til að taka á móti flóttafólki. „Ástæðan fyrir því að við vorum fljót að ákveða að bjóða fram aðstoð var sú reynsla sem við höfum af móttöku flóttafólks. Hér tókum við á móti fólki árið 2003 og var sú reynsla jákvæð. Auðvitað komu upp ákveðin atriði í þessu ferli en það eru eingöngu atriði sem fara í reynslubankann og við getum lært af. Við höfum þekkingu til að miðla og því var aldrei spurning að stíga fram.“

Eiríkur segir samstarfið við Rauða krossinn dýrmætt og lykilatriði við farsæla móttöku flóttafólks. „Við höfum átt mjög gott og náið samstarf við ríki og við Rauða krossinn. Samstarfið við Rauða krossinn skipti gríðarlegu máli fyrir 12 árum og skiptir enn miklu máli. Innan hreyfingarinnar býr reynsla og þekking sem er ómetanleg og kemur til með að skipta sköpum í náinni framtíð. Sú staðreynd að Rauði krossinn er hreyfing sjálfboðaliða þýðir einnig að þar er sterk tenging við almenning og sú tenging verður að vera til staðar.“




Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.

# Viltu bjóða innflytjanda í mat?

**Brjótum ísinn – bjóðum heim er verkefni þar sem íslenskar fjölskyldur bjóða innflytjendum heim eina kvöldstund í kvöldverð og spjall. Verkefnið fór af stað í sumar og virðist mikill áhugi á því, að sögn Bergþóru Bjarkar Guðmundsdóttur, verkefnastjóra hjá Rauða krossinum í Kópavogi. Verkefnið er hugsað fyrir alla innflytjendur burtséð frá því hvernig þeir komu til landsins.**

Þetta er einfalt í sniðum og gengur út á að hvetja Íslendinga til að bjóða heim fjölskyldu af erlendum uppruna. Hugmyndin er sú að skapa ný tengsl yfir kvöldmat án þess að skuldbinda sig í langtíma sjálfboðaliðastarf. Verkefnið fer fram í gegnum Rauða krossinn og getur verið hvar á landinu sem er. Þetta er hugsað fyrir alla innflytjendur burtséð frá því hvernig þeir koma til landsins,“ segir Bergþóra og bætir við að þetta sé tækifæri fyrir innflytjendur til að kynnast Íslendingum á nýjan og skemmtilegan hátt jafnvel með frekari vináttu í huga. Einnig gefur það Íslendingum kost á að kynnast fólki sem hefur ákveðið að setjast hér að.

Bergþóra segir að þetta hafi gefist vel. Nokkur matarboð hafa þegar verið haldin með góðum árangri. „Mér sýnist að góður vilji sé hjá samfélaginu um þessar mundir því við höfum fengið mikil viðbrögð undanfarna daga. Ég á fullt í fangi með að halda utan um þetta, svo mikill er áhuginn,“ segir hún.

Hægt er að sækja um á vefsíðu Rauða krossins undir Kópavogsdeild en Bergþóra segir að verkefnið sé á landsvísu. „Þetta var sett í gang hjá Kópavogsdeildinni sem tilraunaverkefni. Það getur hver sem er sótt um að bjóða heim. Við þurfum bara ákveðnar upplýsingar svo hægt sé að púsla saman fólki sem býr á sama svæði og hefur jafnvel svipuð áhugamál. Við hvetjum fólk til að sækja um og sjáum til þess að matarboðið eigi sér stað. Að boðinu loknu biðjum við fólk að svara nokkrum spurningum, til dæmis hvort matarboðið hafi breytt skoðun viðkomandi til innflytjenda. Að öðru leyti fylgjum við þessu ekki eftir og engin skuldbinding er fólgin í heimboðinu. Við höfum bara fengið jákvæð viðbrögð við þessu verkefni.“



Bergþóra Björk Guðmundsdóttir hjá Rauða krossinum í Kópavogi. MYND/ANTON

## Rauði krossinn þakkar eftirfarandi aðilum fyrir að styrkja útgáfu Hjálparinnar

Alþýðusamband Íslands · ORKAN · LANDSLÖG LÖGFRÆÐISTOFA · 112 EINN EINN TVEIR

VALITOR · Íslandsspil · MJÓLKURSAMSALAN · Actavis · SECURITAS

sæplast · Eirberg · Akureyri · RAFHOLT · HB GRANDI

VÍNBÚÐIN · JÁKÓ vélar og efnavörur sf. · Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports · BYKO · icepharma Bætt líðan · Betra líf · KFC

- Allinn ehf
- ARGOS Arkitektastofa Grétars og Stefáns
- Arkitektastofan OG ehf
- Ásbjörn Ólafsson ehf
- Bandalag starfsm ríkis og bæja
- Baugsbót ehf
- Betra líf - Borgarhóll ehf
- Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
- Birna Loftsdóttir
- Bílamálunin Varmi ehf
- Bílasmiðurinn hf
- Björn Rögnvaldsson ehf
- Blaðamannafélag Íslands
- Blikkrás ehf
- Blikksmiðja Reykjavíkur
- BLUE Car Rental ehf
- Bókhaldsstofa Haraldar slf
- Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
- Bókun sf
- Bónus
- Brauðhúsið ehf
- Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
- Dalabyggð
- Danica sjávarafurðir ehf
- Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
- Efling stéttarfélag
- Efnamóttakan hf
- Eignamiðlunin ehf
- Eiríkur og Einar Valur hf
- Eldhestar ehf
- Ennemm ehf
- Fjallabyggð
- Fjallalamb hf
- Fljótsdalshérað
- Flóahreppur
- Framhaldsskólinn á Laugum
- Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Garðabær
- Geir ehf
- Geislatækni ehf - Laserþjónusta
- Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
- Gjögur hf
- Grófargil ehf
- Guðmundur Tyrfingsson ehf
- Hagvangur ehf
- Hamraborg ehf
- Hannes Eyvindsson
- Hálsafell ehf.
- Hár og hamar ehf
- HBTB ehf
- Heilsubrunnurinn ehf
- Hilmar Bjarnason ehf. - rafverktaki
- Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
- Hjá Guðjónó ehf
- Hótel Djúpavík ehf
- Hótel Laki
- Hraðfrystihús Hellissands hf
- Húnavatnshreppur
- Hveragerðiskirkja
- Höfðakaffi ehf
- Íslensk endurskoðun ehf
- Ísold ehf
- Ísrör ehf
- Ístak hf. (Iceland construction ltd)
- Íþróttabandalag Suðurnesja
- Járnsmiðja Óðins ehf
- Jóhannes Brandsson
- JP Lögmenn ehf
- K.Pétursson ehf
- Kaupfélag Skagfirðinga
- Kjöthöllin ehf
- Klausturkaffi ehf
- Klúka ehf
- Krossborg ehf
- Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
- Kvenfélagið Hekla
- Landssamband lögreglumanna
- Landssamtök lífeyrissjóða
- Lifandi vísindi
- Loftstokkahreinsun ehf
- Lögmannshlíð lögfræðiþj ehf
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Löndun ehf
- Marver ehf
- Matthías ehf
- Menntaskólinn að Laugarvatni
- Merkismenn ehf.
- Miðás hf
- Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf
- Mýrdælingur ehf
- Nesskip hf
- Nonni litli ehf
- Norlandia ehf
- Orkuvirki ehf
- Ósal ehf
- Pökkun og flutningar ehf
- Rafbreidd ehf
- Rafha ehf
- Rafmiðlun hf
- Rafsel Búðardal ehf
- Rafstilling ehf
- RafSuð ehf
- Rafsvið sf
- Rafþjónusta Þorsteins
- Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf
- Runólfur Hallfreðsson ehf
- Samhentir - kassagerð ehf
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF
- Samvirkni ehf
- Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
- SÍBS
- Síldarvinnslan hf
- Sjúkrahúsið á Akureyri
- Skinney-Þinganes hf.
- Skóhúsið
- Skólavefurinn ehf
- Skútustaðahreppur
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
- Sólar Arkitektar sola@solark.is
- Steypustöðin Hvammstanga ehf
- Stéttarfélagið Samstaða
- Suðurflug ehf
- Suzuki-bílar hf
- Sveitarfélagið Garður
- Sveitarfélgið Ölfus
- Svínahraun ehf
- Tannlæknastofa A.B. slf
- Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar
- Tannlæknaþjónustan slf
- TS vélaleiga ehf
- TSA ehf
- Utanríkisráðuneytið
- Úti og inni sf
- Vaki fiskeldiskerfi hf
- VAL-ÁS ehf
- Veiðisport ehf
- Veiðiþjónustan Strengir
- Verkfærasalan ehf
- Verksýn ehf
- Verkval ehf
- Verslunarmannafélag Suðurnesja
- Verslunartækni ehf,Reykjavík
- Vesturgarður ehf
- Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
- Vélaverkstæði Skagastrandar ehf
- Vélsmiðja Sandgerðis ehf
- Við og Við sf
- Vilhjálmsson sf
- Wurth á Íslandi ehf
- www.bmarkan.is
- Yrki arkitektar ehf
- Þekking - Tristan hf
- Þór félag stjórnenda
- Ævintýradalurinn ehf
- Öryggisgirðingar ehf

# TILBOÐ
## Á SÉRVÖLDUM STEINUM!
Gildir aðeins í takmarkaðan tíma!



(B: 50cm H: 45cm)
**Legsteinn nr. 116**
Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*
**Verð kr. 139.000,-**
Verð áður kr. ~~217.650,-~~



(B: 46cm H: 49cm)
**Legsteinn nr. 13**
Ígrafin áletrun, ígrafin mynd, spörfugl og frí uppsetning*
**Verð kr. 149.000,-**
Verð áður kr. ~~227.050,-~~



(B: 48cm H: 50cm)
**Legsteinn nr. 2042**
Ígrafin áletrun, ígrafin mynd, spörfugl og frí uppsetning*
**Verð kr. 149.000,-**
Verð áður kr. ~~227.050,-~~




Litur: China Grey (B: 75cm H: 65cm)
**Legsteinn nr. 104**
Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*
**Verð kr. 199.900,-**
Verð áður kr. ~~264.900,-~~

**Setjum upp legsteina allan ársins hring!**

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu - Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Þarf að endurnýja letrið?

Graníthöllin tekur að sér að hreinsa og endurmála letur á legsteinum. Einnig tökum við að okkur að rétta af legsteina sem eru farnir að halla. Hafðu samband við sölumenn okkar og við gerum þér tilboð í verkið.




Bæjarhrauni 26, 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
555-3888

**Graníthöllin**
Legsteinar

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



M.BENZ M ml 63 amg. Árgerð 5/2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensín. Árgerð 2010, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.133112.+ Glæsilegur bíll. Bíll með öllu. Uppl síma 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**Bílalíf**



**SJÁLFSKIPTUR!!!**

VOLVO S40. Árgerð 2010, ekinn 83þ.km., sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.590.000. Rnr.126969. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



**SJÁLFSKIPTUR STW!!!**

TOYOTA COROLLA STW SOL. Árgerð 2005, ekinn aðeins 128þ. km., sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.250259. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



SUBARU Legacy. Árgerð 2005, ekinn 155 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.991484.



TOYOTA Avensis wagon sol 2009 ng. Árgerð 2013, ekinn 50 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.790.000. Rnr.210652.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.991425.



Kia Rio EX 1.4. Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.750.000. Rnr.991462. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**MB bílar**



VW Passat R36 4x4. Árgerð 2009, ekinn 101 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Ofurbíll Verð 4.290.000. Rnr.110077.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2014, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.110173.

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Avensis turbo disel Árgerð 2005, ekinn 168 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Topp eintak. Verð 1.590.000. Rnr.210165.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



MB Sprinter II 316 CDI 4x4. Bíllinn er glæsilegur, nýinnfluttur með ýmsum aukabúnaði. Fjórhjóladrifinn, 163 hestöfl, nýskráður 03.2012, ekinn um 140.000km. 3ja sæta, dráttarbeisli, heildarburðargeta 3,5 tn. Verð 5,5 millj. án vsk. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. s.894-5111 opið frá kl.13-16.30

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

### Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-900þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

### Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Lyftarar




### Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**ÁRATUGA REYNSLA**

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

### Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

Alhliða málningarþjónusta. Sími 776-0000

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**HÓTEL OG GISTIHEIMILI ATHUGIÐ - RÝMINGARÚTSALA.**

Erum með rýmingarútsölu á vörum eins og handklæðum, lökum, sængum og fleira. Gæðavörur á hlægilegu verði.

Upplýsingar í síma 861-7375 eða ctc.is

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Stangarholt 3 - 11

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. september 2015 og borgarráð Reykjavíkur þann 17. september 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt. Reiturinn afmarkast af Stangarholti. Upphaflegt deiliskipulag hlaut ekki formlega löggildingu á sínum tíma og er því auglýst nú til samþykktar og skráningar. Í tillögunni felst m.a. skipting lóðar fyrir fjölbýlishús annars vegar og leikskóla hinsvegar. Á lóðinni Stangarholt 3-9 er fjölbýlishús og á lóðinni Stangarholt 11 er leikskóli. Að auki er gert ráð fyrir, vestan megin lóðar, byggingarreit fyrir einnar hæðar færanlega skólastofu við leikskólann Nóaborg og gangstétt verði gerð í stað almennra bílastæða við götuna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 30. september 2015 til og með 11. nóvember 2015. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 11. nóvember 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 30. september 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Stokkhólms, en áður var mikið flogið til Kaupmannahafnar. Hörður segir að sennilegast sé farið um það bil eitt slíkt flug í mánuði.

**Íslendingar í meirihluta**

Hörður segir að Íslendingar séu í meirihluta viðskiptavina Ernis og eftirspurn þeirra eftir flugi sé árstíðabundin. Fólk utan af landi komi til borgarinnar í ýmsum erindagjörðum, viðskiptum, læknisferðum og öðru slíku. „Maður tekur eftir því þegar ófærð er á vegum og vont veður í kortunum þá koma Íslendingar um borð. Þeir eru mikið að fljúga á veturna. Síðan þegar allir vegir verða færir og engin hálka þá ekur fólk meira. En þá koma túristarnir aftur inn í.“ Með fjölgun ferðamanna hefur eftirspurn þeirra eftir flugi hjá Erni vitanlega aukist og tímabil útlendinganna er að lengjast. „Það var yfirleitt allt búið eftir verslunarmannahelgi en nú má segja að ágúst, september og fram í október eru farnir að verða drjúgir mánuðir með túristana. Sá tími hefur verið að lengjast og við vinnum mikið í samstarfi við ferðaþjónustuaðila á þeim stöðum sem við höfum verið að fljúga til,“ segir Hörður. Þar nefnir hann sem dæmi hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík. Á Hornafirði og í Vestmannaeyjum séu líka ferðaþjónustufyrirtæki sem fái marga viðskiptavini til sín.

***Þú hefur væntanlega fylgst með umræðunni um Hvassahraun og flugvöllinn?***

„Ég hef mjög sterkar skoðanir á því. Ég er ekki að segja að Hvassahraunið sé útilokaður staður en það verður alltaf erfiður staður,“ segir Hörður og bætir því við að það sé út í hött hvernig haldið hefur verið á máli Reykjavíkurflugvallar undanfarin ár. „Mér finnst að völlurinn ætti bara að fá að vera þar og það hefur ekkert fengist gert á Reykjavíkurflugvelli um áratugaskeið sem skiptir máli varðandi samgöngumál. Það hefur ekki mátt búa til flugafgreiðslu eða koma upp skúr eða nokkru. hann er bara í herkví þessi völlur út af deilum,“ segir Hörður. Hann segist hafa komið víða erlendis og þar séu flugvellir víða í bæjum og borgum. Hann nefnir sem dæmi að gamli völlurinn í Kaupmannahöfn sé enn þá notaður. „Þegar við förum þangað í sjúkraflug þá vilja þeir fá okkur þangað á gamla völlinn. Eins er það í Svíþjóð, þá vilja þeir fá okkur á staði sem eru alveg niðri í bæ í Gautaborg. Og sama í Stokkhólmi, af því að það er næst sjúkrahúsunum,“ segir Hörður. Hann segir það vera synd að Reykjavíkurflugvöllur fái ekki að njóta sín.

***En hvernig líst þér annars á framtíð innanlandsflugsins almennt?***

Hörður segir að innanlandsflug verði alltaf dýrt. Það verði erfitt að koma fargjöldum niður. „Við höfum þó verið í samstarfi við verkalýðsfélög á þeim stöðum sem við fljúgum til, við fáum dágóðan fjölda farþega í gegnum stéttarfélög,“ segir Hörður og reyni sé að bjóða sem best kjör. En innanlandsflugið sé í samkeppni við Strætó sem er farinn að keyra til Húsavíkur, Akureyrar, Hornafjarðar og víðar. Sú samkeppni sé erfið þar sem farmiðaverð í fluginu standi undir ríflega 90 prósentum af öllum rekstri og kostnaði flugsins. Framlag farþega í rekstri strætisvagna sé hins vegar einungis í kringum 6-7 prósent og stefnt að því að það verði komið upp í átta prósent á næstu árum. Þetta skekki samkeppnina.




# Trúir ekki að lokað verði á Húsavík

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia ohf. sem rekur flugvellina á Íslandi, sagði í hádegisfréttum Bylgjunnar í síðustu viku að til þess gæti komið að flugvellinum á Húsavík yrði lokað.

Ástæðan er sú að 500 milljóna króna framlag til reksturs innanlandsflugvalla, sem var á fjárlögum fyrir árið 2015, er ekki á fjárlögum ársins 2016. Hörður hefur litlar áhyggjur af því að flugvellinum verði lokað.

Hann segir að í fyrra hafi 500 milljónir verið teknar af Keflavíkurflugvelli, þegar fjárlagafrumvarpið var í meðferð þingsins, og upphæðin sett til innanlandsflugvallanna. Hann býst við því að þetta gerist bara aftur núna.

„Af því að það er ekkert hægt að skera allt innanlandsflug og allar framkvæmdir og þjónustu og viðhald af innanlandsfluginu algjörlega niður. Það gengur ekkert upp,“ segir Hörður. Hann segir þetta tal Isavia um að loka vellinum líka vera pressuaðgerð til að fá í lið með sér þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

„Það eru þá bæjarfélög úti á landi og flugfélögin sem þarna eru að þjóna. Þeir eru að reyna að fá þá í lið með sér til þess að leysa úr þessu,“ segir Hörður. Hann er sannfærður um það að þeir sem ábyrgð bera, fjármálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið, myndu ekki þola það að þessi samgönguþáttur yrði lagður niður.



RÓSA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR



## Í vinnu fyrir þingflokk VG

Rósa Björk Brynjólfsdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra þingflokks Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í liðinni viku. Rósa skipaði 2. sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi í alþingiskosningum 2013 og er varaþingmaður. Rósa er með BA-gráðu í frönsku og fjölmiðlafræði frá Háskóla Íslands og Université de Stendhal í Frakklandi. Hún á þrjú börn og er í sambúð með Kristjáni Guy Burgess, framkvæmdastjóra Samfylkingarinnar. **– jhh**

GUÐMUNDUR GUNNARSSON



## Tekur við stýrinu hjá AFS

Guðmundur Gunnarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri AFS á Íslandi. Hann leysir Jónu Fanneyju Friðriksdóttur af hólmi.

Guðmundur er með meistarapróf í alþjóðaviðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík og BA-próf í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri.

Guðmundur hefur starfað á alþjóðasviði 66°Norður, en þar áður sem frétta- og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV. **– jhh**

HREIÐAR HERMANNSSON



## Hreiðar stýrir Stracta á Hellu

Hreiðar Hermannsson hefur tekið við störfum hótelstjóra Stracta hótels Hellu, eftir að Sólborg Steinþórsdóttir lét af störfum af persónulegum ástæðum.

Sólborg var ráðin hótelstjóri í ársbyrjun 2014 en reksturinn hófst í fyrrasumar. Eigendur hótelsins þakka Sólborgu fyrir vel unnin störf við uppbygginguna hótelsins á Hellu og óska henni velfarnaðar í framtíðinni.

Hreiðar Hermannsson, sem nú tekur við hótelinu, er öllum hnútum kunnugur eftir að hafa komið að hótelrekstri í fjölmörg ár. **– jhh**



**Halldóra segir ágætt að stunda framhaldsnám við Háskóla Íslands samhliða vinnu.** MYND/BERNHARD KRISTINN

# Hjá Íslandsbanka í 15 ár

Halldóra Skúladóttir var á dögunum ráðin forstöðumaður VÍB fjárfestinga. Hún hefur starfað hjá Íslandsbanka og forvera hans í fimmtán ár. Helstu áhugamálin eru útivist, hjólaferðir og skíði.

SVIPMYNDIN

**HALLDÓRA SKÚLADÓTTIR**

Halldóra Skúladóttir var á dögunum ráðin forstöðumaður VÍB fjárfestinga, sem er deild innan VÍB – eignastýringaþjónustu Íslandsbanka

„Þessi deild sér um að stýra fjármunum fyrir aðila sem eru með eignastýringasamning hjá VÍB. Í þeim hópi eru viðskiptavinir einkabankaþjónustu, lífeyrissjóðir og fagfjárfestar,“ segir Halldóra, spurð út í verkefni sviðsins. Halldóra segir að fjárfest sé í skuldabréfum og í hlutabréfum bæði hér heima og erlendis. „Þannig að það eru eiginlega allir markaðirnir undir. En mest er fjárfest í skuldabréfum. Það er stærsti hlutinn í eignasafni viðskiptavina.“

Halldóra hefur starfað hjá Íslandsbanka og forvera bankans í fimmtán ár, bæði hjá Íslandssjóðum og VÍB. Hún segist lengst af hafa verið í eignastýringu. „Ég hef reynslu af flest öllu sem viðkemur þeim geira, hvort sem er að vera í samskiptum við viðskiptavini eða stýra eignum. Þannig að ég hef mína reynslu úr eignastýringargeiranum,“ segir Halldóra. Fimm manns starfa í deildinni sem hún stýrir.

Halldóra er viðskiptafræðingur að mennt. Nánar tiltekið lauk hún cand.oecon-prófi á fjármálasviði frá Háskóla Íslands, en að auki hefur hún lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Nú sækir hún sér aukna menntun, er í meistaranámi við Háskóla Íslands í fjármálum fyrirtækja. „Þetta er gert samhliða vinnunni þannig að ég tek einn og einn kúrs,“ segir Halldóra og bætir við að þetta fyrirkomulag gangi bara ágætlega.

**Ég hef reynslu af flest öllu sem viðkemur þeim geira, hvort sem er að vera í samskiptum við viðskiptavini eða stýra eignum. Þannig að ég hef mína reynslu úr eignastýringageiranum.**

**Hvort sem það er að ferðast um landið á sumrin, eða að fara í hjólaferðir. En á veturna förum við fjölskyldan á skíði.**

Helsta áhugamál Halldóru er ýmiss konar útivist. „Hvort sem það er að ferðast um landið á sumrin, eða að fara í hjólaferðir. En á veturna förum við fjölskyldan á skíði,“ segir hún. Halldóra hefur einu sinni farið til útlanda á skíði og þá til Austurríkis. Hún segir að til standi að endurtaka það í vetur.

Eiginmaður Halldóru heitir Erlendur Stefánsson og eiga þau tvær dætur, önnur er sex ára og hin rétt að verða tólf ára. „Við búum í Hafnarfirði rétt við náttúruperlur sem við fjölskyldan njótum reglulega.“ **jonhakon@frettabladid.is**

# Kaupás skoðar bensínsölu við verslanir Krónunnar

Kaupás, sem rekur verslanir Krónunnar, hyggst hefja sölu á eldsneyti undir nafni verslananna á lóðum þeirra, samkvæmt heimildum Markaðarins. Jón Björnsson forstjóri Festi/Kaupás staðfestir í samtali við Markaðinn að verið sé að skoða þetta. Jón segir að þeir séu komnir sæmilega langt í ferlinu, en endanleg ákvörðun liggi ekki fyrir, fyrr en eftir nokkrar vikur. Víða erlendis, meðal annars á Englandi og í Skandinavíu, hefur það færst í aukana að matvöruverslanir séu með bensínstöð á lóð sinni undir nafni sínu.

Nú þegar er Krónan með bensínstöð frá Atlantsolíu á einni lóð sinni. Það er á Bíldshöfða. Einnig eru komnar stöðvar við tvær verslanir Krónunnar þar sem eigendur rafmagnsbíla geta bætt rafmagni á bíla. Þær eru við Krónuna á Akranesi og í Lindum í Kópavogi. Engin önnur matvöruverslun á Íslandi hefur áður selt bensín á lóðum sínum undir nafni sömu verslunarinnar. Bandaríska verslunarkeðjan Costco, sem hyggst opna verslun í Garðabæ á næsta ári, mun reka bensínstöð þar og verður þar hægt að fá bensín, dísil og hugsanlega metangas.

Að sama skapi hefur bæði dagvörusala og veitingasala aukist á bensínstöðvum olíufélaganna þriggja, það er Skeljungs, N1 og Olíufélags Íslands. Af þrjátíu og einni 10-11 verslun sem rekin er í landinu eru tólf þeirra reknar við eldsneytisstöðvar Skeljungs og Orkunnar.

Gengið var til samstarfs við Skeljung í september 2014 um að bjóða þægindaverslun 10-11 við flestar eldsneytisstöðvar Skeljungs. Hugmyndin er sú að neytendur geti bæði fengið eldsneyti á bílinn sem og næringu fyrir sig.



**Kaupás er með rafhleðslustöð í Lindunum þar sem Elkó og Krónan eru.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt hlutafé Kaupáss er í eigu Festar hf. Festi keypti verslanir Kaupáss af Norvik í byrjun árs 2014. Kaupás rekur 23 matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu og um sunnan- og austanvert landið. Verslanirnar eru reknar undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals.

Á síðasta rekstrarári, frá 1. janúar 2014 til 28. febrúar 2015, nam hagnaður Kaupáss 611 milljónum króna. Vörusala á árinu nam tæpum 30 milljörðum króna og nam rekstrarhagnaður 735 milljónum króna. Eignir félagsins í lok rekstrarársins námu 4,1 milljarði króna, bókfært eigið fé nam 1,2 milljörðum króna og var eiginfjárhlutfall félagsins 29%.

**saeunn@frettabladid.is**

**Eldborg, Hörpu**
20. desember kl. 21:00

**UPPSELT KL. 21:00**

# Jólatónleikar

# Boney M.

## með söngdívunni Liz Mitchell

**Aukatónleikar kl. 17:00 sama dag**

**Tryggðu þér miða strax á aukatónleikana.**
**Miðasala hefst 1. október kl. 10:00.**

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday
Daddy Cool
Rivers of Babylon
Mary's Boy Child
Rasputin

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins heimsækir Hörpu á aðventunni. Með í för er sjálf söngdívan Liz Mitchell. Það er óhætt að lofa góðri skemmtun í Eldborg á meðan Mary's Boy Child, Rivers of Babylon, Rasputin og allir hinir smellirnir koma salnum á hreyfingu. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

**Miðasala á tix.is, harpa.is**
**og í síma 528 5050**

DÆGURFLUGAN
HARPA

Tölvuleikir



**Guðni Rúnar Gíslason**
leikjahönnuður
Digon Games

# Áburðarverksmiðjur framtíðarinnar

„Já, eru þið bara eitthvað að leika ykkur og svona?,“ segir hinn pabbinn úti á róló þegar talið berst að því að ég starfi við tölvuleikjagerð. Það er kannski ekki skrítið að það vefjist fyrir einhverjum að þeir sem skapa tölvuleiki séu raunverulega að vinna, og fái jafnvel greidd laun fyrir þetta grín og hvað þá að þeir séu að skapa verðmæti. Það getur líka komið á óvart að fjárfestar séu síðan meira en tilbúnir að setja fjármagn í slík verkefni í staðinn fyrir ríkisskuldabréf og fasteignir innan hafta.

Raunveruleikinn er samt sem áður sá að tölvuleikjaiðnaðurinn er kominn til að vera á Íslandi. Ákveðið spurningaver á Laugavegi er raunar með svipaðan starfsmannafjölda og væntanlegt kísilver á Bakka.

En svona bransi er auðvitað ekki án áhættu. Allir sem koma að verkefninu taka samt meðvitaða áhættu vegna þess að þeir hafa trú á því. Fjárfestar, stofnendur og starfsmenn þurfa að trúa því að teymið nái að sigla því í höfn og í gegnum þær hindranir og höft sem þarf að yfirstíga.

Fjölmargar áskoranir eru fram undan fyrir tölvuleikjaiðnaðinn en þær eru yfirstíganlegar. Hvort sem þær felast í umhverfinu sem fyrirtækin starfa í eða verkefnunum sjálfum. Það er nefnilega svona sem áburðarverksmiðjur framtíðarinnar rísa, ekki með hagkvæmnisathugun ríkisins eins og sumir þingmenn virðast telja heldur að frumkvæði þeirra sem hafa trú á verkefninu og sem setja saman teymi sem drífur það áfram. Einn dag í einu, eitt skref í einu og einn leik í einu.

Iðnaðurinn sjálfur og fólkið innan hans hefur líka verið að þroskast. Það er á undanhaldi að menn líti á það sem sjálfsagðan hlut að ný fyrirtæki innan iðnaðarins séu rekin áfram af krökkum í sjálfboðavinnu. Fyrirtækin eru einfaldlega orðin þróaðri og búin að koma sér upp vinnumenningu sem er miklu afkastameiri í gæðum en sjálfboðavinnan gefur af sér. Til lengri tíma litið mun það skila okkur frábærum fyrirtækjum sem bjóða upp á spennandi störf í sívaxandi iðnaði.

**Raunveruleikinn er samt sem áður sá að tölvuleikjaiðnaðurinn er kominn til að vera á Íslandi. Ákveðið spurningaver á Laugavegi er raunar með svipaðan starfsmannafjölda og væntanlegt kísilver á Bakka.**

## Himinninn málaður í frönsku fánalitunum



**Þotur úr flugflota Patrouille de France léku listir í Haguenau í austurhluta Frakklands á sunnudaginn.** NORDICPHOTOS/AFP

# „Dollarablokkin“ er að hrynja



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Undanfarið hafa kínverska verðbréfamarkaðirnir hrapað og skjálftinn hefur breiðst út til alþjóðamarkaða, og þótt nokkur ró virðist hafa færst yfir er það ómaksins vert að velta fyrir sér rótum þessara nýlegu umbrota. Hér skiptir spennan í því sem við gætum kalla „dollarablokkina“ höfuðmáli.

„Dollarablokkin“ er sem er í raun og veru myntbandalag sem hefur áratugum saman verið í gildi á milli Bandaríkjanna og Kína (og Hong Kong og nokkurra annarra Asíuríkja og olíuútflutningsríkjanna við Persaflóa).

Frá 1995 til 2005 var hið kínverska renminbi að meira eða minna leyti fastbundið Bandaríkjadollar. Eftir 2005 var gengi renminbi smám saman og mjög yfirvegað breytt gagnvart dollarnum. Þetta er grundvallaratriði og hélt áfram þangað til kínversk yfirvöld breyttu nýlega um stefnu og felldu gengið litillega nokkrum sinnum.

Fastgengisstefna Kínverja gekk vel á meðan kerfispættirnir hjálpuðu kínverskum hagvexti. Kerfisumbætur í kínverska hagkerfinu hefðu átt að leiða til styrkingar á kínverska gjaldmiðlinum, en fastgengisstefnan kom í raun í veg fyrir það, að minnsta kosti til 2005. Afleiðingin var of lágt skráður gjaldmiðill og mikill efnahagsvöxtur. Á sama tíma jókst einnig ójafnvægið í hagkerfum heimsins. Það veit hver einasti Íslendingur.

Með öðrum orðum, þegar saman fóru kerfisumbætur og fastgengisstefna leiddi það til of umburðarlyndrar peningastefnu Kínverja, en frá 2010-11 hefur sagan hins vegar verið allt önnur.

Þannig standa Kínverjar nú frammi fyrir verulegum kerfislægum mótbyr og þar sem útlit er fyrir áframhaldandi efnahagssamdrátt í Kína minnka einnig líkurnar á að kínverski gjaldmiðillinn styrkist. Reyndar eru sterk rök fyrir því að renminbi veikist í náinni framtíð. Þetta veldur því að erfitt verður fyrir kínverska seðlabankann að viðhalda fastgengisstefnunni. Nýlegar smágengislækkanir endurspegla þetta.

**Hagkerfi Kína og Bandaríkjanna eru einfaldlega of ólík til að hægt sé að viðhalda föstu gengi á milli renminbi og dollars. Og reyndar má segja það sama um aðra sem fasttengja gjaldmiðil sinn við dollarinn. Til dæmis er fastgengisstefna olíuflutningsríkjanna við Persaflóa nú undir auknum þrýstingi.**

Þetta er einnig að miklu leyti kjarninn í þeim markaðsróða sem við höfum séð undanfarið og nú er að verða ljóst að „dollarablokkin“ er ekki það sem hagfræðingar kalla „hagkvæmt myntsvæði“. Hagkerfi Kína og Bandaríkjanna eru einfaldlega of ólík til að hægt sé að viðhalda föstu gengi á milli renminbi og dollars. Og reyndar má segja það sama um aðra sem fasttengja gjaldmiðil sinn við dollarann. Til dæmis er fastgengisstefna olíuútflutningsríkjanna við Persaflóa nú undir auknum þrýstingi vegna mikils verðfalls á olíu síðasta árið, sem tengist auðvitað hægaganginum í kínversku efnahagslífi.

Kínverjar verða fyrr eða síðar að leyfa gjaldmiðlinum að fljóta. Veikleikinn í kínverska hagkerfinu hefur nú flýtt fyrir þessu ferli og það ætti að leiða til veikari kínversks gjaldmiðils, en einnig sú staðreynd að dollarinn hefur styrkst verulega síðasta árið þar sem bandaríski seðlabankinn hefur hækkað vexti.

Þess vegna er það fyrst og fremst tímaspursmál hvenær „gullblokkin“ hrynur. Þessu ættu menn hins vegar að fagna frekar en syrgja, því „dollarablokkin“ var ein aðalástæðan fyrir ójafnvæginu sem skapaðist í hagkerfi heimsins fyrir fjármálakreppuna 2008.

# Í kjölfar Bríetar

Hin hliðin



**Þórdís Sif Sigurðardóttir**
lögfræðingur

**Bríet:** Ég er kona með masterspróf í hagfræði. Ég er í ágætis vinnu en langar að breyta til og er því að skoða atvinnuauglýsingarnar. Ég sé engin störf auglýst þar sem ég uppfylli öll skilyrði umsóknarinnar þannig að ég bíð enn. Ég lít í kringum mig á vinnustaðnum og hugsa með mér að ég sé örugglega jafn góður starfsmaður og svona 70% af samstarfsfólki mínu, sumir verri aðrir betri. Ég veit að ég er ekki með jafn há laun og vinnufélagi minn og vinur úr háskólanum í sömu stöðu, en veit ekki hvers vegna (það hlýtur samt að vera einhver ástæða). Ég hef þó ekki fengið mig til að spyrja yfirmann minn að þessu. Yfirmaður minn er karlmaður og hann og vinur minn fara í golf saman og horfa á enska boltann á laugardögum.

**Bjarnhéðinn:** Ég er karlmaður með masterspróf í hagfræði. Ég er í ágætis vinnu en langar að breyta til og er því að skoða atvinnuauglýsingarnar. Ég sé nokkur störf þar sem ég uppfylli meira en helming skilyrða og ákveð að sækja um nokkur þeirra. Ég lít í kringum mig á vinnustaðnum og hugsa með mér að ég sé örugglega betri starfsmaður en svona 70% af samstarfsfólki mínu, einhverjir jafn góðir og einstaka betri. Ég veit að ég er með hærri laun en vinnufélagi minn og vinkona mín úr háskólanum í sömu stöðu og ég, en veit ekki hvers vegna (en það hlýtur að vera einhver ástæða). Ég pæli samt ekki mikið í því þar sem það skiptir mig ekki máli. Ég og yfirmaður minn kíkjum saman í golf og horfum á boltann, bara svona eins og vinnufélagar gera.

Bríet og Bjarnhéðinn sækja síðan um sama starfið, þau eru búin að vera jafn lengi úti á vinnumarkaðinum eftir nám og hafa mjög svipaða ferilskrá. Bjarnhéðinn er þó aðeins boðaður í viðtal, ekki Bríet.

Framangreint gæti verið dæmi úr raunveruleikanum, enda byggt á rannsóknum síðustu ára frá Bandaríkjunum.

Hvað veldur þessum ólíku viðhorfum og hvernig getum við breytt þeim? Okkur langar að komast nær svarinu og efnum því til ráðstefnu sem ber heitið ***Í Kjölfar Bríetar*** og verður haldin á Ísafirði 23.-24. október nk. Endilega mættu!

# VIÐ SVÖRUM SÍMANUM
# ALLTAF MEÐ BROS Á VÖR

## 365

INTERNET 170GB
HEIMASÍMI*
100 MÍNÚTUR
SKJÁREINN**
SJÓNVARP 365
6 BÍÓMYNDIR Í HVERJUM MÁNUÐI
9 ERLENDAR STÖÐVAR
**STÖÐ 2**
**STÖÐ 2 MARAÞON**
STÖÐ 3
BÍÓSTÖÐIN
GULLSTÖÐIN
KRAKKASTÖÐIN
BRAVÓ TV
VILD, BEINIR

**OG AUÐVITAÐ**
**LÍKA GSM**
1 GSM ÁSKRIFT **ENDALAUST** TAL + 1 GB

**15.550** kr./mán.

HEIMILI HBO

**ÍSLENSKIR** ÞÆTTIR Á HVERJU KVÖLDI

## SÍMINN

INTERNET 75GB
IP ENDALAUS
HEIMASÍMI
SKJÁREINN
HJÁ SÍMANUM
SJÓNVARP SÍMANS
9 ERLENDAR STÖÐVAR
SJÓNVARP SÍMANS APPIÐ
SKJÁRKRAKKAR EÐA SKJÁRÞÆTTIR
SPOTIFY 6 MÁN.
BEINIR

**OG AUÐVITAÐ**
**LÍKA GSM**
1 GSM ÁSKRIFT – TALAR ENDALAUST + 3 GB

**17.990** kr./mán.

Þú færð meira fyrir **minna**

FÁÐU ÞÉR **ÁSKRIFT** á 365.is

PIPAR\TBWA · SÍA

**365.is | Sími 1817** **365**

* Gildir aðeins í aðra heimasíma, greitt er kr. 9,7 upphafsgjald fyrir hvert hafið símtal. ** SkjárEinn verður í opinni dagskrá frá 1. okt.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 30. september 2015

FTSE 100
5909,24,54 -49,62
(-0,83%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnar-maðurinn

@stjornarmadur

## Að sveigja leikreglurnar

Flestum finnst væntanlega tilgangurinn helga meðalið við úrlausn á þrotabúum gömlu bankanna og afnám gjaldeyrishaftanna. Ekki er þó hægt að horfa fram hjá því að á vegferðinni sem hófst á haustdögum 2008 hafa ýmis varhugaverð skref verið stigin gagnvart erlendum kröfuhöfum bankanna.

Það fyrsta og stærsta var að sjálfsögðu neyðarlögin sem skiptu starfsemi bankanna upp í nýja og gamla hluta. Þetta gerði nýju bönkunum kleift að halda áfram bankaþjónustu í landinu, en skildi erlenda viðsemjendur bankanna (sem kallast í daglegu tali kröfuhafar) eftir á köldum klaka. Vissulega aðgerð sem sennilega mátti réttlæta, en í raun ekkert annað en grímulaus mismunun á grundvelli þjóðernis.

Í kjölfarið hafa endalausar breytingar verið gerðar á gjaldþrotalöggjöfinni og lögum um fjármálafyrirtæki, en síðarnefnda lagabálknum hefur verið breytt um þrjátíu sinnum frá 2008. Flestum ef ekki öllum breytingunum hefur með einum eða öðrum hætti verið beint að uppgjöri bankanna og hafa því í flestum tilfellum haft neikvæð áhrif á hagsmuni kröfuhafa.

Í síðustu viku bárust tíðindi af því að slitastjórn Kaupþings hefði beitt sér fyrir því að frestur til að lýsa svokölluðum búskröfum hefði verið þrengdur gríðarlega að því er virðist eingöngu til að koma í veg fyrir að Vincent Tchenguiz gæti lýst skaðabótakröfu í búið. Alþingi spilaði með.

Í þessari viku á svo að láta kröfuhafa Kaupþings greiða atkvæði um tillögu sem tryggir í raun bæði stjórnvöldum og slitastjórninni sjálfri algert skaðleysi á öllum athöfnum í tengslum við bankahrunið. Hótunin er einföld – samþykkið eða nauðasamningar komast aldrei á koppinn og eignir ykkar verða skattlagðar upp í rjáfur.

Vitaskuld voru þær aðstæður sem hér sköpuðust einsdæmi á alþjóðavísu, og eftirleikurinn hefur ekki verið einfaldur. Ljóst er að ýmis afsláttur hefur verið gefinn af þeim leikreglum sem almennt gilda í þroskuðum samfélögum. Að allir séu jafnir fyrir lögum, og að leikreglur skuli vera stöðugar og fyrirsjáanlegar.

Vel má vera að fólk sé sammála um að flestar aðgerðir eftir hrun hafi verið nauðsynlegar. Hitt er staðreynd að alþjóðlegir fjárfestar vilja ekkert frekar en stöðugt stjórnarfar og fyrirsjáanlegar efnahagsaðstæður þar sem þeir kjósa að binda fé sitt.

Við þurfum að vanda okkur og tryggja að viðlíka aðgerða verði ekki aftur þörf.

Annars greiða erlendir fjárfestar atkvæði með fótunum – til frambúðar.


STAFRÆN PRENTUN!

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN


## 43%

**AUKNING NÝSKRÁNINGA**

Nýskráningum einkahlutafélaga fjölgaði um 15% síðustu 12 mánuði, samanborið við 12 mánuðina þar á undan. Alls voru 2.259 ný félög skráð á tímabilinu frá september 2014 til ágúst 2015, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

## 2.194

**MILLJARÐA EIGA FJÖLSKYLDUR**

Eiginfjárstaða allra fjölskyldugerða batnaði um samtals 14,4% árið 2014, eða úr 2.194 milljörðum króna í 2.510 milljarða króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Mesta aukningin var hjá barnafjölskyldum.

**26.09.2015**

**Þegar maður ferðast um heiminn til dæmis eins og í Bandaríkjunum þá sér maður oft á tíðum, þegar maður er að keyra eftir fallegum svæðum á þjóðveginum, að það eru gríðarlega háar sektir við því að henda út rusli. Og almenna reglan er þessi; að maður sér ekki rusl þarna.**

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður









## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán, auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

Til leigu 90fm geymsluhúsnæði í miðbæ Mosfellsbæjar, göngu og keyrsluhurð. Húsnæðið er laust til afhendingar. Uppl. gefur Ólafía í s. 660 4481

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona: leitar þú skyndikynna? RauðaTorgið.is

## Tilkynningar

Í dag verður jafningjastuðningsfundur kl. 17.00 í Seljakirkju og kóræfing hjá Kór Parkinsonsamtakanna kl. 17.30 á sama stað. Nánari upplýsingar á www.parkinson.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**
óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhús. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boð fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.
**Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com**

Landslagnir pípulagnir

Pípulagningamaður með sveinspróf eða maður vanur pípulögnum óskast í fullt starf. Um er að ræða framtíðarstarf á góðum vinnustað. Sveinspróf í pípulögnum æskileg. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á landslagnir@landslagnir.is og uppl. í s. 896-2908 Almar.

**HEIMILISHJÁLP ÓSKAST!**
Barngóð, sveigjanleg og heiðarleg manneskja óskast til að sjá um heimilisþrif á umfangsmiklu heimili. Starfstími sveigjanlegur en gjarnan kl 12-18 með möguleika á að geta verið einstaka kvöld með stálpuðum börnum heimilisins. Viðkomandi þarf að vera með eigin bíl til umráða. 70% starfshlutfall.

Vinsamlega sendið kynningarbréf til heimilishjalp@yahoo.com

Kona: Viltu spjala við heita karla í síma gegn góðu gjaldi? Hitaspjall.eu

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 853 1193 & 773 3933.

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

## Atvinna óskast

**CA. 50% STARF ÓSKAST**
Er Ms. Byggingartæknifr.
Er viðurkenndur bókari.
Er með aukin ökuréttindi;
B,C,D,BE,CE,DE
Er laghentur smiður.
Veld word og exel.
Veld vel dönsku, þýsku, ensku.
**Uppl: gudjonr2@internet.is**
**S: 7775066, Guðjón**

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## atvinna

# Húsvörður

Húsfélagið að Hraunbæ 103 í Reykjavík vill ráða húsvörð. Í húsinu eru 46 íbúðir fyrir íbúa 60 ára og eldri.
Verkefni húsvarðar eru þrif á sameign, almenn umhirða húss, lóðar og bílastæða auk almenns viðhalds og endurbóta.
Húsvörður þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og skal hafa auga fyrir því sem betur má fara.
Gert er ráð fyrir að kalla megi húsvörð til þegar nauðsyn krefur utan vinnutíma en hluti af kjörum húsvarðar eru afnot af húsvarðaríbúð.
Lögð er áhersla á að umsækjandi sé sé jákvæður að eðlisfari og sé góður í samskiptum.

**Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist:**
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is
**Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2015.**

## fasteignir



**Reynsla mín** er okkar beggja hagur
**S. 695 4500**
Íris Hall
Löggiltur fasteignasali
irishall@landmark.is
LANDMARK FASTEIGNASALA

www.hollfasteignasala.is

HÓLL - ANNO 1993 -

**OPIÐ HÚS Í DAG! - KÍKTU!**

*Við verðum á staðnum í dag,* ***miðvikudaginn 30. september kl. 17:15-17:45*** *og veitum allar nánari upplýsingar!*







Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@hollfasteignasala.is

**HAFÐU SAMBAND**
**450 0000**

## Stigahlíð 70

**Verð: 99.000.000**

**Hóll fasteignasala sími 450-0000 kynnir:** Mjög glæsilegt og vandað 294,9 fermetra einbýlishús á frábærum stað í lokuðum botnlanga. Um er að ræða mjög vandað og fallegt hús með snyrtilegum samstæðum innréttingum. Náttúrusteinn og gegnheilt parket á gólfum. Útgengi í gegnum stórar rennihurðar út á sólpall með heitum potti. Glæsileg stór sólstofa á efri hæð með útgengi út á stórar þaksvalir.

Þjónustu- og viðskiptamiðlunin Hóll ehf.
Engjateigur 9 | 105 Reykjavík | Sími: 450 0000

**www.hollfasteignasala.is**

*Áratuga reynsla - Persónuleg þjónusta*

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Klapparás 6**
**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög gott 338,6 fm. einbýlishús með innbyggðum 26,3 fm. bílskúr í lokuðum botnlanga á frábærum stað neðst við Elliðaárdalinn í Árbænum nærri fallegum gönguleiðum. Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Arinn í stofu. Stutt er í alla útivist, sundlaug og alla þjónustu. Skjólgóður trjá garður, tvær verandir til suðausturs og suðvesturs og svalir til vesturs. Gangstéttar á lóð allar endurnýjaðar. Lítil umferð um götuna og mjög skjólgott.
**Verð 69,0 millj. Verið velkomin.**

## nám

# Nám í Danmörku

## Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

Erhvervsakademiet Lillebælt heldur kynningu á námi við skólann miðvikudaginn 30. september kl. 20.00 í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 í Reykjavík

**Eftirfarandi fagsvið námsgreina verða kynnt:**

- Byggingatæknigreinar
- Framleiðslu- og tæknigreinar
- Ferðamála- og íþróttagreinar
- Viðskipta- og fjármálagreinar
- Sölu- og markaðsgreinar
- Tölvu- og fjölmiðlunargreinar
- Landbúnaðarframleiðsla og tengdar greinar

**Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.eal.dk. Kennt er ýmist á ensku eða dönsku.**

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur þá möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. **Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is**

Erhvervsakademiet Lillebælt
Munke Mose Allé 9
5000 Odense C
Danmark
tlf. 0045 - 70105800
heimasíða: www.eal.dk
E-mail: eal@eal.dk



# Alþjóðlegur dagur þýðenda og túlka

**Í dag er hinn svokallaði Híerónýmusardagur. Starf túlka og þýðenda er mikilvægt og viðheldur tungunni, segir formaður Bandalags þýðenda og túlka.**

Í dag er hinn svokallaði Híerónýmusardagur, alþjóðlegur dagur þýðenda og túlka. Af því tilefni efnir Bandalag þýðenda og túlka hér á landi til hátíðardagskrár í Hannesarholti. „Dagurinn er kenndur við Híerónýmus, sem var einn af kirkjufeðrunum og þýddi biblíuna yfir á latínu. Þýðing hans kallaðist Vulgata og var notuðu allt fram á síðustu öld innan kaþólskrar trúar og í raun inn um alla Evrópu,“ útskýrir Magnea J. Matthíasdóttir, formaður Bandalags þýðenda og túlka.

Á hátíðardagskránni í Hannesarholti verður hlutar kvenna í þýðingum minnst sérstaklega. „Í tilefni af aldarafmæli kosningaréttar kvenna ákváðum við að hafa konur í fókus á þessum degi. Þarna koma konur úr stétt þýðenda og flytja erindi. Einnig verða lesin upp brot úr þýðingum. Þetta verður allt ábyggilega voðalega gaman.“

Magnea segir bandalagið vera mjög virkt. „Við erum með mánaðarlega spjallfundi, þar sem við ræðum málefni þýðenda og túlka. Við ræðum til dæmis tæknimál, eins og rafbækur. Einnig ræðum við um ýmis réttindamál og sjónvarpsþýðendur hafa einnig fengið sinn fund. Það er af ýmsu að taka fyrir okkur þýðendur. Annað hlutverk bandalagsins, sem er vert er að nefna, er veiting íslensku þýðingarverðlaunanna.“

Margir hafa gjarnan skoðun á þýðingum, sérstaklega sjónvarpsþýðingum. „Já, fólk tekur almennt ekki eftir þýðingum, nema eitthvað sé að. Fólk verður að vita að þýðendur fá misgóðar aðstæður til að vinna sína vinnu. Sem er einmitt eitthvað sem við ræðum á mánaðarlegu fundunum okkar. Segja má að þýðendur séu gjarnan ósýnilegir. En þýðendur vinna mikilvægt starf,“ útskýrir Magnea og heldur áfram: „Hlutverk þýðenda er að viðhalda tungunni, það gætum við ekki gert nema með þýðingum. Við gætum ekki annað því að frumskrifa allt það efni sem berst hingað til lands. Þýðingar eru á öllum sviðum og í gegnum þær endurnýjum



Magnea J. Matthíasdóttir er formaður Bandalags þýðenda og túlka.

við málið. Þýðendur kynna ný hugtök og orð inn í málið. Til dæmis ef eitthvað er að gerast í líftækni úti í heimi, þá er það þýðandans að færa okkur orðin og hugtökin sem notuð eru og koma þeim inn í umræðuna.“

Hátíðardagskráin hefst í Hannesarholti klukkan 16.30 og eru allir velkomnir.

kjartanatli@frettabladid.is

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Guðmundsdóttir**

Vonarlandi við Sogaveg,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ föstudaginn 25. september. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. október kl. 15.

**Guðmundur Ágúst Ingvarsson**
**Júlíus Vífill Ingvarsson**
**Júlía Guðrún Ingvarsdóttir**
**Áslaug Helga Ingvarsdóttir**
**Guðrún Ingvarsdóttir**
**Elísabet Ingvarsdóttir**
**Ingvar Ingvarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Steinunn Jónína Ólafsdóttir**

frá Firði á Seyðisfirði, Giljaseli 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 24. september. Minningarathöfn fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 1. október klukkan 17. Útför fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 3. október klukkan 14. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Haraldur Einar Leifsson** | **Katrín Helgadóttir**
**Sigurbjörg Þóra Leifsdóttir** | **Bjarki Viðarsson**
**Ólafur Þór Leifsson**
**Stefán Jón Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Gísladóttir**

andaðist á elliheimilinu Grund fimmtudaginn 24. september. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. október kl. 13.00.

**Ólafur S. Ástþórsson** | **Ásta Guðmundsdóttir**
**Anna G. Ástþórsdóttir** | **Hallgrímur G. Magnússon**
**Ásta Ástþórsdóttir** | **Gunnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Haraldsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Borgarspítalans þann 26. september. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 2. október kl. 15. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu á deild 3B í Hafnarfirði fyrir hlýja og góða umönnun.

**Edda Rún Sigurðardóttir** | **Högni Gunnarsson**
**Björk Sigurðardóttir**
**Grétar Guðlaugsson** | **Harpa Þorgeirsdóttir**
**Kristín Guðlaugsdóttir** | **Karl Eiríksson**
**Bragi Guðlaugsson** | **Lorea Pallé**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Aðalbjörnsdóttir**

Selási 5, Egilsstöðum,

lést fimmtudaginn 24. september. Útför hennar fer fram frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 10. október kl. 14.

**Una Þóra Steinþórsdóttir** | **Bessi Gíslason**
**Ólafur Steinþórsson** | **Sjöfn Sigbjörnsdóttir**
**Einar Birgir Steinþórsson** | **Rannveig Traustadóttir**
**Aðalsteinn Steinþórsson** | **Birna Stefnisdóttir**
**Magnús Már Steinþórsson** | **Elsa Hartmannsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Hilmar Jón Bragason**

fyrrverandi kennari í Menntaskólanum á Laugarvatni,

lést á sjúkrahúsinu á Ísafirði fimmtudaginn 24. september. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 2. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Óliver Hilmarsson** | **Helga Björt Möller**
**Georg Hilmarsson** | **Fríða Einarsdóttir**
**Claudia Ósk Georgsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Helga Jóhanna Jónsdóttir**

Brákarhlíð í Borgarnesi, áður Böðvarsgötu 4,

lést á heimili sínu mánudaginn 28. september. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Jón Björnsson** | **María Alexandersdóttir**
**Magnús Þórðarson**
**Gunnar L. Þórðarson**
**Hörður Þórðarson** | **Anna María Kristjánsdóttir**
**Þórður Þórðarson** | **Inga Sigurðardóttir**
**Guðrún Hildur Þórðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Ósk Friðriksdóttir**

Bakka, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði laugardaginn 26. september sl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 10. október kl. 14.00.

**Steingrímur Kristinsson**
**Valbjörn Steingrímsson** | **Álfhildur R. Halldórsdóttir**
**Margrét Steingrímsdóttir**
**Kristinn Steingrímsson** | **Elínborg Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Elísabetar Guðjónsdóttur Cortes**

Útförin hefur farið fram frá Fíladelfíu. Guð blessi ykkur öll.

**Halla Björg Cortes** | **Bo Hedström**
**Elísabet Eir Cortes** | **Ingvaldur Þór Sigurjónsson**
**Sif Cortes**
**Sarianna Sif Cortes, David Svensson, Sara Björg Kristjánsdóttir, Sandra Ósk Kristjánsdóttir, Askur Emanúel Sesar Ingvaldsson, Embla Guðrún Elísabet Ingvaldsdóttir og Ossian Tage Ilmari Svensson Cortes.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Guttormur V. Þormar**

Geitagerði í Fljótsdal,

lést á Landspítalanum í Fossvogi, fimmtudaginn 24. september. Útför hans verður gerð frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 3. október kl. 13.

**Ragnheiður Þormar** | **Gunnlaugur Sigurðsson**
**Vigfús Þormar**
**Jóhanna Þormar** | **Hermann Ottósson**
**Skeggi Þormar**
**Stefán Þormar** | **Kristjana V. Jónatansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðaför móður okkar og systur,

**Sigurveigar Knútsdóttur**

myndlistarkonu,

sem andaðist 11. september og var jarðsungin frá Dómkirkjunni 25. september. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 13E á Landspítalanum og líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka alúð.

**Anna Þóra Pétursdóttir**
**Eva Margrét Pétursdóttir**
**Sólveig Knútsdóttir**
**Sæmundur Knútsson**
**Kári Knútsson**
**Steinunn Knútsdóttir**
**Björn Knútsson**




Stórleikir í **Meistaradeild Evrópu** í allan vetur

Berjast **Evrópumeistararnir** við stjörnum prýtt lið **Real Madrid** um titilinn eða verða önnur lið með í baráttunni um **spænska meistaratitilinn?**

**Beinar útsendingar í Enska boltanum, bikarleikirnir** og **Messan** með **Hjörvari Hafliða**

Frábær fótbolti í **Evrópudeildinni**

Sterkustu félagslið heims keppa í **Meistaradeild Evrópu**

Fylgstu með flottustu ökuþórunum í **Formúlunni**

Tröllin takast á í **NFL-deildinni**

Besta **boxið** í beinni útsendingu

**Ítalski boltinn** – Serie A er á **Stöð 2 Sport**

Magnaður körfubolti, beinar útsendingar frá **NBA-deildinni**

Hörkuspennandi leikir í **Domino's-deildinni**

Besta **frjálsíþróttafólk** heims verður í eldlínunni

**Gunnar Nelson** og allar hinar hetjurnar í **UFC**

Beinar útsendingar og úrslitin ráðast í **Pepsi-deildinni**

PIPAR\TBWA • SÍA

Sportpakkinn inniheldur: **Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV, LFC TV og Chelsea** á 13.990 kr. á mán.

# SPENNANDI VETUR Í SPORTINU

SPORT
SPORT 2

Allir finna sér íþróttaviðburði við hæfi á sportstöðvum okkar í vetur. Enski boltinn rúllar í beinni á **Stöð 2 Sport 2** og hliðarrásum á meðan fjölbreytileikinn ræður ríkjum á **Stöð 2 Sport.** Með **Sportpakka 365** tryggirðu þér skemmtilegan og viðburðaríkan íþróttavetur.

Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **10 GB** á **3.990 kr.**

**365.is** | **Sími 1817** 365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur



Í dag tekur stíf suðvestanátt við með skúrum fyrir sunnan og vestan, en úrkomulítið austantil. Hiti 6 til 13 stig.

| | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fimmtudagur | 9° ↗8 | 8° ↗8 | 9° ↗4 | 10° ↑2 | 10° ↗10 | 6° ↗10 |
| Föstudagur | 6° ↗7 | 1° ↙9 | 3° →5 | 5° →10 | 6° ↖1 | 1° ↗7 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hróss
6. fæddi
8. gagn
9. prjónavarningur
11. fingerð líkamshár
12. afspurn
14. fótmál
16. stefna
17. bar
18. útsæði
20. klaki 2
1. þungi

**LÓÐRÉTT**
1. blöðru
3. öfug röð
4. ölvun
5. arinn
7. lúberja
10. stykki
13. struns
15. aflast
16. upphrópun
19. óð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. lofs 6. ól 8. nyt 9. les 11. ló 12. umtal 14. skref 16. út 17. krá 18. fræ 20. ís 21. farg. **LÓÐRÉTT:** 1. bólu 3. on 4. fylleri 5. stó 7. lemstra 10. stk 13. ark 15. fást 16. úff 19. ær.

## Skák Gunnar Björnsson

Rúnar Sigurpálsson (2.273) Skákfélagi Akureyrar, átti leik gegn Guðmundi Kjartanssyni (2.474), Taflfélagi Reykjavíkur, á Íslandsmóti skákfélaga.

**Svartur á leik**

**35. ... Hxg2!** Þessi snaggaralegi leikur gerir út um skákina. Hvítur reyndi **36. Rxa6+** en gafst upp eftir **36. ... Kc8 37. Rb6+ Kb7**. Rúnar stóð sig frábærlega á mótinu og tryggði sér FIDE-meistaratitil með frammistöðunni.

**www.skak.is** Vinaskákfélagið efst í þriðju deild.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 7 | | 9 | 2 |
| 7 | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 6 | | 3 | | | | |
| | 3 | 2 | 1 | | | | | 8 |
| 6 | 4 | | | | 9 | | | |
| 9 | 1 | | 2 | | 3 | | | 4 |
| 2 | 5 | | | | 8 | 3 | | |
| | | 1 | 4 | | | 6 | | |
| 8 | | | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 6 | 7 | | 8 | | 3 |
| 2 | | 6 | | 1 | | | | 7 |
| | 8 | | | 4 | 5 | | 2 | |
| | | 8 | | | 6 | | | 9 |
| 6 | 1 | | | | | 3 | | |
| | | | | 2 | 1 | | 4 | |
| | | 7 | | | 4 | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 4 |
| 3 | 6 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 4 | | | 3 | | 2 |
| | 2 | | 1 | 3 | | 4 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | 7 | 8 | | 4 |
| | | | 8 | 9 | | | 2 | 6 |
| | | 7 | | | | | 5 | |
| | | | | 2 | | | 9 | |
| | 6 | | | 1 | | 2 | | 5 |
| 9 | | | | 5 | | 6 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









„Enginn hefur skrifað jafn spennandi og skemmtilega um meltinguna.“
DIE STERN




YFIR
EIN MILLJÓN
EINTAKA
SELD!

# „ÓVÆNTASTI SMELLUR Í HEIMI“

THE TIMES

Ef við sinnum meltingarveginum af alúð uppskerum við hamingju og vellíðan. En hvernig förum við að því? Þú kemst að því í þessari **stórfróðlegu og skemmtilegu bók** sem farið hefur **sigurför um heiminn!**

VERÖLD




Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **4. október** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**20%** afsláttur

**559** kr. pk.

**Stjörnuegg**
12 vistvæn hvít egg, 816 g
Verð áður 698 kr

# GOTT VERÐ Í BÓNUS!




**198** kr. 500 g

**Barilla Pennette**
Heilhveiti pasta, 500 g




**259** kr. 1 kg

**Barilla Spaghetti**
1 kg




**298** kr. 1 kg

**Barilla Penne Rigate**
1 kg




**298** kr. 1 kg

**Barilla Fusilli**
1 kg




**20%** meira magn

**539** kr. 1,2 l

**ISIO 4 Matarolía,** 1,2 l
20% meira magn




**398** kr. 340 g

**Sollu Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g




**1.979** kr. stk.

**Himneskt - AÐ NJÓTA**
Uppskriftabók full af fróðleik
frá mæðgunun Sollu Eiríks og Hildi




**2.798** kr. 1 kg

**Nóa Konfekt,** 1 kg




**1.998** kr. 1,3 kg

**Mackintosh Konfekt,** 1,3 kg




**359** kr. 200 g

**Toblerone,** 200 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| EVEREST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| EVEREST 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 6 |
| KNOCK KNOCK | KL. 10:45 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 - 10:40 |
| VACATION | KL. 8 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:10 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL | KL. 6 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 8 |
| EVEREST 3D | KL. 8 - 10:40 |
| SICARIO | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| EVEREST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| HÓTEL TRANSYLVANÍA 2 ÍSLTAL 2D | KL. 5:20 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:15 |
| VACATION | KL. 5:45 - 8 - 10:35 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| PAWN SACRIFICE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LOVE & MERCY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE INTERN | KL. 8 - 10:30 |
| PAWN SACRIFICE | KL. 8 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EVEREST 3D | 5:30, 8, 10:30 |
| SICARIO | 8, 10:30 (P) |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ÍSL | 6 |
| HÓTEL TRANSYLV. 2D ENS | 6 (ótextuð) |
| MAZE RUNNER | 8 |
| NO ESCAPE | 10:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 30. SEPTEMBER

### Uppákomur

**Hvað?** Konur þýða
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Alþjóðlegum degi þýðenda, Híerónýmusardeginum er fagnað af Bandalagi þýðenda og túlka og er dagskráin helguð þýðingum kvenna. Fjallað verður um þýðingar út frá ýmsum hliðum og stuttir upplestrar úr nýjum og gömlum þýðingum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Sögustund fyrir yngstu börnin
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness, Eiðistorgi 11
Sagan Elmar og illfyglið eftir David Mckee verður lesin.

### Hátíðir

**Hvað?** The Kissinger Twins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Listatvíeykið The Kissinger Twins verður með þátttökukvikmyndasýningu og meistaraspjall. Viðburðurinn er hluti af RIFF. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Pólskar hreyfimyndir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Hamraborg 4
Wojtek Wawszczyk og Zofia Scislowska frá pólsku hreyfimyndasamtökunum sýna fjórar myndir og kynna verk á sviði hreyfimynda og tæknibrellna. Viðburðurinn er hluti af RIFF. Aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**Hvað?** Bubbi Morthens
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Hafnarfirði, Linnetsstíg 6
Bubbi leikur nýtt efni af plötu, sem er væntanleg innan fárra vikna, í bland við eldra efni. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Sigríður Thorlacius syngur lög eftir Tómas R. Einarsson
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Háskólatorg, Sæmundargötu 2
Söngkonan Sigríður Thorlacius syngur lög eftir bassaleikarann og tónskáldið Tómas R. Einarsson. Á tónleikunum munu þau Sigríður, Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Tómas flytja sex sönglög. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



**Hvað?** Bjarni Þór og félagar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg, Klapparstíg 27
Söngvarinn og lagasmiðurinn Bjarni Þór flytur frumsamin lög í bland við annað efni. Sérstakir gestir verða Gummi Jóns og söngkvartettinn Strandamenn. Tónleikagestir ráða sjálfir miðaverðinu.

**Hvað?** Menchen am Sonntag Improvisation #4
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Dúettinn múm leikur raftóna við þýsku kvikmyndina Menschen am Sonntag frá 1930 og stígur dj flugvél og geimskip á svið með þeim. Tónleikarnir eru þeir fjórðu í röðinni þar sem þeir Gunnar Tynes og Örvar Smárason spila nýja raftóna við myndina og munu þeir að leiðarlokum vera búnir að skapa nýja tónlist við myndina og sérstakan hljóðheim. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Tríóið Bót
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Tríóið leikur lög eftir Jón Múla í bland við annað íslenskt efni. Meðlimir eru þeir Tómas Jónsson á píanó, Birgir Steinn Theodórsson kontrabassaleikari og Óskar Kjartansson á trommur. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Dj Anna Rakel
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Big Lebowski, Laugavegi 20a

**Hvað?** Dj Sunna Ben
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum

**Hvað?** Dj Sveinn Rúnarsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegur 22


Goddur flytur fyrirlestur í Listaháskóla Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

**Hvað?** Trúbadorinn Siggi Þorbergs
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar, Austurstræti 8

**Hvað?** Trúbadorarnir Magnús og Ívar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Austurstræti 12

### Leiklist

**Hvað?** 4:48 Psychosis
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Kúlan, Þjóðleikhúsið
Verk eftir leikskáldið Söruh Kane. Framleiðandi er Edda Björg Eyjólfsdóttir. Miðaverð er 4.950 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Kínversk menningar- og kungfusýning
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háskólabíó, Hagatorg
Menningarsýning í anddyri bíósins þar sem boðið verður upp á ljósmyndasýningu, bækur og kínverskan mat. Einnig verður sýning á klæðnaði þjóðarbrota Kína. Klukkan 20.00 hefst kungfu- og tónlistarsýning. Kungfusýningin er frá Shaolin-klaustrinu. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Gosvirkni í íslenskri kvennabaráttu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41
Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir flytur fyrirlestur í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Fyrirlesturinn er liður í að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Sigríður Dúna setur fram þá kenningu að skoða megi íslenska kvennabaráttu út frá lögmálum gosvirkni og rekur sögu baráttunnar frá upphafi og veltir fyrir sér hvort nú megi enn greina gosóróa meðal íslenskra kvenna og hvort komið sé að nýju gosi eða það jafnvel hafið. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.


Sigríður Dúna flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag.

**Hvað?** Sneiðmynd
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti 11
Goddur fjallar um þróun hönnunarkennslu undanfarin 20 ár. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af sextugsafmæli Godds og er opnunarfyrirlestur Sneiðmyndar, fyrirlestraraðar hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands. Goddur fer yfir kennsluferil sinn og ræðir heimspeki hönnunar, aðferðafræði og tæknilegar byltingar. Allir velkomnir.

**Hvað?** Sögur af orðum - Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Katrín Axelsdóttir segir frá bók sinni Sögur af orðum sem kom út á síðasta ári. Bókin fjallar um beygingarþróun nokkurra fallorða sem eiga það sameiginlegt að hafa tekið miklum breytingum frá elsta skeiði. Fyrirlesturinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis.


FUDGE Mættu og taktu númer
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010



Reykjavík International Film Festival
RÚV · Reykjavík Excursions · DHL · Norræna húsið · Creative Europe



5 DAGAR EFTIR AF HÁTÍÐINNI!
RIFF
ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
24.09.2015–04.10.2015
MIÐASALA OG DAGSKRÁ Á RIFF.IS

# Beilaði á geislafræði fyrir brimbretti á Balí

„Þetta skaltu gera Apríl, þú þarft að flytja til Balí.“ Mér brá, hafði aldrei hugsað út í það en einhvern veginn sá hún bara að það væri það rétta fyrir mig, segir Apríl Harpa sem ákvað að láta lífið ekki bíða þar til seinna.



„Ég er orðin rosalega flink í að gera ekki neitt,“ segir Apríl Harpa og skellir upp úr. Hún segist þó dugleg við að lesa skólabækurnar, og missir ekki af sólsetursbjórnum með vinunum.

**EN ÉG GET EKKI ANNAÐ SAGT EN ÞAÐ VAR VIRKILEGA ERFITT Í FYRSTU. ÉG UPPLIFÐI MIG ALGJÖRLEGA EINA OG HUGSAÐI MEÐ MÉR AÐ ÉG VÆRI KLÁRLEGA AÐ GERA EINHVERJA VITLEYSU.**

Apríl Harpa Smáradóttir venti kvæði sínu í kross þegar hún stóð frammi fyrir að velja sér grein í háskólanum. Í stað þess að ganga um ranghala skólasvæðisins og taka þannig þátt í lífsgæðakapphlaupinu líkt og tíðkast á Vesturlöndum, sprangar Apríl um strendur Balí, brunar um á brimbretti og eyðir tímanum í jóga. Í stuttu máli er Apríl Harpa að gera akkúrat það sem skuggalega marga Íslendinga dreymir um á haustmánuðum þegar haustgolan bítur fastar og fastar.



„Ég stóð á tímamótum í lífi mínu þar sem ég var að velja mér háskólanám. Ég valdi geislafræði, enda gott nám sem myndi líklegast koma mér á góðan stað í lífinu. En þessi ákvörðun gerði mig á sama tíma svo hryllilega óhamingjusama og eftir langa umhugsun varð mér ljóst að þetta væri braut mjög fjarri mínum raunverulegu draumum,“ útskýrir Apríl Harpa og bendir á að á þessum tíma hafi hún hitt konu, sem hún hafði aldrei hitt áður sem hafði sagt við hana að hún þyrfti nauðsynlega að komast til Balí. „Ég hafði aldrei hitt þessa konu, Guðbjörgu Ósk, og hún bara horfði á mig og sagði: „Þetta skaltu gera Apríl, þú þarft að flytja til Balí.“ Mér brá, hafði aldrei hugsað út í það en einhvern veginn sá hún það bara að það væri það rétta fyrir mig. Ég var komin út einum og hálfum mánuði seinna, og vissi nákvæmlega ekkert um þennan stað. Vissi ekki einu sinni að ég væri í Indónesíu fyrr en eftir um þrjár vikur.“



Apríl Harpa Smáradóttir

Án þess svo mikið sem gúgla svæðið, stökk okkar kona af stað, lokaði augunum og fór upp í flugvél. „En ég get ekki annað sagt en það var virkilega erfitt í fyrstu. Ég upplifði mig algjörlega eina og hugsaði með mér að ég væri klárlega að gera einhverja vitleysu. Fyrsta mánuðinn langaði mig strax aftur heim. En ég minnti þá bara sjálfa mig á það hvers vegna ég var þarna og áður en ég vissi af byrjaði ég að falla fyrir eyjunni. Einmanaleikinn og óttinn var bara ógnun við þægindahringinn, sem var nákvæmlega það sem ég var að leita eftir,“ segir Apríl, sem segist ekki sjá eftir að hafa stokkið út í óvissuna, en samhliða ævintýraleitinni hefur Apríl verið í fjarnámi í mannfræði við HÍ. „Ég reikna svo með að Suður-Afríka verði fyrir valinu næst, ég gæti hugsað mér að skrifa lokaritgerðina mína þar,“ segir Apríl Harpa hvergi nálægt því að hrista af sér ferðabakteríuna. „Lífið er einfaldlega of stutt til þess að fylgja draumunum sínum seinna.“ **– ga**





Norðurbraut 15 · 220 Hfj
Fallegt hús á tveimur hæðum sem skiptist í dag í þrjár íbúðir. Góðir útleigumöguleikar.
Íbúð e.h. 111,5,fm íbúðir á n.h. 60fm og 30fm
OPIÐ HÚS SUN 4. OKT KL 14:00-14:30
Uppl. veitir Árni í síma 899-8899




Galtalind 19 · 201 Kóp
Falleg 5 herbergja, 133fm íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi í hinu sívinsæla Lindarhverfi í Kópavoginum. Laus strax
OPIÐ HÚS SUN 4. OKT KL 15:00-15:30
Uppl. veitir Árni í síma 899-8899




Rauðás 16 · 110 Rvk
Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í snyrtilegu fjölbýlishúsi í Árbænum. Efri hæðin er að stórum hluta undir súð of fm því fleiri.
Frábær fjölskyldueign
Uppl. veitir Anna í síma 787-7800




Álfkonuhvarf 45 · 203 Kóp
Rúmgóð og björt 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi í Álfkonuhvarfi. Vel skipulögð íbúð í grónu hverfi.
OPIÐ HÚS MIÐ 30. SEP KL 17:30-18:00
Uppl. veitir Einar Karl í 895-8525




Ný raðhús að Þingvaði 61- 81 · 110 Rvk
Stærð húsa 205 - 225 fm
Verð frá 63,4m til 65,9m
OPIÐ HÚS MIÐ 30. SEP KL 17:30-18:30
5 - 7 herbergja · Hönnuð af Rut Kára · Leikvöllur á sameiginlegri lóð
Stutt í náttúruperlur og útivistarsvæði
Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 820- 0303




Sandavað 3 · 110 Rvk
Glæsileg og vel staðsett 3ja herbergja íbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er á jarðhæð og með hellulagðri verönd.
OPIÐ HÚS FIM 1. OKT KL 17:30-18:00
Uppl. veitir Einar Karl í 895-8525




Þórufell 8 · 111 Rvk
Frábær 3ja herbergja íbúð í nýlega endurnýjuðu fjölbýli í Þórufelli. Björt og vel skipulögð. Tilvalin sem fyrstu kaup.
Frábær fyrstu kaup!
Uppl. veitir Lárus í síma 823-5050

DRAUMAHÚS

414-4466 · www. draumahus.is · draumahus@draumahus.is · Lárus Óskarsson, löggiltur fasteigna- fyrirtækja og skipasali




2 | 22:05
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending á glæp sem þarf að leysa. Hörkuspennandi þáttaröð!

FRÁBÆR
MIÐVIKUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




2 | 21:20
**GREY'S ANATOMY**
Glæný þáttaröð um ungu og efnilegu læknana á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi. Bráðskemmtilegir þættir!

2 | 20:10
**LÝÐVELDIÐ**
Ferskur íslenskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum til dæmis um stefnumótamenningu landsins.




| 22:00
**NOW YOU SEE ME**
Mögnuð mynd um hóp eitursnjallra töframanna sem fremja bankarán í miðri sýningu og dreifa ránsfengnum til áhorfenda.



3 | 20:15
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í flugvélum og aðrar uppákomur í háloftunum.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Big Time Rush
08.05 The Middle
08.30 The Crazy Ones
08.55 Mom
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Spurningabomban
10.25 Doctors
11.10 Höfðingjar heim að sækja
11.30 Heimsókn
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Nashville
13.45 Nashville
14.35 White Collar
15.20 **Restaurant Startup** Önnur sería þessara skemmtilegu og spennandi raunveruleikaþátta í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tims Love.
16.05 Big Time Rush
16.30 Up All Night
16.55 Raising Hope
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.20 Víkingalottó
19.25 The Middle
19.50 Mindy Project
20.15 **Lýðveldið** Lýðveldið er nýr og ferskur skemmtiþáttur þar sem þekktir einstaklingar gefa álit og ráð í ýmsum málum.
20.40 Covert Affairs
21.20 Grey's Anatomy
22.05 Blindspot
22.50 Major Crimes
23.35 Real Time with Bill Maher
00.35 NCIS
01.20 Lucan
02.30 Death Row Stories
03.15 Won't Back Down
05.15 The Confession

## SPORT

08.00 Meistaradeildarkvöld
08.30 Meistaradeildarkvöld
09.00 Meistaradeildarkvöld
09.30 Barcelona - Bayer Leverkusen
11.15 Bayern Mün. - GNK Dinamo
13.00 Porto - Chelsea
14.45 Arsenal - Olympiakos
16.30 Meistaradeildarkvöld
17.00 Pepsímörkin
18.30 Man. Utd. - Wolfsburg BEINT
20.45 Meistaradeildarkvöld
21.30 Malmö - Real Madrid
23.20 Shakhtar Donetsk - PSG
01.10 Ítölsku mörkin

## SPORT 2

11.00 Messan
12.15 Newcastle - Chelsea
14.00 Premier League World
14.30 Football League Show
15.00 Stoke - Bournemouth
16.50 Premier League Review
17.45 Leicester - Arsenal
19.30 West Ham - Norwich
21.15 Fulham - QPR
23.00 Watford - Crystal Palace
00.40 FH - Fjölnir

## GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour
13.30 Golfing World
14.20 PGA Tour
17.05 PGA Tour - Highlights
18.00 Golfing World
18.50 Champions Tour Highlights
19.45 This Is the Presidents Cup
20.10 Golfing World
21.00 Champions Tour Highlights
21.55 PGA Tour

## STÖÐ 3

17.55 Hart of Dixie
18.40 Baby Daddy
19.05 Last Man Standing
19.30 50 Ways to Kill Your Mammy
20.15 Mayday. Disasters
21.00 The Last Ship
21.45 The Originals
22.30 The Last Man on Earth
23.15 Supernatural
00.00 Baby Daddy
00.20 Last Man Standing
00.45 50 Ways to Kill Your Mammy
01.30 Mayday. Disasters
02.15 The Last Ship
02.55 The Originals
03.40 The Last Man on Earth
04.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

Könnuðurinn Dóra, 10.00, 14.00 og 18.00



07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Tom and Jerry
07.55 UKI
08.00 Brunabílarnir
08.22 Lukku-Láki
08.47 Elías
09.00 Kalli á þakinu
09.25 Latibær
09.47 Stóri og Litli
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Sumardalsmyllan
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.45 Tom and Jerry
11.55 UKI
12.00 Brunabílarnir
12.22 Lukku-Láki
12.47 Elías
13.00 Kalli á þakinu
13.25 Latibær
13.47 Stóri og Litli
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Doddi litli og Eyrnastór
14.55 Sumardalsmyllan
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.45 Tom and Jerry
15.55 UKI
16.00 Brunabílarnir
16.22 Lukku-Láki
16.47 Elías
17.00 Kalli á þakinu
17.25 Latibær
17.47 Stóri og Litli
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Sumardalsmyllan
19.00 Turbo

## GULLSTÖÐIN

17.25 Strákarnir
17.55 Selfie
18.20 Friends
18.45 The New Girl
19.10 Modern Family
19.30 Tekinn
20.00 Beint frá býli
20.45 Chuck
21.30 Cold Case
22.15 Cold Feet
23.05 **Tekinn** Brot af því besta og Auddi fær Unni Birnu til liðs við sig þegar hann hrekkir sjálfan Hemma Gunn.
23.35 Beint frá býli
00.15 Chuck
01.00 Cold Case
01.45 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

09.25 Angels & Demons
11.40 Nine
13.35 Life of Pi
15.40 Angels & Demons
18.00 **Nine** Rómantísk mynd eftir Federico Fellini þar sem söngurinn er í fyrirrúmi með Kate Hudson, Nicole Kidman, Penélope Cruz og Daniel Day Lewis.
19.55 Life of Pi
22.00 **Now You See Me** Mögnuð mynd frá 2013 með Jesse Eisenberg, Mark Ruffalo, Woody Harrelson, Isla Fisher, Morgan Freeman og Michael Caine í aðalhlutverkum. Hópur eitursnjallra töframanna fremur magnað bankarán í miðri sýningu og dreifir ránsfengnum til áhorfenda. Alríkislögreglumanninum Dylan Hobbs er falið að rannsaka málið en hann rekur sig strax á veggi því honum er gjörsamlega ómögulegt að skilja, og því síður sanna, hvernig fjórmenningarnir sem staddir voru í Las Vegas og fyrir allra augum gætu hafa framið bankarán á sama tíma í annarri heimsálfu. En hér er auðvitað ekki allt sem sýnist.
23.55 Prosecuting Casey Anthony
01.25 The Call
03.00 Now You See Me

## RÚV

16.05 Frú Biggs
16.50 Landinn
17.20 Disneystundin
17.21 Finnbogi og Felix
17.43 Sígildar teiknimyndir
17.50 Gló magnaða
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Rétt viðbrögð í skyndihjálp
18.30 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Tónahlaup
20.45 Höfuðstöðvarnar
21.15 Innsæi
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 McCann og svikarinn
23.05 Skuggaleikur
23.50 Kastljós
00.20 Fréttir

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Biggest Loser
09.45 The Biggest Loser
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.30 Cheers
13.55 Dr. Phil
14.35 Black-ish
15.00 Reign
15.45 America's Next Top Model
16.25 Solsidan
16.45 Life in Pieces
17.05 Royal Pains
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Late Late Show
19.50 Odd Mom Out
20.15 America's Next Top Model
21.00 Girlfriends' Guide to Divorce
21.45 Quantico
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Madam Secretary
00.35 Extant
01.20 Extant
02.05 Girlfriends' Guide to Divorce
02.50 Quantico
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show
04.55 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

# Casino DAGAR

# Teningakast ræður afslættinum!

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM !

**Komdu og freistaðu gæfunnar**

**OKKAR LÁGA VERÐ + ALLT AÐ 18% AUKA AFSLÁTTUR**

## Þín heppni stjórnar afslættinum !

Þegar búið er að stimpla inn vörurnar færðu að kasta þremur teningum á Casino borðinu okkar. Samtalan sem kemur upp er afslátturinn þinn og getur verið frá 3-18% af öllu !

⚅ + ⚅ + ⚅ = 18% afsláttur

Ef þú færð tvo eins færðu Trítla tvennu frá Nóa Síríus til viðbótar.




Ef þú færð þrjá eins áttu möguleika á því að fá allt sem þú keyptir endurgreitt. 2. október drögum við út einn heppinn viðskiptavin sem fær allt sem hann keypti greitt til baka !

*Aðeins eitt kast á mann. Afsláttur reiknast frá fullu verði.*

**Síðasti dagurinn í dag !**




tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 |

Hársnyrtir óskast í 100 % starf.
Upplýsingar í síma 699-0979
CARTER hársnyrtistofa
Fjarðagata 13-15 Fjörður verslunarmiðstöð - 220 Hafnarfjörður

GOLD heilsurúm
Komdu og upplifðu þægindin!





Frábært verð!
GAFL SELDUR SÉR
Charlotte Julien
Dream your world™

| Tegund | Stærð | Verð dýnu aðeins | Verð dýnu og Classic-botni aðeins |
|---|---|---|---|
| GoldMattress | 100x200 | 69.900 kr. | 104.900 kr. |
| GoldMattress | 120x200 | 79.900 kr. | 119.900 kr. |
| GoldMattress | 140x200 | 89.900 kr. | 139.900 kr. |
| GoldMattress | 160x200 | 99.900 kr. | 152.900 kr. |
| GoldMattress | 180x200 | 109.900 kr. | 164.900 kr. |

C&J Gold heilsudýna
- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.

www.betrabak.is
Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi




Hér má sjá verk eftir vegglistamanninn Vankpetrol með vísun í hljómsveitina Gusgus. MYND/NIKAKRAMER

# Vígaleg vegglistaverk spretta upp um borgina

Víða um borgina spretta upp litrík vegglistaverk sem eru hluti af samstarfsverkefni Iceland Airwaves og Urban Nation Berlín.

Iceland Airwaves-hátíðin nálgast nú óðfluga og vinna listamenn frá samtökunum Urban Nation Berlin nú hörðum höndum að því að koma upp vegglistaverkum sem prýða munu veggi í miðbænum. Verkin eru samstarfsverkefni tónlistarhátíðarinnar og samtakanna og bera yfirskriftina Wall Poetry 2015.

Samtökin vinna með „street“-listamönnum um allan heim og munu þau árið 2017 opna fyrsta „urban-art“ safnið í heiminum. Safnið, sem verður til húsa í Berlín, verður á sex hæðum og þar verða vinnustofur tónlistar- og listamanna, sýningarrými auk íbúða fyrir listamenn. Framkvæmdastjóri samtakanna, Yasha Young, gaf sig á tal við stjórnendur Iceland Airwaves í fyrra og lagði verkefnið til.

„Hún kom á Airwaves í fyrra, bað um fund með mér og við töluðum saman. Hún lagði þetta verkefni fyrir og ég hélt að hún væri bara dálítið brjáluð,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, og hlær.

Fljótlega kom í ljós að talsvert væri varið í verkefnið og hefur undirbúningur fyrir vegglistaverkin staðið yfir í um ár og mun menningarmálastjóri Berlínar meðal annars koma hingað til lands í tengslum við verkefnið og hitta borgaryfirvöld.

Markmið verkefnisins er að sameina listform og listamenn víðsvegar að úr heiminum og notuðu vegglistamennirnir orð, ljóð eða texta frá tónlistarmönnum sem koma fram á hátíðinni sem innblástur fyrir verk sín.

Verkin eru meðal annars á Gamla bíói og Sjávarútvegshúsinu á Skúlagötu. „Það sem er líka skemmtilegt og athyglisvert við þetta er hvað við áttum auðvelt með að fá samþykki frá stöðum eins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á Skúlagötu. Það var bara lítið mál og allir tóku okkur rosalega vel. Einu vandræðin voru sá veggur sem við héldum að við myndum eiga í minnstum vandræðum með, á Listaháskólanum á Sölvhólsgötu,“ segir Grímur og bætir við að það hafi vakið undrun aðstandenda verkefnisins enda um þekkta vegglistamenn að ræða og lítið mál að mála einfaldlega yfir verkin eftir að tónlistarhátíðinni lýkur.

Vegglistamennirnir hafa sjö til fjórtán daga til þess að ljúka við verkin og hófst vinnan um miðja síðustu viku og eru mörg verkanna farin að taka á sig ansi sterka mynd og því tilvalið að taka góðan göngutúr um miðborgina og berja listina augum.

„Það sem maður á náttúrulega að gera er að ná í þessa tónlist, búa til play-lista og hlusta á tónlistina á meðan maður horfir á verkið. Þetta er ágætis göngutúr, aðeins út á Granda en ekki mikið lengra en það. Tilvalinn sunnudagslabbitúr með tíu laga play-lista,“ segir Grímur glaður í bragði.

Iceland Airwaves-hátíðin er nú haldin í 17. sinn og segir Grímur aðstandendur að vonum spennta fyrir herlegheitunum en hátíðin hefst þann 4. nóvember næstkomandi. Mánuður er síðan dagskránni var lokað og segir hann undirbúning þegar hafinn fyrir næstu hátíð. **gydaloa@frettabladid.is**

## Hvar má sjá vegglistaverkin?

- **Gamla bíó (aftan á), Ingólfsstræti 2a**
  Li Hill + John Grant
- **Grandi, Hólmaslóð 2**
  Telmomiel + Mercury Rev
- **Grandi, Grandagarði 16**
  Tankpetrol + Gusgus
- **Smekkleysuhúsið, Laugavegur 34**
  Elle + Úlfur Úlfur
- **Samhjálparskotið, Hverfisgata**
  Ernest Zacharevic + Dikta
- **Nasa, Austurvöllur**
  Ugly Brothers + Gísli Pálmi
- **Vesturgata 17**
  DEIH XLF + Vök
- **Laugavegur/Klapparstígur (Hornhúsið)**
  Caratoes s + Ylja
- **Sjávarútvegshúsið Skúlagata 4**
  Evoca1 - Saun & Starr

**EINU VANDRÆÐIN VORU SÁ VEGGUR SEM VIÐ HÉLDUM AÐ VIÐ MYNDUM EIGA Í MINNSTUM VANDRÆÐUM MEÐ, Á LISTAHÁSKÓLANUM Á SÖLVHÓLSGÖTU.**

Grímur Atlason,
framkvæmdastjóri Iceland Airwaves



Verk eftir DEIH XLF á Vesturgötu upp úr laginu Waterfalls með hljómsveitinni Vök. MYND/NIKAKRAMER

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*






# Himneskt

– AÐ NJÓTA –

Í þessari fallegu bók deila mæðgurnar Solla Eiríks og Hildur himneskum uppskriftum af hjartans ástríðu. Fjölskyldumáltíðir, nesti, veisluréttir og dásamlegir desertar eru meðal þess sem finna má í bókinni.




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**

Hildar Sverrisdóttur



## Að virða mörkin

Þingmaður Framsóknarflokks ætlar að leggja fram þingsályktunartillögu um að gúmmíkurl á fótboltavöllum verði fjarlægt. Ekki veit ég hvernig sú tillaga mun hljóma en hún mun eflaust fela í sér íhlutun gagnvart sveitarfélögum sem hafa með höndum þetta verkefni og er greinilega ekki treyst til að taka ákvörðun um málið á sínum vettvangi. Þetta er kannski eitthvað sem er kennt í Framsókn. Annar þingmaður flokksins hafði forgöngu um daður við að taka til sín skipulagsvald flugvallarins sem ískyggilega margir úr öðrum flokkum voru tilbúnir að skoða. Það er því kannski ekki að undra að forsætisráðherra vilji sölsa undir sig ekki síðra skipulagsvald sveitarfélaga með því að ætla að taka sér úrslitavald um allt sem eigi að friða, mögulega þvert á skipulagsáætlanir.

Sveitarfélögin hafa goldið varhug við þessari þróun og þá ekki síst borgarstjórn sem er uggandi yfir slíku inngripi í vald sitt yfir skipulagi borgarinnar. Það er því í besta falli óheppilegt að borgarstjórn skuli hafa gerst sek um það sama með því að samþykkja vanhugsaða tillögu þar sem átti eins og hún stóð að reyna að fara inn á verksvið ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum, þvert á stefnu og diplómatíu landsins.

Það er engin ástæða til að halda annað en að öllum viðkomandi gangi gott eitt til, þeim finnist að málin séu ekki nógu vel afgreidd og því verði að bregðast við. Það er bara þetta tæknilega smáatriði; þeir voru alls ekki kosnir til að sinna þessum málum. Og burtséð frá öllum misalvarlegum öngum öðrum á þessum málum er í öllu falli of bratt að gera svo lítið úr vilja kjósenda og lögbundnu hlutverki valdhafa að ætla með góðan hug og kokhreysti að vopni inn á valdsvið sem aðrir voru kosnir til að sinna og bera svo pólitíska ábyrgð á. Hættiðessu.








